



FRÉTTABLAÐIÐ

FRÍTT

18. mars 2007 – 78. tölublað – 7. árgangur

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI

Sími: 550 5000

SUNNUGAGUR

Gamall draugur vaknar

Ástir og örlög frelsara mannkyns enn til umræðu.

ÚTTEKT 18



Goðin frá Írlandi

Guðni Rúnar fjallar um guð og U2.

TÍMAMÓT 10



Tímamót í íslenskrí tónlistarsögu

Óttar Felix Hauksson er maðurinn á bak við strandhögg KK og Magnúsar Eiríkssonar í Kína.

VIÐTAL 20




Keflvíkingar í sumarfrí

Körfuboltið Keflavíkur vann ekki leik í úrslitakeppninni og er úr leik. Snæfell er komið í undanúrslit en KR og ÍR þurfa að leika oddaleik.

ÍÞRÓTTIR 28



VEÐRIÐ Í DAG



STÍF NORÐANÁTT Í dag verður norðan strekkingur en allhvasst eða hvasst austan til. Eljagangur á norðurhluta landsins en bjart veður syðra. Frost 0-8 stig mildast suðaustan til.

VEÐUR 4

Þýðingarmestu lög sem þetta þing hefur samþykkt

Alþingi samþykkti í gær að afnema fyrningarfrest alvarlegustu kynferðisbrota gegn börnum. Varaformaður Samfylkingarinnar segir gærdaginn dag réttlætis. Fjöldi frumvarpa varð að lögum á lokadegi Alþingis.

STJÓRNMÁL Alvarlegustu kynferðisbrot gegn börnum fyrnast ekki, samkvæmt ákvörðun Alþingis í gær. Til alvarlegustu brota telst kynferðisleg misnotkun í formi samræðis eða annarra kynferðismaka við börn undir átján ára. Þá var skilgreining hugtaksins nauðgun rýmkuð.

„Þetta er dagur réttlætis,“ sagði Ágúst Ólafur Ágústsson, varaformaður Samfylkingarinnar, sem fyrir tæpum fjórum árum lagði fram frumvarp um afnám fyrningarfrests kynferðisbrota gegn

börnum. „Ég held að þetta séu ein þýðingarmestu lög sem þetta þing hefur samþykkt því hér er um að ræða mikilvægustu hagsmuni hvers einstaklings; eigin heilsu og réttinn til að ná fram sínum rétti.“ Kvaðst Ágúst Ólafur enn fremur stoltur af þjóðþinginu og þeirri þverpólítísku samstöðu sem náðist um málið.

Þegar þingfundur hófst klukkan hálf tíu í gærmorgun var enn óvíst hvenær unnt yrði að ljúka þingstörfum því ekki ríkti nauðsynleg samstaða um meðferð nokkurra

mála. Á endanum skýrðust línur og þingheimur hófst handa við afgreiðslu mála. Hún gekk þó treglega þar sem mörgum lá ýmislegt á hjarta og vildu koma skoðunum sínum á framfæri í umræðum og atkvæðagreiðslum.

Í dögum stóðu vonir til að hægt yrði að fresta þingi í björtu en þingfundur stóð enn þegar Fréttablaðið fór í prentun. Gældu menn þá við að geta lokið störfum um miðnætti.

Meðal mála sem voru samþykkt í gær eða til stóð að samþykkja eru

lög um losun gróðurhúsalofttegunda, viðurlög við brotum á fjármálamarkaði, breytingar á þingsköpum, sameiningu Kennaraháskóla Íslands og Háskóla Íslands og Vatnajökulsþjóðgarð. Sama gildir um þingsályktanir um vegaaætlun til ársins 2010 og að þjóðfáninn skuli vera í þingsalnum.

Meðal mála sem fram komu í þinginu í vetur en hlutu ekki samþykki voru fjölmiðlalög, lög um stofnfrumrannsóknir, lög um váttryggingasamninga og samgönguáætlun til ársins 2018. - bps / sjá síðu 4



HVAR ERUM VIÐ? Snjócoma gær dagsins kom ferðamönnum á óvart ásamt fleirum, en snjór féll skyndilega í nær öllum hlutum landsins. Ferðamennirnir á myndinni létu veðrið þó ekki á sig fá og héldu skoðunarferð sinni ótrauðir áfram, með kortið að vopni. Búist er við eljagangi og snjókomu víða um land í dag, en léttá til sunnanlands.

FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Starfsmenn á Kárahnjúkum eru orðnir þreyttir á vondum veðrum:

Snjóþungt á Kárahnjúkum

KÁRAHNJÚKAR Veturinn í vetur hefur verið sá snjóþungsti á Kárahnjúkum frá því framkvæmdir þar hófust haustið 2003. Þetta er mat Odds Friðrikssonar sem hefur verið aðaltrúnaðarmaður á Kárahnjúkum frá upphafi framkvæmda.

„Hér hafa verið vond veður síðustu vikur og það hefur verið langt á milli fallegra daga. Það skrefur að húsunum og við höfum þurft að grafa frá þeim. Menn eru orðnir þreyttir á þessu,“ segir hann.

Trausti Jónsson veðurfræðingur segir að þetta geti vel verið rétt. Veðurstofan hafi engar snjósmælingar á Kárahnjúkum en ekki sé ólíklegt að veturinn hafi verið mjög snjóþungur því að Kárahnjúkar séu svo hátt yfir sjávarmáli og veturinn hafi verið einna kaldastur frá því framkvæmdir hófust. Því sé trúlega meiri snjór.

„Að visu kom slæmt hríðarveður fyrir að minnsta kosti þremur árum en það hefur sjálfsagt enst stutt. Veturinn hefur verið kald-

ari nú en hann hefur verið í fimm ár en síðustu vetur hafa verið óvenjulegir að því leyti að þeir hafa verið hlýrrir en yfirleitt,“ segir Trausti.

Trausti segir að almennt hafi verið lítil snjór á landinu í vetur nema í hálfan mánuð í janúar. Hvít jörð sé víða en snjódypt innan við tíu sentimetrar nema á Vestfjörðum og á heiðum á Norðurlandi. Hann segir að kuldakast sé ríkjandi nú um helgina en veður muni fara hlýnandi í vikunni. - ghs

Átröskun alvarlegt vandamál: Mæður í megrun á fæðingardeild

HEILSA „Ég tel að aukningin hjá átröskunarsjúklingum sé mest meðal nýbakaðra mæðra,“ segir Alma Geirdal, framkvæmdastjóri



ALMA GEIRDAL

og ráðgjafi Forma, samtaka átröskunarsjúklinga. „Það eru gerðar miklar kröfur um að konur geti farið í gömlu gallabuxunum af fæðingardeildinni,“ segir Alma og bætir við að hún fái sting í hjartað þegar hún sjái auglýsingar sem beinast að konum sem eru nýbúnaðar eignast barn.

Alma segir ekki lengur hægt að þegja yfir því hversu illa er staðið að málum átröskunarsjúklinga innan heilbrigðiskerfisins. „Nú er svo komið að það er þörf á því að fara af stað með sér hópa fyrir nýbakaðar mæður sem þjáast af átröskun.“ - sps / - kdk / sjá síðu 16

AF HVERJU EKKI KYNLIÐ ZERO FORLEIK?

Coca-Cola zero

EKTA BRAGD OG EFTIR STUKUR

OPIÐ Í DAG FRÁ KL. 13-18

VELKOMIN Í ÓVENJULEGA VERSLUN!

ORMSSON

ÓTÚLEGA SKEMMTILEGT VÖRUÚRVAL VÖNDUÐ VARA – HAGSTÆÐ VERÐ SMARALIND

Kringlu 20-50% kast

AFSLÁTTUR AF NÝJUM VÖRUM

Opið 13-17 í dag LOKADAGUR!

Kringlan

SPURNING DAGSINS



Gunnlaug, öskraði leikstjórninn „kött!“?

„Mjá.“

Stjórnuksinn Muri hefur komið víða við í skemmtanabransanum og meðal annars leikið í tónlistarmyndbandi Bjarkar sem Spike Jonze leikstýrði. Gunnlaug Þorvaldsdóttir er umboðsmaður Mura.

Norðmenn meðal þeirra fyrstu sem viðurkenna nýja ríkisstjórn Palestínu:

Ísraelar hafna nýrri Palestínustjórn

JERUSALEM, AP Ráðherrar nýrrar ríkisstjórnar Hamas og Fatah sóru í gær embættiseið og tóku formlega við völdum í Palestínu. Fyrir um daginn hafði palestínska þingið samþykkt traustsyfirlýsingu við stjórnina með yfirgnæfandi meirihluta, eða 83 atkvæðum gegn þremur.

Norðmenn voru í hópi fyrstu þjóða til að viðurkenna nýju stjórnina og hyggjast norsk stjórnvöld taka upp full stjórnmatengsl við Palestínumenn á ný og jafnframt hvetja þá til að hafna ofbeldi og viðurkenna Ísraelsríki.

Ísraelsmenn hafa hafnað nýju stjórninni og segjast ekki munu



LEIÐTOGAR FAGNA Mahmoud Abbas, forseti Palestínu, fagnar með Ismail Haniya, nýjum forsætisráðherra, í gær.

semja við hana. Ísraelar gera þá kröfu til stjórnarinnar að hún viðurkenni tilverurétt Ísraels, hafni

allri valdbeitingu og virði þá friðarsamninga sem gerðir hafa verið.

Mahmoud Abbas, forseti Palestínu sagði að markmið stjórnarinnar væri að binda enda á hernám Ísraelsmanna, þar á meðal í Austur-Jerúsalem. Þá sagði Ismail Haniyah, forsætisráðherra heima-stjórnarinnar, að nýja stjórnin teldi það rétt palestínsku þjóðarinnar að veita andspyrnu gegn árásum Ísraels.

Þingfundurinn var haldinn samtímis á Vesturbakkanum og Gaza, en aðeins 86 þingmenn af 132 greiddu atkvæði, þar sem 41 þingmaður er í haldi Ísraels. - sh / - gb

Kostnaður vegna Baugsmáls: Sérstakur sak-sóknari kostar 34,5 milljónir

STJÓRN MÁL Heildarkostnaður vegna starfa sérstaks ríkissaksóknara í Baugsmálinu, þar með talinn kostnaður við aðstoðarmenn og aðkeypta sérfræðipjónustu, hljóðar upp á 34,5 milljónir króna.



BJÖRN BJARNASON

Þetta kemur fram í svari dómsmálaráðherra við fyrirspurn fjögurra þingmanna.

Einnig kemur fram að samkvæmt áætlun hafi um 20 prósent af starfsemi efnahagsbrotadeildar farið í Baugsmálið á tímabilinu ágúst 2002 til ársloka 2006.

Þá er þess getið að fram til þessa hefur ríkið verið dæmt til að greiða rúmar 43 milljónir króna vegna málskostnaðar ákærðu í málinu. - bps

Alþingiskosningarnar 12. maí Byrjað að kjósa utan kjörfundar

STJÓRN MÁL Utankjörfundar- atkvæðagreiðsla vegna þingkosninganna 12. maí hófst í gær, átta vikum fyrir kosningar.

Kosið er í öllum sendiráðum Íslands í útlöndum og hjá öðrum fulltrúum ríkisins á erlendri grund.

Kjösendum ber að kynna sér sjálfir hverjir eru í framboði og hvaða listabókstafir eru notaðir. Kjósendur bera sjálfir ábyrgð á að pósthleggjja atkvæði sín.

Framboðsfræstur rennur út 27. apríl, rúnum tveimur vikum fyrir kjördag. - bps

Ríkið áfrýjar ekki dómi héraðsdóms

Íslenska ríkið hefur ákveðið að áfrýja ekki niðurstöðu héraðsdóms í máli Guðjóns S. Marteinsonar dómara gegn íslenska ríkinu. Bréf þess efnis var sent dómurum í vikunni. Dómsmálið snýst aðeins um laun eins dómara, segir Baldur Guðlaugsson.

DÓMSMÁL Íslenska ríkið ætlar ekki að áfrýja niðurstöðu héraðsdóms í máli Guðjóns S. Marteinsonar dómara gegn íslenska ríkinu. Þetta hefur verið staðfest með bréfi sem sent var öllum dómurum á fimmtudaginn var. Undir bréfið rita Guðmundur H. Guðmundsson og Björn Rögvaldsson fyrir hönd Árna M. Mathiesen ráðherra. Þar kemur fram að laun verði greidd til dómara samkvæmt niðurstöðunni um næstu mánaðamót.

Hinn 19. desember síðastliðinn komst héraðsdómur að þeirri niðurstöðu að íslenska ríkinu bæri að greiða Guðjóni rúmar 60 þúsund krónur, auk dráttarvaxta, frá 1. febrúar til 1. mars í fyrra.

Ákvörðun Kjaradóms frá því í desember 2005 um að laun æðstu embættismanna ættu að hækka um átta prósent vöktu hörd viðbrögð meðal almennings í landinu og ákvað ríkisstjórnin að leggja fram frumvarp í kjölfarið sem fól í sér 2,5 prósent launahækkun í stað átta.

Guðjón höfðaði mál á þeim forsendum að hann teldi ekki vera hægt að fella ákvörðun Kjaradóms úr gildi með lagasetningu þar sem það gengi gegn ákvæðum stjórnarskrár um sjálfstæði dómstóla.

Niðurstaða dómsins var sú að löggjafinn hafi með lagasetningunni brotið gegn sjálfstæði dómstóla, og þar með tilgreindum ákvæðum stjórnarskrárinnar, með lagasetningu 20. janúar í fyrra sem felldi jafnframt úr gildi ákvörðun Kjaradóms um launahækkun til þjóðkjörinna fulltrúa, svo og dómara. Niðurstaða héraðsdóms náði einungis til dómara vegna sérstakrar stöðu þeirra samkvæmt stjórnarskránni. Var með niðurstöðunni fallist með öllu á kröfu Guðjóns.

Baldur Guðlaugsson, ráðuneytisstjóri í fjármálaráðuneytinu, segir ástæður þess að ríkið áfrýji vera sérstakt eðli málsins. „Um er að ræða afmarkaðan hóp í afmarkaðan tíma þar sem lagaumhverfi hefur breyst með tilkomu Kjararáðs, í stað Kjaradóms áður, á vörðunum síðasta árs. Þá er ljóst, frá okkar bæjarðyrum séð, að dómur Hæstaréttar myndi hafa minna fordæmisgildi heldur en ella þar sem dómur væru sérstaklega skipaðir í málinu þar sem dómari á í hlut.“

Ekki náðist í Eggert Óskarsson, formann Dómarafélags Íslands, í gær.



HÉRAÐSDÓMUR REYKJAVÍKUR Íslenska ríkið ákvað að áfrýja ekki niðurstöðu héraðsdóms til Hæstaréttar, meðal annars á þeim grundvelli dómur Hæstaréttar myndi hafa minna fordæmisgildi heldur en í venjubundnum dómsmálum, þar sem dómur yrði sérskipaður. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Dómarar í héraðsdómi voru Þórður S. Gunnarsson, Ragnhildur Helgadóttir og Róbert Ragnar Spanó, en eðli málsins samkvæmt voru dómurarnir í málinu sérstaklega skipaðir utan dómsins.

magnush@frettabladid.is

Stúlka um tvítugt slasaðist:

Margbrotnaði í alvarlegu slysi

SLYS Stúlka um tvítugt slasaðist alvarlega í árekstri fólkabíls og pallbíls við gatnamót Suðurlandsveggar og Þrengslavegar um hádegisbil í gær. Kalla þurfti til tækjabíl slökkviliðs til að losa stúlku úr bílnum og var hún flutt með þyrlu Landhelgisgæslunnar á slysaðeild Landspítalans.

Að sögn læknis á slysaðeild brotnaði stúlkan víða, bæði á höndum og fótum, en er ekki í lífshættu. Ökumaður pallbílsins meiddist ekki alvarlega, en bæði voru ein í bílnum. Á þriðja tug lögreglu- og slökkviliðsmanna voru kallaðir út og loka þurfti vegnum um Þrengslin um stund. - sh



Á VETTvangi Sjúkraflutningamenn búa sig undir að ná hinum slasaða út úr flakinu. FRÉTTABLAÐIÐ DANIEL

Mikið um óhöpp í borginni:

Slapp ómeiddur úr árekstri

SLYS Enginn meiddist alvarlega þegar bíl var ekið á ljósastaur á Álfanesvegi síðdegis í gær. Bíllinn skemmdist þó það mikið að kalla þurfti á kranaþreifi til að draga hann á brott.

Alls var 21 umferðaróhöpp tilkynnt til lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu frá morgni og þar til síðdegis í gær. Rekja má flest óhöppin til hálfu. - sh

Útgefendur DV:

Boðin yfirtaka á Króníkunni

FJÖLMIDLAR Til stóð að vikublaðið Króníkan yrði lagt niður og DV tæki yfir skuldir þess. Úp úr viðræðum skilnaði síðdegis í gær, skömmu áður en ganga átti til samninga. Þetta fullyrðir Sigurjón M. Egilsson, ritstjóri DV. Pétur Gunnarsson sagði fyrst frá þessu á blogg sínu sinni, hux.blog.is, í gær.

„Útgefendur Króníkkunnar leit-uðu til DV um það hvort DV vildi taka yfir skuldir Króníkkunnar og samninga starfsfólks ef blaðið yrði lagt niður,“ segir Sigurjón.

Sigríður Dögg Auðunsdóttir, ritstjóri Króníkkunnar, segir rangt að leitað hafi verið til DV að fyrra bragði, rekstur Króníkkunnar gangi vel og hún muni halda áfram að koma út, en vill ekki tjá sig frekar um málið að svo stöðu. - sh

Ráðherra segir ólíkar spurningar skýra misræmi í svörum um Framkvæmdasjóð aldraðra:

Menning á öldrunarstofnunum styrkt

HEILBRIGÐISMÁL „Skýringin á þessu er sú að ekki var spurt með sama hætti í bæði skiptin,“ segir Siv Friðleifsdóttir heilbrigðisráðherra um ósamræmi í svörum við fyrirspurnum um framlög úr Framkvæmdasjóði aldraðra.

Í Fréttablaðinu í gær kom fram að í nýju svari ráðherra væri ekki getið framlaga sem þó var greint frá í hliðstæðu svari frá síðasta ári.

Siv segir styrk upp á hálf milljón króna til Lionsklúbbs Búðardals, Reykhóladeildar vegna lóðafrankvæmda við hjúkrunar- og dvalarheimilið Silfurtún í Búðardal hafa staðið út af, sem og tveggja milljóna framlag til Sólvalla, dvalarheimilis á Eyrarbakka.

Styrkirnir voru veittir á grundvelli sérstaks liðar í lögum um sjóðinn en hann tekur til fjárveit-



SIV FRÍÐLEIFSDÓTTIR

inga til „annarra verkefna sem stuðla að uppbyggingu öldrunarþjónustu“. Nú er unnið að nánari skilgreiningu á liðnum. Óperukórinn í Reykjavík hlaut hálf milljón króna í styrk úr Framkvæmdasjóði aldraðra árið 2004. Í Fréttablaðinu í gær sagðist kór-stjórnin ekki hafa vitað að styrkurinn hefði borist úr sjóðnum og hefði hann vitað það hefði styrkurinn ekki verið þeginn.

Siv segir aðila sem sinnt hafa menningarstarfi á öldrunarstofnunum hafa hlotið styrki en kann ekki sérstaka skýringu á framlaginu til Óperukórsins. „Samráðs-

nefndin [stjórn Framkvæmdasjóðsins] lagði þetta til og ráðherra á þeim tíma greiddi úr sjóðnum. En ég veit ekki hvernig það bar að.“

Árlega hefur á milli tíu og tuttugu milljónum verið veitt til verkefna á grundvelli áður nefnds liðar laganna en það eru 1-2 prósent af heildarframlögum sjóðsins.

Undanfarnir fimmtán ár hefur rúmur helmingur útgjalda Framkvæmdasjóðs aldraðra farið í stofnkostnað, viðhald og aðrar framkvæmdir en þáur helmingur til rekstrar hjúkrunarheimila. Því ráðslagi hefur verið breytt og frá og með næsta ári fer ekkert í rekstur. „Við það eykst ráðstöfunarfé til stofnkostnaðar og viðhalds um 230 milljónir á ári,“ segir Siv.

- bps

Reykjavík
871 ±2

Landnámssýningin
The Settlement
Exhibition

Lífið á
landnámsöld

Aðalstræti 16
101 Reykjavík
www.reykjavik871.is

Sýningin er opin
alla daga frá 10–17

Minjasafn
Reykjavíkur

KAUPÞING VEX MEÐ ÞÉR AÐ NÁMI LOKNU

NÝTT!

Fyrstu 5 árin borgar þú BARA vextina af Íbúðaláni Kaupþings

Hvort sem þú hyggst fara beint út á vinnumarkaðinn eftir útskrift, halda áfram að mennta þig eða skoða heiminn, aðstoðar Kaupþing þig við að láta draumana verða að veruleika.

Eftirfarandi er meðal þess sem bankinn getur boðið þér upp á þegar þú útskrifast úr háskólanámi eða sambærilegu námi:

- 80% lán til íbúðakaupa – fyrstu 5 árin borgar þú bara vextina*
- 20% Viðbótarlán til íbúðakaupa
- Námslokalán – allt að 3 milljónir**
- Fjármálaráðgjöf
- Gullkreditkort
- Persónulegur þjónustufulltrúi
- Tryggingar
- Lífeyrissparnaður

Námslokatilboð Kaupþings gildir í eitt ár frá útskrift. Kynntu þér nánar á kaupthing.is eða í síma 444 7000.

Kaupþing vex með þér



*Fyrstu fimm árin eru einungis greiddir vextir af 80% íbúðaláninu, en eftir þann tíma er einnig greitt af höfuðstól.
Gildir einungis fyrir útskriftarnema úr háskóla eða sambærilegu námi. ** Að því gefnu að umsækjandi standist mat bankans.

GJALDMÍÐLAR	KAUP SALA
Bandaríkjadalur	66,95 67,27
Sterlingspund	130,43 131,07
Evra	89,22 89,72
Dönsk króna	11,977 12,047
Norsk króna	10,978 11,042
Sænsk króna	9,633 9,689
Japanskt jen	0,5738 0,5772
SDR 101,19 101,79	
GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR	
121,564	
HEIMILD: Seðlabanki Íslands	

Lögreglan bar saman greiðslur frá Baugi og kostnað vegna bátsins Thee Viking:

Svipaðar upphæðir í skemmtibátinn

BAUGSMÁL Útgjöld Jóns Gerald Sullenberger og fyrirtækja hans vegna bátsins Thee Viking voru að minnsta kosti jafn há og greiðslur sem bárust mánaðarlega frá Baugi. Þetta kom fram í máli Aldísar Hilmarsdóttur lögreflufulltrúa sem bar vitni í Baugsmálinu á föstudaginn.

Nokkuð hefur verið rætt um það í hvað peningarnir sem Baugur greiddi Nordica mánaðarlega í tvö og hálf ár fóru í raun. Gestur Jónsson, verjandi Jóns Ásgeirs Jóhannessonar, hefur bent á að lögregla hafi ekki rannsakað nákvæmlega í hvað þeir fjármunir sem Nordica, félag Jóns Gerald, eða New Viking, annað félag á hans vegum, fóru.



THEE VIKING Ákært er fyrir fjárdrátt vegna skemmtibátsins Thee Viking.

PricewaterhouseCoopers hafi hins vegar rannsakað það fyrir verjendur og peningarnir hafi að miklu leyti farið í dagleg útgjöld Jóns Gerald.

Jón Gerald hefur hins vegar haldið því fram að peningarnir hafi allir verið til greiðslu á kostnaði vegna bátsins, og eru þeir Jón Ásgeir og Tryggvi Jónsson ákærðir fyrir að hafa dregið fé úr Baugi til að greiða hlut í bátinum.

Aldís upplýsti að gerð hafi verið ítarleg úttekt á því hver kostnaður Jóns Gerald af rekstri bátsins hafi verið á hverjum mánuði. Niðurstaða þeirrar rannsóknar hafi verið að kostnaðurinn hafi verið að minnsta kosti jafn háur mánaðarlegum greiðslum sem bárust frá Baugi.

Til að byrja með voru greiðslurnar 8 þúsund dollarar, en fljótlega voru þær hækkaðar upp í 12 þúsund dollara á mánuði, sem jafngilti um 1-1,3 milljónum króna, breytilegu eftir gengi.

Karl verður kona og kona karl: Tveir fengið kynleiðréttingu

HEILBRIGÐISMÁL Tvær skurðaðgerðir til leiðréttingar á kyni hafa verið gerðar á Íslandi. Önnur á konu sem breytt var í karl og hin á karli sem breytt var í konu.

Þetta kemur fram í svari forsætisráðherra við fyrirspurn Guðrúnar Ögmundsdóttur Samfylkingunnar.

Í svarinu kemur fram að til að geta fengið kyn sitt leiðrétt með skurðaðgerð þarf fólk með annars að hafa sýnt mjög ákveðin einkenni þess að hafa lengi liðið illa í eigin líkama og fundist það hafa fæðst með rangt kyn.



HÓTEL SAGA Maðurinn komst burt af Hótel Sögu ásamt félaganum sínum.

Lögregla leitar nauðgara:

Nauðgaði konu á kvennasalerni

LÖGREGLUMÁL Lögreglan leitar nú manns sem nauðgaði ungru konu á kvennasalerni í kjallara Hótel Sögu skömmu eftir miðnætti í fyrrinótt.

Hinn grunaði er á milli tvítugs og þrítugs, um 165 sentimetrar á hæð, krúnurakaður með dökk-an hársvörð, dökkar augabrúnir og dökk augu. Hann var klæddur í grænleitan jakka og bar grænleita derhúfu. Að sögn lögreglu er talið að maðurinn sé frá Austur-Evrópu.

Starfsfólk reyndi að halda manninum á meðan beðið var eftir lögreglu en hann komst á brott ásamt öðrum manni og hvarf sjónum við Birkimel. Talið er að þriðji maðurinn hafi verið með þeim fyrir atburðinn.

Hlakkar til að vera með fjölskyldunni

Nokkrir þingmenn sátu sinn síðasta þingfund í gær. Halldór Blöndal segist hafa náð þeim árangri sem hann gat vænst. Guðrún Ögmundsdóttir segir minnsta mál í heimi að láta af þingmennsku. Jón Kristjánsson er þakklátur fyrir tækifærið.

STJÓRNMÁL „Ég ákvað fyrir átta árum að hætta annað hvort eftir fjögur eða átta ár svo þetta hefur átt sér langan aðdraganda. Nú hlakka ég til að gefa mig að öðrum málum, vera með fjölskyldunni og sinna ýmsu öðru,“ segir Halldór Blöndal Sjálfstæðisflokki sem sat á þingi frá 1979 – í sjö kjörtímabil – og var varaþingmaður tvö kjörtímabil þar á undan.

Hann kvað gærdaginn ekki öðruvísi en aðra lokadaga þingsins og fann hvorki til trega né spennu. „Ég er fullkomlega ánægður, þetta hefur gengið upp og niður, stundum hefur maður verið í stuði og stundum átt á brattann að sækja. En á heildina litið er ég mjög ánægður og hef náð þeim árangri sem ég gat vænst.“

Jón Kristjánsson Framsóknarflokkur er sömuleiðis eldri en tvævetur í pólitíkinni; sat í 22 ár á þingi og var varamaður í sex ár.

„Ég er sáttur og lít með mikilli ánægju til baka. Ég hef fengið tækifæri til að upplifa gríðarlegar breytingar, bæði í störfum þingsins og í þjóðfélaginu almennt og er þakklátur fyrir það.“

Jón segist sjá mest eftir því góða fólk sem hann hefur starfað með í þinginu, mestu viðbrigðin verði að hætta að umgangast það. „Þó við deilum um margt þá er hér mjög sérkennilegur andi. Menn gera greinarmun á persónulegum samskiptum og pólitískum deilum.“

Ófugt við Halldór og Jón ákvað Guðrún Ögmundsdóttir Samfylkingunni ekki að hætta. Hún tók þátt í prófkjöri flokks síns en náði ekki þeim árangri sem hún stefndi að.



ALÞINGISHÚSIÐ ÁRLA MORGUNS Síðasti þingfundur fyrir komandi kosningar var í gær.

„Auðvitað vildi ég vera áfram maður vinnur sig bara út úr því. Það er minnsta mál í heimi,“ segir Guðrún sem fékk fiðrildi í magann í gær þegar hún í raun uppgötvaði að það var hennar síðasti þingdagur. Hún fann þó ekki til eftirtjárr. „Þetta er bara eins og þegar maður skiptir um vinnu en það er óljóst hvað biður,“ segir Guðrún sem sat tvö kjörtímabil.

Dagný Jónsdóttir Framsóknarflokki afréð að sækjast ekki eftir endurkjöri en hún sat eitt kjörtímabil á þingi. Henni fannst andrúmsloftið í þinginu í gær skrítið; ekki síst hjá þeim sem eru að hætta. „Og auðvitað líka hjá þeim sem vita ekki hvort þeir verða áfram,“ segir hún og hlær. „En það er skríttin tilfinning að vera að fara í atkvæðagreiðslu í síðasta sinn og svolítt tregi líka,“ segir Dagný og bætir við að árin fjögur á Alþingi hafi verið lærdómsrík. Um frekari



HALLDÓR BLÖNDAL **JÓN KRISTJÁNSSON**



GUÐRÚN ÖGMUNDSDÓTTIR **DAGNÝ JÓNSDÓTTIR**

afskipti af stjórn málu einhvern tíma í framtíðinni kveðst Dagný fátt geta sagt. „Ég veit ekki hvað ég ætla að verða þegar ég verð stór.“

bjorn@frettabladid.is



ÓEIRÐIRNAR Talsmaður lögreglu baðst í gær afsökunar á notkun gassins.

Danska lögreglan biðst forláts: Hættulegu gasi beitt í óeirðum

KAUPMANNAHÖFN, AP Danska lögreglan viðurkenni í gær að hafa notað hættulega sterkt tárugas í baráttu sinni við mótmælendur við Öflugdomshúsið á Norðurbrú í Kaupmannahöfn fyrir í mánuðinum.

Gasið sem notað var er gert til að skjóta upp að veggjum eða lokuðum dyrum. Það berst síðan í gegnum allar þær rifur og öll op og til þeirra sem kunna að vera fyrir innan. Gasið er margfalt öflugra en það sem nota á til að dreifa fólk í óeirðum.

Talsmaður lögreglu baðst afsökunar í sjónvarpsviðtali í gær, sagði notkun gassins hafa verið mistök sem einungis hentu einu sinni. Ástæðan fyrir mistökunum liggur ekki fyrir.

LÖGREGLUFRETTIR

Tvö skíðaslys í Hlíðarfjalli

Tvö skíðaslys urðu í Hlíðarfjalli á Akureyri í gær. Karlmaður meiddist á öxl, og er talið að hann hafi farið úr líði, og klukkustund síðar meiddist kona á fæti og er hún talin fótbrotin. Gott skíðafæri var í Hlíðarfjalli í gær og margt í brekkunum.

Engin meiðsl við útafakstur

Bíl var ekið út af Reykjanesbraut rétt fyrir miðnætti í fyrrakvöld en engin slys urðu á fólk. Bíllinn skemmdist eitthvað en þó eru skemmdirnar ekki taldar alvarlegar. Þá stöðvaði lögreglan á Suðurnesjum einn ökumann í fyrrinótt vegna hraðaksturs.

Bókhald I

Sérlega hagnýtt námskeið fyrir þá sem þurfa að ná tökum á bókhaldinu. Hentar einnig þeim sem vilja styrkja stöðu sína á vinnumarkaði með góðri undirstöðu, þekkingu og grunnþjálfun í bókhaldsvinnu. Kennsla byggir að mestu leyti á verklegum æfingum með raunveruleg fylgiskjöl. Námið er metið til eininga.

Helstu kennslugreinar:

Verslunarreikningur, VSK reglur og skýrslur, bókhaldsgrunnur og tölvubókhald.

Kennsla hefst 20. mars og lýkur 17. maí.

Morgunnámskeið: Kennir þriðjudaga, fimmtudaga og föstudaga kl 8.30 - 12.


Kvöld- og helgarnámskeið: Kennir þriðjudaga og fimmtudaga kl 18-21.30 og laugardaga kl 9 - 12.30.

Lengd: 100 kennslustundir. Verð: 94.000,-
Allt kennsluefni innifalið.

TÖLVUSKÓLINN ÞEKKING
FAXAFEN 10 108 REYKJAVÍK | GLERÁRGATA 36 600 AKUREYRI | WWW.TSK.IS | SKOLI@TSK.IS | SIMI: 544 2210

VEÐURSPÁ

um hádegi »



um hádegi »

Kaupmannahöfn	9°C rigning	London	11°C rigning	Alicante	20°C heiðskirt
Billund	7°C skúrir	Paris	11°C rigning	Basel	12°C léttskýjað
Oslo	7°C skúrir	Frankfurt	10°C rigning	Algarve	20°C heiðskirt
Stokkhólmur	6°C rigning	Friedrichshafen	14°C hálfskýjað	Eindhoven	8°C rigning
Gautaborg	5°C rigning	Berlin	9°C rigning	Las Palmas	20°C heiðskirt

* Vindhraði er í metrum: á sekúnda.

SKÖPUM VELGENGNI

HVITA HÚSÍÐ / SÍA - 7068



VELKOMIN Í ÚTIBÚ FRAMTÍÐARINNAR

SKEMMTIDAGSKRÁ:

Kl. 13.15 - Benedikt Erlingsson

Útibúið opnað með gamansömum fyrirlestri leikarans um „eðli íslensku þjóðarinnar“

Kl. 14.15 - Halla hrekkjuspín

Prakkarinn úr Latabæ skemmtir börnum og fullorðnum

Kl. 15.15 - Lay Low

Söngkonan magnaða syngur eigin lög, sem eru blanda af blús, kántrí og rokki

Ávaxtabíllinn kemur í heimsókn með hollar veitingar og **kaffibarþjónar**
Kaffitárs bjóða ljúffenga kaffidrykki og biscotti-kökur.


Í dag, sunnudag, opnum við útibúið á Kirkjusandi eftir umfangsmiklar breytingar.

Glitnir er þjónustufyrirtæki sem leggur höfuðáherslu á viðskiptavininn. Hönnun útibúsins tekur mið af því.

Komdu í heimsókn **milli kl. 13 og 16** og kynntu þér hvernig við ætlum að þjóna þér enn betur í framtíðinni.

BREYTTUR BANKI – ENN BETRI ÞJÓNUSTA

GLITNIR



KJÖRKASSINN



Er aðbúnaður blindra barna á Íslandi viðunandi?

JÁ	12%
NEI	88%

SPURNING DAGSINS Í DAG

Eiga framhaldsskólanemar að fá ókeypis skólábækur?

Segðu skoðun þína á vísir.is.



Vatn flæddi inn í Möguleikhúsið og búslóðageymslu Félagsbústaða við Laugaveg í gær:

Hundrað ára vatnslögn gaf sig

FLÓÐ Vatn flæddi inn í húsið á Laugavegi 105 í Reykjavík í gærmorgun, þar sem Náttúrufræðistofnun og Möguleikhúsið eru til húsa. Vatnslögnin í nágrenni við húsið sprakk og stíflaði niðurföll. Slökkvilið vann við að dæla vatninu út fram eftir gærdeginum en tjón er ekki talið mikið.

Vatnslögnin sem gaf sig var á mótum Laugavegs og Snorra-brautar, en hún er rétt tæplega hundrað ára gömul. Vatnið flæddi inn í búslóðageymslu Félagsbústaða og í Möguleikhúsið. Einnig fór nokkuð af vatni inn í kjallaraageymslu næsta íbúðarhúss við.



GERT VIÐ Unnið var að viðgerðum fram eftir gærdeginum. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Arni Ómar Árnason, aðstoðarvarðstjóri slökkviliðs höfuðborgarsvæðisins, segir vatnið hafa verið tuttugu til þrjátíu sentimetra hátt í búslóðageymslunni þegar slökkvilið kom á vettvang. Miklu hafi munað að búslóðirnar eru geymdar á vörubrettum.

„Þetta er óverulegt tjón, ef eitthvað,“ segir Sigurður Kr. Friðriksson, framkvæmdastjóri Félagsbústaða. „Brettin sem búslóðirnar eru geymdar á eru tíu til fimmtán sentimetra há, og vatnið fór ekki mikið hærra en það.“ Hann segir vatnið hafa flætt af götunni og inn um bílskurshurð.

Bandarískir veðurfræðingar: Veturinn var sá allra hlýjasti

BANDARÍKIN, AP Veturinn sem er að líða hefur verið sá hlýjasti sem sögur fara af frá því mælingar hófust. Þetta segja fræðimenn hjá bandarísku haf- og andrúmsloftsstofnuninni NOAA, og styðjast þar við upplýsingar um veðfar víðs vegar á jörðinni.

Frá desemberbyrjun til febrúarloka var meðalhit loft og sjávar á norðurhvelinu 1,3 gráðum hærra en meðaltal þessa tímabils frá árinu 1880.

Undanfarin hundrað ár hefur hitinn hækkað um 0,11 gráður á hverjum áratug, en síðan 1976 hefur hitastigshækkunin verið þrisvar sinnum meiri.



ZIMSEN-HÚS Flutningar í maí 2006. FRÉTTABLAÐIÐ/ARNÓR

Skipulagssjóður Reykjavíkur: Flytja Zimsen á Grófartorg

MIDBORGIN Zimsen-húsinu, sem áður var við Hafnarstræti, verður komið fyrir á Grófartorgi ef áætlun stjórnar skipulagssjóðs Reykjavíkur gengur eftir.

Sjóðurinn hefur óskað eftir því við skipulags- og byggingarsvið borgarinnar að unnið verði að breytingum á deiliskipulagi með það að markmiði að Zimsen-hús verði flutt á lóð við torgið.

Eins og komið hefur fram í Fréttablaðinu höfðu margar staðsetningar verið til umræðu fyrir Zimsen-húsið sem í maí í fyrra var fjarlægð af sínum gamla grunni gegnt Lækjartorgi vegna annarrar uppbyggingar.

Sælgætisþjófar á ferð:

Hnupl og innbrot í borginni

LÖGREGLUMÁL Innbrotspjófar voru handteknir á heimili sínu á fimmtudag, en í íbúð þeirra fundust verkfæri sem líklegt þykir að hafi verið tekin ófrjálsri hendi úr félagsheimili fyrr um daginn.

Sama dag var brotist inn í kjallaraíbúð í austurborginni og tölvubúnaði stolið. Auk þess var brotist inn í bíl og munum stolið.

Maður á þritugsaldri var handtekinn í Smáralind fyrir að stela sælgæti úr verslun og afskipti voru höfð af tveimur fimmtán ára piltum í annarri verslunarmiðstöð, en þeir höfðu gerst sekir um að fjarlægja páskaegg úr búð án þess að borga fyrir þau.

LÖGREGLUFRETTIR

Ryskingar við innanstokksmun

Lögreglumenn á Borgarnesi keyrðu ölvadan ungan mann til síns heima í fyrrinótt, en hann hafði átt í ryskingum við ákveðinn innanstokksmun á skemmtistað í bænum, eins og varðstjóri lögreglu orðaði það.

Handtekinn tvo daga í röð

Karlmaður um títugt var handtekinn í Reykjavík á fimmtudag og fannst nokkuð magn af kannabísefnum í fórum hans. Sami maður hafði verið handtekinn annars staðar daginn áður, og var þá einnig með fíkniefni í fórum sínum.



MÓTMÆLAÞEGGJÓFUR GEGN ÚTBLÆSTRI GRÓÐURHÚSALOFTEGUNDA Mótmælendur eru ekki síður hugmyndaríkir en hinir snjöllu vísindamenn. Þarna eru félagar í Greenpeace-samtökunum að svamla í vatni við Potsdam í Þýskalandi þar sem leiðtoga G8-rikkjanna komu saman í lok vikunnar. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Gerviskógur, járn í hafið og speglaskýli

Enginn hörgull er á vísindamönnum sem luma á lausnum á gróðurhúsavandanum. Sumir vilja búa til stóran gervitrjáaskóg sem sýgur í sig koltvísýring úr loftinu. Aðrir vilja búa til skýli úr trilljónum spegla sem endurvarpa sólarljósinu.

WASHINGTON, AP Margar furðulegar hugmyndir hafa verið lagðar fram til lausnar á gróðurhúsavandanum. Sumar þeirra eru teknar alvarlega, þótt allar séu þær afar umdeildar, og nú hafa vísindamenn hjá geimferðastofnuninni NASA gert skýrslu um þær helstu.

Ein er sú að búa til gerviefldjall sem spúir brennisteini hátt í loft upp. Þegar eldfjallið Pinatubo gaus fyrir 16 árum hafði það kælandi áhrif á jörðina í heilt ár vegna þess að brennisteinsagnir í efri lögum andrúmsloftsins endurvörpuðu sólarljósi aftur út í geiminn. Nota má þotur, fallbyssur eða blöðrur til að koma brennisteininum upp í himingeiminn.

Önnur hugmynd er sú að búa til „sólskýli“ gert úr trilljónum spegla sem eiga að draga örlítið úr hitanum á jörðinni. Speglnir væru í raun litlir gervihnettir á stærð við frisbee-diska, örþunnir með þremur „eyrum“ sem

væru stýribúnaður. Skjóta mætti um 800 þúsund slíkum speglum út í geiminn í einu, en alls þyrfti 16 trilljónir, það er að segja 16 milljón milljónir, slíkra diska til að leysa gróðurhúsavandan - ef marka má hina hugmyndaríku vísindamenn.

Þá er enn ein hugmyndin að búa til forljótan skóg úr gervitrjám sem sjúga til sín koltvísýring úr loftinu. „Trén“ myndu reyndar ekkert líkjast venjulegum trjám. Þetta væru 60 metra háar turnspírur með mismundandi stórum loftsum efst. Loftsumir myndu draga til sín koltvísýring og þjappa því saman í vökva eða gas sem hægt væri að flytja eitthvert annað.

Loks datt einhverjum í hug að dæla járnryki í hafið, og reyndar er þegar byrjað að gera það í Kyrrahafinu. Fyrirtækið Planktos frá Kaliforníu sendi nú í þessum mánuði skip sitt, Weatherbird II, af stað í leiðangur til að varpa

50 tonnum af járnryki út í sjóinn. Hugmyndin er sú að járnrið yrði sannkölluð gróðrarstía fyrir svifurtir sem drekka í sig koltvísýring úr loftinu.

Auðvitað er þetta hrein örvænting,“ sagði Stephen Schneider, prófessor við Stanford-háskóla í Bandaríkjunum. „Þetta er hnatt-ræn meðanmedferð gegn hnatt-rænni heróíníkn okkar. Þetta sprettur af svartvísni sérhvers raunæismanns á að þessari reikistjórn sé ekki treystandi til að gera það sem rétt væri.“

Vísindamenn hafa á seinni árum verið tregir til að reyna lausnir af þessu tagi. Margir óttast alvarlegar aukaverkanir. Aðrir hafa áhyggjur af því að lausnir af þessu tagi, jafnvel þótt þær skili árangri, dragi úr líkunum á því að eina raunverulega lausnin verði nokkur sinni framkvæmd, en hún er sú að draga nægilega mikið úr útblæstri gróðurhúsalofttegunda.

gudsteinn@frettabladid.is

Do you want to study Computer Science or IT?



- Do you want to study in Denmark?
- Do you want to study in Denmark in an international environment?
- Are you looking for a programme which gives you good job opportunities?
- Are you interested in Computer Science or IT?
- Are you looking for a short education at university level?

Do as Hrund Brynjólfssdóttir and other young students.

Every year The Academy of Southern Denmark in Sønderborg welcomes students from Iceland. Come and join us! Sønderborg has an active "Íslendingafélag". Visit our website www.sdes.dk to read more about your future in Denmark.

Syddansk Erhvervsakademi

Grundtvigs Allé 88
DK-6400 Sønderborg
Tlf. +45 7412 4141
www.sdes.dk

Ingibjörg Sólrún Gísladóttir var gestur á landsfundi sænska jafnaðarmannaflokksins:

Konur yfir norrænum jafnaðarflokkum

STJÓRN MÁL Konur eru í fyrsta sinn í meirihluta formanna norrænu jafnaðarflokksins. Ingibjörg Sólrún Gísladóttir, formaður Samfylkingarinnar, var heiðursgestur á landsfundi sænska jafnaðarflokksins sem hófst í gær, þar sem Mona Sahlin var kjörin formaður.

Sahlin er fyrsta konan sem leiðir flokkinn í 118 ára sögu hans. Formaður danska jafnaðarmannaflokksins, Helle Thorning Schmidt, var annar heiðursgestur landsfundarinnar.

Ingibjörg Sólrún ávarpaði fundinn og sagði meðal annars að þetta væri stór dagur fyrir jafnréttisbaráttuna og stór dagur fyrir lýðræðið. Samfélag sem byggði á reynslu bæði kvenna og karla væri sterkara og réttisýnna en samfélag sem nýtti ekki mannauðinn sem býr í báðum kynjum.

Hún gerði málefni barna einnig að umtalfsni og sagði það samfélag sem ekki tæki mið af sjónarmiðum og þörfum barna hálfarað og ófullkomið. Mikilvægt sé að hlusta á raddir barnanna og hafa þarfir þeirra að leiðarljósi.



KONUR Í STJÓRN MÁLUM Ingibjörg Sólrún og Helle Thorning Schmidt voru heiðursgestir á fundinum. MYND/MAGNUS SELANDER



Ánægðir viðskipta- vinir eru okkar stolt

ESSO lenti í 2. sæti í könnun **Ánægjuvogar smásöluverslunar** meðal neytenda á landsvísu. Jafnframt er ESSO það olúfélag sem viðskiptavinir eru ánægðastir með, samkvæmt **Íslensku ánægjuvoginni**. Það er því ekki að ástæðulausu að við erum full af stolti og þakklæti og heitum því að viðskiptavinir okkar verða alltaf í 1. sæti.



Hvers krefjast kjósendur samtímans?

Sjálfsmynd þjóðar

KRISTÍN EVA ÞÓRHALLSDÓTTIR SKRIFAR

S telfjaddir stjórnmalamanna eru vel sperrtar um þessar mundir. Fengitíminn er hafinn og öllum ráðum beitt við atkvæðaveiðar. Þeir biðla til þjóðarinnar til að halda stöðu sinni og beita til þess öllum ráðum. Mikilvægast er að sannfæra kjósendur um að ekki sé tjaldað til einnar nætur eins og oft vill brenna við. En hvað vilja kjósendur samtímans?

Ríkisstjórnarflokkarnir töldu sig hafa hitt naglann á höfðuði þegar þeir lögðu til breytingar á stjórnarskrá með því að setja inn nýtt ákvæði sem kveður á um að náttúruauðlindir séu þjóðareign. Hitamál sem brennur á mörgum og þarf vissulega að takast á við en bar ekki þann árangur sem skyldi.

Í Svíþjóð, Bretlandi, Bandaríkjunum og víðar keppast menn við að bjarga jörðinni sem stendur ógn af gróðurhúsaáhrifum. Allt annað verður smátt í samanburðinum. Fylgisaukning vinstri grænna og ein öflugustu mótmæli Íslandssögunnar gegn virkjanaáætlunum ríkisstjórnarinnar hljóta að senda skýr skilaboð um hvað kjósendur samtímans vilja. Þeir eru hin nýju blómabörn sem kalla á siðferðislega ábyrgð í umhverfismálum og ætlast til þess að þeim verði sinnt af alvöru og hugrekki.

Fylgisaukning vinstri grænna og ein öflugustu mótmæli Íslandssögunnar gegn virkjanaáætlunum ríkisstjórnarinnar hljóta að senda skýr skilaboð um hvað kjósendur samtímans vilja.

Kjósendur hafa setið undir óteljandi hátíðarræðum leiðtoganna þar sem þeir hafa talið náttúru Íslands okkar helstu auðlind. Hún þykir órjúfanlegur hluti sjálfsmynda okkar en spurningin er hvort við getum gert þá kröfu til hennar? Náttúran er ekki mannanna verk. Hún er stórfengleg upp á eigin spýtur en það er á mannanna ábyrgð að varðveita hana. Ef okkur tekst að leysa það verk vel úr hendi þá fyrst getum við verið stolt. Þetta er einfalt verkefni sem auðvelt er að takast á við. Rétt hugarfar er allt sem þarf.

Af þessum ástæðum höfðu grænar fjaðrir Steingrims J. og félagar sífellt til fleiri kjósenda þótt þær hafi kannski spröttið upp úr aldargömlum kommúnískum grunni, eins og margir vilja meina. Kannski þessi kommúníski blær blómabarna fyrri tíma standi í vegi fyrir að stjórnarflokkarnir setji upp grænar fjaðrir fyrir alvöru? En blómabörn nútímans eru ekki blómabörn fortíðar. Þau sækjast eftir dýrum lífsstíl með góðri samvisku, þar sem siðferðislegum leikreglum er fylgt alla leið en ekki einblínt á lokamarkmiðið. Þeir stjórnmalamenn sem fá flest atkvæði í þessum kosningum verða eflaust þeir sem leggja áherslu á umhverfismálin.

FRÉTTABLAÐIÐ

ÚTGÁFUÉLAG: 365

RITSTJÓRAR: Jón Kaldal og Þorsteinn Pálsson ABSTODARRITSTJÓRI: Steinunn Stefánsdóttir FRÉTTASTJÓRAR: Arndís Þorgeirsdóttir, Björgvin Guðmundsson og Sigríður Björg Tómasdóttir FULLTRÚI RITSTJÓRA: Páll Baldvin Baldvinsson. Fréttablaðið kemur út í 103.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu, Akureyri og þéttbýlissvæðum á suðvesturhorninu. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnaböndum án endurgjalds. ISSN 1670-3871



FRÁ DEGI TIL DAGS

Lítill málafylgja

Á síðustu starfsdögum þingsins voru haldnir nokkrir spennubrungrir fundir – ýmist formlegir með þingforseta eða tveggja manna tal – þar sem reynt var að ná samkomulagi um hvaða mál ætti að afgreiða á lokadögum. Þingmenn og ráðherrar reyndu hvað þeir gátu að koma sínum málum í gegn en höfðu ekki alltaf erindi sem erfiði. Athygli vakti að þrátt fyrir að nokkur risavaxin mál samgönguráðherra biðu örlega sinna var ráðherra hvergi nærri til að þrýsta á um meðferð. Hann var víst vant við látinn... í Bandaríkjunum.



Fleira er matur en feitt kjöt

Það eru ekki bara hefðbundnar og þekktar matvörur sem virðisaukaskattur lækkaði á um síðustu mánaðamót. Meðal þess sem nú ber sjö prósentu virðisaukaskatt, og tíundað er í auglýsingu ríkisskattstjóra, eru: „Parmar, blöðru og magar úr dýrum (þó ekki úr fiski), heilt og í stykkjum, sundmági (saltaður).“ Líka: „Gervignir (pýlsu-hólkar) úr hertu prótíni eða sellulósaefnum.“ Og: „Melassi unnið með kjörnun eða hreinsun sykurs: Þó ekki til fódurs og fódurgerðar.“



Tregablandið

Sérstök stemning var á Alþingi í gær, á síðasta þingfundi kjörtímabilsins. Andrúmsloftinu var líkt við það sem ríkir við skólaslit þegar samnemendur og félagar til margra ára halda hver í sína áttina. Nokkrir þingmenn eru enda að kveðja stjórnmalin eftir áratuga störf. Var ekki laust við að lítill tár sæjst á stöku hvarmi enda stjórnmalamenn upp til hópa tilfinningaverur eins og annað fólk.

bjorn@frettabladid.is

Fullkomið frelsi

D V tók nýverið viðtal við Ingibjörgu Sólrúnu Gísladóttur og birti það á föstudaginn var. Í viðtalinu kenndi margra grasa eins og vænta má þegar rætt er við forystumann eins af stærri flokkum þjóðarinnar. Fátt nýtt kom þó fram en vissuleg var ýmislegt sem vakti athygli. Undanfarið hafa skrífentar Samfylkingarinnar farið hamföllum á síðum blaðanna og á blogginnu vegna meintra ofsókna gegn Ingibjörgu Sólrúnu. Hefur mátt skilja af þeim skrifum að það flokkist undir skort á almennum mannsiðum að gagnrýna málflutning og orð Ingibjargar. Orð eins og einelti eru notuð þannig að þau hafa glatað merkingu sinni, spunameistarar hafa orðtalið Staksteina og Bragi bóksali er týndur til sem sérstaklega illgjarn ofsóknari Ingibjargar. Það er ekki í mínum verkahring að leggja mat á hversu snjallt það var hjá Samfylkingunni að leggja í þessi skrif um formanninn sinn, um það eiga aðrir að véla. Mér segir þó svo hugur um, að hluti þeirra skrifa eigi rætur sínar í innanflokksdeilum, verið sé að skammast opinberlega yfir orðum sem fallið hafa privat á milli Samfylkingarmanna sem ekki eru sáttir við aflabrogðin þessa dagana.



ILLUGI GUNNARSSON Í DAG | Samfylkingin

urðssonar, Þorgerðar Katrínar, Valgerðar Sverrisdóttur, Steingrims J. Sigfússonar eða Katrínar Jakobsdóttur, svo einhverjir stjórnmalaleiðtogar séu nefndir. Hvaðan kemur þessi vissa formanns Samfylkingarinnar? Skoðanakannanir sem mæla traust almennings á stjórnmalönnnum benda alla vega ekki til þess að ástæða sé til að gera því skóna að Ingibjörg sé á hærri stelli en gengur og gerist um stjórnmalamenn almennt.

Ég hef reyndar enga sérstaka sannfæringu fyrir því að Ingibjörg Sólrún og frammistaða hennar sé aðalástæða þess að Samfylkingin hefur misst svo mikið fylgi sem raun ber vitni. Málið er flóknara en svo að allt verði hengt á einn einstakling eða á þingflokk Samfylkingarinnar ef því er að skipta. Tilvistarvandi Samfylkingarinnar hefur orðið ljósari samhliða því að vinstri græn hafa eflst. Samfylkingin hefur átt erfitt með að skilgreina sig sem stjórnmalaafl og kjósendur finna það. Heilmikil vinna hefur verið lögð í að koma saman stefnu í sem flestum málum, en vandinn er sá að það er enginn grunnur, engin hugmyndafræði eða sannfærning sem tengir saman úrlausnirnar og því verður til einhver allsherjar hrærigrautur sem er langt frá því að vera trúverðugur.

Greinilegt er að vinstri arminum í Samfylkingunni var farið að

leiðast þetta stefnuleysi og þóf. Gamla Alþýðubandalagsfylgið virðist hafa klofið sig endanlega út úr Samfylkingunni og gengið í flokk Steingrims, Ragnar Arnalds, Hjörleifs og féлага. Eftir sitja kratarinnir, sem komust í 22% fylgi árið 1978 en enduðu í 11% árið 1995, stuðningsmenn Ingibjargar úr Ráðhúsinu í Reykjavík ásamt nokkrum núverandi þingmönnum Samfylkingarinnar sem eiga sér sögu úr Alþýðubandalaginu. Varla hefði nokkrum manni dottið það í hug að íslenskir jafnaðarmenn myndu sækja leiðtoga sinn í raðir gamla Kvinnalistsans en þjóða ekki Jóni Baldvini heiðursseti á lista. Yfir þessu öllu er einhver klaufadómur og margir hljóta að velja því fyrir sér hvort saman fari stjórnmalaskoðanir krata annars vegar og Ingibjargar Sólrúnar hins vegar. Jafnframt væri áhugavert að heyra frá Samfylkingunni hvort menn þar á bæ líti enn svo á að sameining vinstri manna hafi heppnast undir merkjum þess flokks.

Undir lok viðtals DV við Ingibjörgu féllu ummæli sem ástæða er til að gefa sérstakan gaum. Þar farast formanni Samfylkingarinnar svo orð: „Sú staða sem flokkurinn er í núna hefur gefið mér ákveðið frelsi. Við erum í þeirri stöðu að þeir eru búnir að ná að tala okkur niður. Ég hef því engu að tapa, en allt að vinna. Það er fullkomið frelsi sem felst í þeirri stöðu.“ Þessir þeir eru sennilega Staksteinar og Bragi bóksali. En frelsishugmyndin er áhugaverð. Frelsi undan hverju? Hvað var það sem Samfylkingunni var ekki frjálst að gefa þegar fylgi flokksins var yfir 30% og Óssur Skarphéðinsson formaður? Hefur Samfylkingin nú öðlast frelsi til að breyta um stefnu, breyta um áherslur eða breyta um auglýsingastofu? Hvert var helsið sem fylginu fylgdi?

30% námslána breytist í styrk

UMRÆÐAN

Námslán

Um daginn flutti ég ásamt félögum mínum í þriðja sinn frumvarp til laga um Lánasjóð íslenskra námsmanna. Málið er róttæk en mikilvæg breyting á sjóðnum til að efla félagslegt jöfnunarhlutverk hans. Og standa vörð um það.



BJÖRGVIN G. SIGURÐSSON

Sú breyting að 30% tekinn námslána breytist í styrk að námi loknu er gífurleg kjarabót fyrir ungt barnafólk sem er að byrja að hasla sér völl í lífinu að námi loknu. En það er ein af breytingunum sem við leggjum til að gerðar verði.

Við viljum að hluti lána, 30%, breytist í styrk að loknu námi, afnumin verði krafa um ábyrgðarmenn og að lánin verði greidd út fyrirfram. Þá þarf að endurskoða viðmiðunargrunn lánanna reglubundið.

Vitað er um mörg dæmi þess að ungt og efnilegt fólk hefur orðið að hverfa frá ætlanum um frekara nám vegna þess að það hefur ekki getað framvísað ábyrgðarmönnum sem lánasjóðurinn tekur gilda. Hver námsmaður á sjálfur að vera ábyrgur fyrir endurgreiðslu síns námsláns og á að undirrita skuldabréf þess efnis. Stjórn sjóðsins ákveður hvaða skilyrðum lántakandi þarf að fullnægja.

Aðrar breytingar eru þær helstar að þegar náms-

maður hefur skilað af sér lokaprófum breytast 30% af upphæðinni sem hann hefur tekið að láni í óendurkræfan styrk. Styrkurinn yrði hvorki tekjutengdur né skattlagður. Breytingar þær sem hér eru lagðar til taka mið af reglum annars staðar á Norðurlöndum.

Nokkur dæmi um fyrirkomulagið í öðrum löndum eru að í Svíþjóð eru 34,5% af þeirri upphæð sem námsmaður fær til ráðstöfunar á námstíma hreinn styrkur sé miðað við fullt nám. Annars staðar á Norðurlöndum eru námsstyrkir ekki bundnir við að námsmaður ljúki formlegu námi en hér er lagt til að það verði skilyrði fyrir styrkveitingu. Það virkar einnig sem öflugur hvati að námslokum á tilskildum tíma.

Brýnt er að málið nái fram að ganga og er það hluti að þeirri menntasókn og því fjárfestingaráttaki á öllum skólastigum sem við jafnaðarmenn viljum ráðast í á næstu misserum. Ný menntasókn á að vera eitt stærsta verkefni nýrrar ríkisstjórnar jafnaðarmanna næsta vor og sem hluti af henni leggjum við einnig til að námsbækur í framhaldsskólum verði nemendum að kostnaðarlausu. Ásamt auknu framboði námsefnis á netinu. Það yrði mikil kjarabót fyrir nemendur og foreldra þeirra.

Höfundur er þingmaður Samfylkingarinnar.



Okkur vantar trommuleikara



Léttmálmsbandið æfir nú af krafti fyrir árshátíð Fjarðaáls en leitar jafnframt að traustum trommuleikara í öruggt framtíðarstarf.

„Við þurfum ekki 100 trommuleikara í fyrirtækið en það væri fínt að fá að minnsta kosti einn. Það væri heldur ekki verra að viðkomandi hefði próf í rafvirkjun eða vélvirkjun.“

Sigurður Ólafsson, bassaleikari og fræðslustjóri Fjarðaáls.

„Í bandinu gilda sömu lögmál og í álframleiðslunni. Við höfum mismunandi hlutverk en vinnum saman í sjálfstýrðu teymi. Verkferlin þurfa að vera á hreinu.“

Guðmundur Höskuldsson, gítarleikari og leiðtogi í málmvinnslu.

„Þetta er ekki spurning um heimsyfirráð eða dauða hjá okkur, heldur að njóta lífsins í góðum félagsskap.“

Hanna V. Jóhannesdóttir, söngkona og hjúkrunarkona í mannauðsteymi Fjarðaáls.

Kynnist Fjarðaáli 24. mars

Á kynningarfundum Austurlands tækifæranna á Hotel Nordica 24. mars verður Alcoa Fjarðaál með kynningarbás fyrir þá sem hafa áhuga á að starfa hjá fyrirtækinu.

Síðustu 100 störfin í boði

Framleiðslustarfsmenn

Okkur vantar fleiri eldhressa starfsmenn í álframleiðslu og málmvinnslu. Til framleiðslustarfsmanna eru ekki gerðar ákveðnar kröfur um menntun eða kunnáttu. Allir fá viðamikla þjálfun og fræðslu í fyrirtækinu. Verkefni hvers starfsmanns verða fjölbreytt og mikið er lagt upp úr starfsþróun og símenntun.

Rafiðnaðarmenn og véliðnaðarmenn

Við leitum að faglægum rafiðnaðarmönnum og véliðnaðarmönnum til að sinna viðhaldi tækja og búnaðar í hátæknivæddu álveri Fjarðaáls. Hjá fyrirtækinu verða um 120 tæknimenntaðir starfsmenn. Faglegur metnaður og stöðug þróun verða leiðarljós okkar inn í framtíðina.

Öll störf henta bæði konum og körlum.

Umsóknarfrestur er til og með 2. apríl.

Viðkomandi munu hefja störf á næstu sex mánuðum.

ISLENSKA/SÍAS/ALC/36761/03/07



capacent
RÁÐNINGAR

Hægt er að sækja um störf hjá Alcoa Fjarðaáli á capacent.is (áður IMG-Mannafl).
Nánari upplýsingar fást á www.alcoa.is og hjá **Sigurlaugu Þorsteinsdóttur** (sigurlaug.thorsteinsdottir@capacent.is) og **Helgu Snædal** (helga.snaedal@capacent.is) hjá Capacent í síma 540 1000.

www.alcoa.is

Alcoa Fjarðaál





Móðir okkar og amma,

Sigurrós Lárusdóttir

húsmóðir, Vesturgötu 50A,

lést á hjúkrunarheimilinu Víðinesi 7. mars. Útförin fer fram frá Grafarvogskirkju mánudaginn 19. mars klukkan 13.00.

Þorsteinn Viðar Antonsson
Sigríður Eygló Antonsdóttir
Kolbrún Lilja Antonsdóttir
Grétar Örn Antonsson
Atli Viðar Þorsteinsson
Katrín Edda Þorsteinsdóttir
Helga Björk Stefánsdóttir
Valdís Ösp Ingvadóttir
Lúcíndá Árnadóttir
Eyrún Rós Árnadóttir
Vera Grétarsdóttir
Anton Ívarsson
Benedikt Ívarsson
og Anna Birna Ívarsdóttir



Ástkær eiginmaður minn, sonur, faðir okkar, fösturfaðir, tengdafaðir, afi og tengdasonur,

Jón Magnús Steingrímsson

pípulagningameistari, Skagasei 2, Reykjavík,

lést á heimili sínu þriðjudaginn 13. mars.

Guðrún Hugborg Marinósdóttir,
Margrét Hjartardóttir,
börn, afabörn, tengdforeldrar
og aðrir aðstandendur.



Ástkær eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir og afi,

Einar Guðmundsson

verkfræðingur, Hrauntungu 37, Kópavogi,

lést á heimili sínu aðfaranótt 16. mars. Jarðarförin auglýst síðar.

Sólveig Kristinsdóttir
Guðmundur Konráð Einarsson
Helga Einarsdóttir
Kristín Andrea Einarsdóttir Jóhann Ingibergsson
Berghildur Ýr Einarsdóttir Haukur Einarsson
Ásdís Erla, Sigrún Björk, Einar Aron og Hilmir Nói.



Elskuleg móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

Guðrún Sigríður Baldvinsdóttir,

áður Klettaborg 3, Akureyri,

lést á dvalarheimilinu Hlíð aðfaranótt laugardagsins 10. mars síðastliðinn. Innilegar þakkir til starfsfólks Birki- og Beykihlíðar fyrir frábæra umönnun. Útförin fer fram frá Akureyrarkirkju þriðjudaginn 20. mars kl. 13.30.

Birgir Tryggvason
Anna Margrét Tryggvadóttir Hörður Guðmundsson
Gyðný Tryggvadóttir Ólafur G. Viktorsson
Ólöf Guðrún Ólafsdóttir Thibaut P.M. Guilbert
Anna Margrét Ólafsdóttir
Júlíus Aron Thibautson Guilbert



Rúnar Geimundsson



Sigurður Rúnarsson



Elís Rúnarsson



Þorbjörg Þórðardóttir

Alhliða útfararþjónusta

Símar: 567 9110 & 893 8638

www.utfarir.is • runar@utfarir.is



Útfararþjónustan ehf.



Stofnað 1990

EINAR BÁRDARSON ATHAFNAMADUR ER 35 ÁRA Í DAG

„Maður þarf að vita allt fyrstur, geta allt betur og vinna frá 7 á morgnana til 12 á miðnætti og vanda sig allan tímann.“

Einar ætti að vita allt um það hversu krefjandi starf umboðsmannsins getur verið.



18. MARS 1992

Aðskilnaðarstefnan afnumin

Þennan dag árið 1992 urðu ljósar niðurstöður kosninga í Suður-Afríku þar sem hvíti minnihlutinn veitti umboð til stjórnvalda sem vildu binda enda á aðskilnaðarstefnuna, apartheid. Talsmenn breytinga unnu yfirburðsigur í kosningum, sem metþáttaka var í. Í sumum héruðum fór kosningabátttaka yfir 96 prósent. „Í dag höfum við snúið baki við aðskilnaðarstefnunni,“ sagði F. W. de Klerk, þáverandi forseti landsins, sem fagnaði um leið 56 ára afmæli sínu. Nelson Mandela, forseti ANC, Afríska þjóðarráðsins, sem verið hafði í fangelsi í 27 ár vegna baráttu fyrir réttindum svartra, fagn-



aði einnig niðurstöðu kosninganna. Árið eftir náðist samkomulag um bráðabirgðastjórnarskrá. Árið 1994 vann svo Afríska þjóðarráðið fyrstu opnu kosningarnar í Suður-Afríku og Nelson Mandela varð forseti. Með þessum breytingum var viðskiptaþvingunum á hendur landinu aflétt, Suður-Afríka var aftur tekin inn í Breska samveldið og tók sæti hjá Sameinuðu þjóðunum eftir 20 ára fjarveru. Mandela og de Klerk fengu friðarverðlaun Nóbels árið 1993 fyrir aðgerðir sínar til að afnema aðskilnaðarstefnuna og framlag til uppbyggingar í Suður-Afríku.

tímamót

timamot@frettabladid.is



U2 Hljómssveitin hefur lengi verið mjög pólitísk og andlega sinnuð.

GUÐNI RÚNAR AGNARSSON: GUÐFRÆÐI U2 Í ÞRJÁTÍU ÁR

Er ekki bara rokktonlist

„Þetta er náttúrulega bara ein af þessum stóru hljómsveitum í tónlistarheiminum og það þarf ekki að rýna mikið í texta hennar og lög til að sjá hversu sterka guðstrú hljómsveitarmeðlimir hafa,“ segir Guðni Rúnar Agnarsson sem hyggst fjalla um guðfræði í tónlist U2 á Rás 2 klukkan þrjú í dag. „Auðvitað er bara hægt að hlusta á þetta sem venjulega rokktonlist og hafa gaman af en

ég ætla að reyna að varpa ljósi á þessa dýpt sem býr í tónlist þeirra og hvernig hún hefur snert mig. Reyna að opna einhverjar gáttir til háls þannig að þeir sem hafa áhuga geti sjálfir reynt að skilja tónlist þeirra,“ útskýrir Guðni. Hann segist alltaf hafa hlustað mikið á þá sem rokkhljómsveit og fylgst grannt með gangi mála. „En smám saman uppgötvadi ég þessa dýpt og þá opnaðist tónlist þeirra fyrir mér. Þarna eru fleiri fletir og þeir vilja snerta einhverja dýpristrengi með tónlist sinni,“ segir Guðni.

U2 er meðal áhrifamestu og vinsælustu hljómsveita í heimi. Sveitin var stofnuð í Dublin undir lok áttunda áratugarins og sló fyrir alvöru í gegn á Live Aid tónleikum á Wembley 1985 þar sem söngvari sveitarinnar, Bono, fór hamföllum á sviðinu. Á fyrstu árum sveitarinnar leit þó út fyrir að samstarf fjórmenningana myndi ekki lifa eins lengi og raun ber vitni. The Edge, Bono og Larry Mullen jr. voru allir virkir þátttakendur í trúarsöfnunum Shalom en stór hluti safnaðarmeðlima voru listamenn sem töldu sig hafa fundið réttan farveg fyrir list sína í guði og trúnni. „Adam Clayton stóð hins vegar fyrir utan þetta og sætti sig ekki við að þetta hefði svona mikil áhrif á störf

sveitarinnar,“ segir Guðni en þeim tókst að leysa úr þessum ágreiningi sínum og sögðu sig seinna meir úr þessum söfnuði. „Reyndar hefur Bono alltaf sagt að Clayton sé mest andlega sinnaður af þeim öllum,“ bætir hann við.

Guðni segir að ekki sé meira eða minna af kristnum boðskap í textum þeirra í dag. „Hann er kannski ekki jafn berorður og hann var á til dæmis October sem kom út í byrjun níunda áratugarins en þar sungu þeir Gloria og Rejoice. Á síðustu plötunni ákalla þeir síðan Jahve. Þeir hafa einfaldlega fundið sína trú og fylgja henni,“ útskýrir Guðni sem þó hefur ekki hlotnast sá heildur að komast á tónleika með sveitinni.

GUÐNI RÚNAR
Hyggst fjalla um guðfræðina í textum og tónlist írsku rokkhljómsveitarinnar U2 næstu fjóra sunnudaga.



Mikil ánægja með skipið

Togarinn Vestmannaey VE 444 er nýkominn til Vestmannaeyja eftir að hafa verið í smíðum í Póllandi. Útgerðarfyrtækiað Bergur/Huginn lét smíða skipið, sem er 28,95 metrar að lengd og 10,4 metrar að breidd. „Þetta hefur vel tekið til og það var myndarlega að þessu staði hjá Pólverjunum,“ segir Magnús Kristinsson, forstjóri fyrirtækisins, um nýja skipið. „Það er mikil ánægja í bæjarfélaginu að fá nýtt skip og nú vantar bara fólk til Vestmannaeyja til að vinna, vinna og vinna.“ Heimkoma Vestmanna-

eyjar var glæsileg og héldu skip Bergs/Hugins, þau Vestmannaey VE 54 og Smáey VE 144, út á móti hinni nýju Vestmannaey og sigldu skipin til hafnar í halarófu. Séra Guðmundur Örn Jónsson, prestur í Vestmannaeyjum, blessaði skipið og áhöfn þess og fór með Faðir vor ásamt viðstöddum. Eftir það var boðið upp á léttar veitingar um borð. Magnús Kristinsson hefur þegar skrifað undir samning um að láta smíða annað skip fyrir sig, Bergrey VE 544, sem er væntanleg til Eyja í haust.



VESTMANNAEY VE 444 Nýja skipið er komið til Vestmanneyja en það var smíðað í Póllandi. MYND/OSKAR PÉTUR

MAX

RAFTÆKI

109.995 kr.
 32 tommur **Fullt verð 159.999**

Philips 32PF5331

- 32" LCD breiðtjaldssjónvarp
- Upplausn 1366x768 punktar
- Digital Crystal Clear
- Progressive Scan
- HD Ready
- Skerpa 1.600:1
- Active Control og Contrast Plus
- 2 x 30w Nicam Stereo hljóðkerfi
- Dolby Virtual Surround
- 2 Scart (með RGB), 2 HDMI, Comp., SVHS, CVBS og heyrnartólstengi

49.899 kr. **Fullt verð 54.999**




- Philips DVDR3460H**
- Fjölkerfa DVD spilar með upptöku
 - 250GB harður diskur - allt að 400 tíma upptaka
 - Beint á DVD af harða disknum með einum takka
 - 6 tíma uppt. (DVD+R/RW og DVD-R/RW) á DVD
 - FlexTime - gerir hlé á útsendingu
 - Dolby Digital
 - i-Link (DV, Firewire, IEEE1394)
 - 2 Scart, SVHS og RCA AV inn/út
 - Optical og Coaxial tengi
- Spilar DVD, DVD+R/RW, DVD-R/RW, (S)VCD, MPEG4 og DivX 3.x/4.x/5.x/6.0 og CD, CD-R/RW, MP3/WMA og JPEG

29.999 kr. **Fullt verð 39.999**



- Philips MCM760**
- 2x150w míkro samstæða
 - Spilar MP3/WMA í gegnum USB
 - Geislaspilar með MP3 afspilun
 - FM útvarp með 40 stöðvaminnum
 - USB og Aux inn
 - Heyrnartólstengi
 - Incredible Surround
 - Dynamic Bass Boost
 - Segulband
- Spilar CD, CD-R/RW, MP3 og WMA

29.999 kr. **Fullt verð 44.999**



- Enox LTV7417HD**
- 17" LCD sjónvarp
 - Upplausn: 1280x1024 punktar
 - Progressive Scan
 - 12w Nicam Stereo hljóðkerfi
 - Scart, Component, SVHS, CVBS og heyrnartólstengi
 - VGA tengi

49.999 kr. **Fullt verð 59.999**



- Sony DAVDZ110**
- Frábært heimabíó með DIVX
 - S-Master Full Digital magnari
 - Total 850W (142W x 6)
 - Sjálfvirk uppsetning (stilling) með hjálp hljóðnema
 - DTS/Dolby Digital/Dolby ProLogic II
 - RDS Tuner FM20/MW10 minni
 - Tengi fyrir Walkman að framan
 - A/V SYNC (Lip Sync)
- Spilar DVD-R/RW (Video/VR), DVD+R/RW, SVCD og MP3/JPEG

14.499 kr. **Fullt verð 16.999**



- JBL SPOT**
- 2.1 multimedia hátalarakerfi
 - Fyrir tölvur, MP3, CD ofl.
 - 2 litlir hátalarar og bassabox
 - 2x6w og 1x24w magnari
 - Snertitakkar (volume)
 - 3.5mm jack tengi

17 tommur

PakkaTilboð CANON EOS 400D 10.1 MEGAPIXEL + 5 FYLGIHLUTIR



- Fylgir með**
- Sarotech Abigs**
- Gagnaflakkari
 - DVI/Lan
 - Með USB
 - DivX



- Fylgir með**
- SanDisk SDCFH2048902**
- CompactFlash 2Gb Ultra II
 - 10MB/s les hraði
 - 9MB/s skrif hraði



- LowePro SlingShot**
- Mjög vandaður bakpoki
 - Sérhannaður fyrir völinu
 - Draumur ljósmyndarans

Fylgir með



- Western Digital WD320GB**
- Harður diskur
 - 320Gb wd ATA 100 8mb

Fylgir með



Fylgir með

- Canon IP 1700 - 2 hylkja prentari**
- Prentar 10x15 blæðandi myndir í ljósmyndagæðum á 55 sek.
 - Ljósmyndagæði - Allt að 4800x1200 dpi upplausn
 - ChromaLife100 kerfi sem eykur endingu ljósmynda
 - Hraðvirk blæðandi útprentun í allt að A4 stærð

Allt þetta á aðeins

148.999 kr. **Fullt verð 212.985**

OPNUNARTÍMI
 Mánudaga til föstudaga kl. 11-19.
 Laugardaga kl. 11-18 og Sunnudaga kl. 12-18.

Við erum beint á móti IKEA

MAX / Kaupþúni 1 / 210 Garðabæ / Sími 412 2200





MIKIÐ VATN RUNNIÐ TIL SJÁVAR Þorgerður Ingólfur Ingólfsson kórstjóri segir tíðarandann vera allt annan í dag en þegar hún hóf störf sín sem kórstjóri árið 1966.

Góð tilfinning að þjóna

Stór hluti þeirra íslensku tónlistarmanna sem notið hafa farsældar sem listamenn í fagi sínu hafa hlotið eldskírn sína undir stjórn **Þorgerðar Ingólfur Ingólfsson**. Í nærri 40 ár hefur hún leiðbeint fríðum hópi ungmenna í gegnum söng sem snert hefur hug og hjörtu landsmanna og fyrir það merka starf var Þorgerður á dögum útnefnd heiðursverðlaunahafi Samfélagsverðlauna Fréttablaðsins. **Júlía Margrét Alexandersdóttir** fékk innsýn í lífsstarf kórstjórans.

Ég lít á starf mitt sem listrænt uppeldisstarf,“ segir Þorgerður. „Kennararstarf þar sem maður tekur á móti ómótuðum unglíngum. Það að ná góðum árangri í tónlistinni er auðvitað takmarkið og oft tekst með þrýði að ná listrænum hæðum í starfinu. En hlutverk mitt byggist líka mikið á því að vera til staðar, sýna væntumþykju gagnvart einstaklingnum sem þú ert að vinna með og manneskjulegan skilning. Stundum finnst mér eins og ég hafi hreinlega verið auka mamma fyrir suma af nemendum mínum. Leyndardómurinn er að stilla hljóðfærið sitt, kórinn, svo vel að það snerti við sálinni,“ svarar Þorgerður þegar hún er spurð um hvað starf hennar snúist. Þeir fjölmörgu sem hlýtt hafa á söng kóranna hennar Þorgerðar hafa upplifað þann leyndardóm og margir þeir hördustu staðið sjálfa sig að því að ganga voteygir út af tónleikum.

Að þjóna er vanmetið starf

Vinnan sem liggur að baki nokkurra mínútna lagi eða stuttri tónsmíð er þó meiri en nokkur gerir sér grein fyrir, þar sem Þorgerður hvetur fólkið sitt áfram, dag eftir dag, kvöld eftir kvöld í vikur og mánuði. Í hraða og lífsgæðakapphlaupi eiga margir eflaust erfitt með að skilja hvaða elja liggur þar að baki, að vinna svo óeigingjarnt starf sem gefur lítið í aðra hönd. Þorgerður segir verðmætin ekki liggja í peningum, það sé mikill misskilningur að lífsgæðin séu bill eins og segir í auglýsingunni. „Ég hef alltaf lítið á mig sem þjón tónlistarinnar. Og það sem mér finnst svo sorglegt er að samfara því að við nýtum okkur meir og meir alla þá þjónustu sem í boði er, virðumst við Vesturlandabúar vera að missa gleðina yfir því að þjóna og verða öðrum að líði. Of oft er hugsunarhátturinn sá að vinnan sé leiðinlegt fyrirbæri og allt líf eftir að vinnu lýkur sé skemmtunin sem við bíðum eftir. En hver er þessi skemmtun? Hér áður var kennt á laugardögum og í þá daga þekktist það vart að óska náunganum góðrar helgi. Það er vissulega falleg kveðja, að óska einhverjum góðs, en af hverju ekki bara að óska honum góðs mánu dags eða þriðjudags alveg eins? Við þurfum að læra aftur að njóta vinnunnar og hversdagsins.“

Ung kona sem vakti forvitni

Þegar Þorgerður kom til starfa sem kórstjóri hjá Menntaskólanum við Hamrahlíð var hún aðeins litlu eldri en nemendurnir sjálfir, eða um 23 ára gömul. Engu að síður

vann hún þar frumkvöðlastarf í kórastarfi á Íslandi því í þá daga var engin hefð fyrir því að í framhaldsskólum landsins væru kórar nemenda starfandi. „Þetta var mjög nýstárlegt og framandi í byrjun. Ég var ung, skildi ekki alveg hættuna sem var þarna fyrir hendi og gekk bara inn í þetta á „fjórðarskóm“, létum skrefum. Þetta brautryðjendastarf í kórastarfi í menntaskóla samræmdist vel hugmyndum þessa nýstofnaða skóla sem var opin fyrir nýjungum í skólumálum og hálfgerður tilraunaskóli á sínum tíma. Krakkarnir voru sjálfir spennir fyrir kórnum enda var þetta eitthvað nýtt um leið og fyrirbærið kór var líka svolítið gamaldags en það var varla til að ungir strákar syngju í kór. Það hjálpaði mér líka eflaust að vera nálægt krökkunum í aldri. Ung kona í stuttu þili, nýkomin úr námi í Ameríku sem þá var svo langt í burtu, að stjórna kór. Þetta vakti forvitni nemendanna, þeir voru að velja því fyrir sér hver væri kærastinn minn og svona hitt og þetta,“ segir Þorgerður og skellir upp úr. „Þá var ég ekki gamla, stranga Þorgerður,“ bætir hún við.

Samhaldnir kórfélagar

Þorgerður segist líka hafa átt góða að. Fjölmörgu tónlistarkennaranna sína. Og í sínu langa starfi hefur hún alltaf búið að því að vera treyst. „Mér var treyst fyrir þessu starfi sem ungi og brothættir manneskju og það hefur verið mér leiðarljós í mínu starfi: Að treysta ungu fólki. Og það er ekki síður mikið þakkarefni að þetta unga fólk skuli treysta mér í sinni vinnu og verkefnum.“ Þorgerður rifjar upp í tilefni þessara umræðna stutt atvik af æfingu nýverið þegar Atli Heimir Sveinsson kom á æfingu hjá kórnum. „Þetta mikla tónskáld okkar talaði svo fallega til þeirra sem jafningja að ég var hreinlega hrædd. Það hefur verið mér mikil gæfa í þessu starfi að kynnast góðu, skemmtilegu og heilsteyptu fólki og fá að upplifa hluti með þeim í þeirra lífi. Auðvitað þekki ég ekki alla persónulega og náði. En á fyrstu árum kórsins, kynntist ég öllum mjög náði og margir kórfélagar eru meðal minna bestu og nánustu vina. Saman höfum við deilt sorg og gleði og það er ótrúleg upplifun að sjá hve þétt krakkarnir standa saman í gleði og velgengni en líka í erfiðleikum og þegar einhver á bág. Sömuleiðis er gleði mín mikil að sjá ljós kvikna í augum nemenda minna í söngnum, sem hafa ekki haft það of gott.“

Galdur á hverju hausti

Á hverju hausti gengur Kór Menntaskólans

við Hamrahlíð í endurnýjun lífdaga þar sem nýir og nýir einstaklingar bætast í hópinn og aðrir detta úr. Endurnýjunin er alltaf mikil í Hamrahlíðarkórnum. Engu að síður tekst Þorgerði, ár eftir ár, að mynda sterka heild sem tekst að vera meðal þeirra fremstu í sínu fagi og eftirsótt er af tónskáldum að fá kórinn til að frumflytja verk sín. Hver er galdurinn? „Góð samvinna, mikið úthald, þolinmæði, jákvæður agi og vilji til góðra verka. Ég vil sjálf meina að krakkarnir geri oft miklu betur en þau hafa efni á. Það sem einkennir þennan kór er fyrst og fremst þetta æskuþor, dirfska og einlægni unga fólksins. Þegar við eldumst verðum við oft svo hrædd við okkur sjálf en þetta þekkjast þau ekki heldur láta þau kjarkinn ráða för og gefa svo bara í,“ svarar Þorgerður og bætir við að hún hafi lært mikið af því að horfa sífellt á heiminn með þeirra ungu augum.

Úthald ekki bara líkamlegt fyrirbæri

Ferðalög, tónleikar sem opnir eru öllum að kostnaðarlausu og annað í kringum starfið kostar peninga en þá kemur að sjálfs-

þjargarviðleitinni segir Þorgerður. Það þýðir lítið að sitja og bíða eftir styrkjum og slíku. Kórfélagar safna dósom, selja klósettappír og annað og reyna þannig að ná saman einhverjum peningum upp í kostnað. „Þjóðfélagið í dag gerir ekki mikið í því að ala upp í fólki sjálfsþjargarviðleitnina sem er svo mikilvæg. Hversdagsleikinn er einhvern veginn að gufa upp og allir dagar eru orðnir hálfspari. Ef til vill fáum við á Íslandi of mikið upp í hendurnar fyrirhafnarlaust. Þetta eyðileggur viljastyrkinn og úthaldið sem manneskjan þarf á að halda til að takast á við allt það sem lífinu fylgir. Úthald er ekki bara eitthvað sem er mælt í líkamsræktarstöðvum heldur líka í lífinu sjálfu,“ segir Þorgerður. „Listiðkun er að mestu leyti mikil vinna, þrotlaus ástundun og agi og það á líka við um lífið.“

Þorgerður segist enn eiga nóg inni og hún upplifir sig enn unga og þróttmikla og hún horfir björtum augum á framtíðina. „Ég vona að ég beri gæfu til að fá að starfa áfram og þegar minn tími kemur að þetta starf deyi ekki með mér heldur fái að vaxa og dafna um ókoma framtíð“ segir Þorgerður.

TILURÐ KÓRANNA

20 ÁRA GAMLIR NEMAR OG KÓRINN SYNGJA ÁRIÐ 1981.



Kór Menntaskólans við Hamrahlíð var stofnaður haustið 1967 og hefur Þorgerður Ingólfur Ingólfsson verið stjórnandi hans frá upphafi.

Hamrahlíðarkórinn, sem er kór brautskráðra nemenda, hóf starfsemi sína árið 1982. Undir stjórn Þorgerðar Ingólfur Ingólfsson hafa kórnir komið víða við og unnið ótrúleg afrek.

Langt er að rekja þann lista landa sem kórnir hafa sungið í en þar má finna flest Evrópulöndin, Japan, Bandaríkin, Kanada, Ísrael og Filippseyjar.

Kórnir hafa komið fram fyrir Íslands hönd á fjölmörgum tónlistarhátíðum og kóramótum og Hamrahlíðarkórinn vann til fyrstu verðlauna í alþjóðlegu kórakeppni „Let the Peoples Sing“ árið 1984 en keppnin er haldin á vegum evrópsku útvarpsstöðvanna.

Árið 2003 hlaut kórinn íslensku tónlistarverðlaunin í flokknum Flytjandi ársins og kórinn hefur tvisvar verið tilnefndir til tónlistarverðlauna Norðurlandaráðs. Kórnir hafa gert margar upptökur fyrir útvarp og sjónvarp, bæði á Íslandi og erlendis. Þrjár hljóðplötur hafa komið út með söng kóranna og fimm hljóðdiskar.

Hamrahlíðarkórnir hafa sungið mörg stórvirki tónbókmenntanna með Sinfóníuhljómsveit

Íslands, meðal annars Dafnis og Klói eftir Ravel, Sálmasinfóníu Stravinskíjs, Niundu sínfóníu Beethovens og Requiem Mozarts.

Á annað þúsund ungmenna hafa hlotið tónlistaruppeldi í Hamrahlíðarkórnum undir leiðsögn og stjórn Þorgerðar Ingólfur Ingólfsson tónskáld, íslensk og erlend hafa samið verk fyrir Þorgerði og kórana hennar og lætur nærri að um 100 ný verk hafi verið frumflutt af þeim. Þorgerður hefur lagt ríka áherslu á að kynna íslenska tónlist á tónleikum víða um heim. Hún var aðalstjórnandi æskukórsins Radda Evrópu sem var víðamesta samstarfsverkefni menningarborga Evrópu árið 2000. Kórinn hélt tónleika um alla Evrópu og frumflutti meðal annars tónverkið „...which was the son of...“ eftir Arvo Pärt en verkið er tileinkað Þorgerði. Hún hefur hlotið margvíslegar viðurkenningar fyrir störf sín og list, þar á meðal íslensku fálkaorðuna og stórriddarakross hinnar konunglegu norsku heiðursorðu. Hún hefur hlotið verðlaun STEFS fyrir flutning íslenskra kórverka og hún er fyrsta konan sem hlaut Bjartsýnisverðlaun Bröstes. Þorgerður hefur tekið virkan þátt í alþjóðlegu samstarfi á sviði tónlistar og situr meðal annars í ráðgjafanefnd Europa Cantat og á sæti í dómnefnd Ólympíuleikanna í kórtónlist.



**Komdu
norður!**



Matur



Menning



Listir



Útivist

Helgarævintýri á Akureyri

Akureyri býður upp á fjölbreytta möguleika fyrir þá sem vilja njóta ævintýralegrar skemmtunar í einstöku umhverfi. Og svo eru Jarðböðin við Mývatn og fleira stórskemmtilegt steinsnar frá.

Nokkrar staðreyndir um ferðamannabæinn Akureyri:

- Leikhús, skemmtileg söfn, tónleikar, fjöldi gallería – og kaflar úr menningar- og listasögu landsins í hverju skrefi.
- Skíðaparadís (með heimatilbúnum snjó ef þarf), 2 sundlaugar, 3 líkamsræktarstöðvar, skautahöll, nyrsti 18 holu golfvöllur í heimi, skipulagðar gönguleiðir, óvissuferðir – og svo að sjálfsgöðu Kjarnaskógur, þessi perla!
- 4 hótél, 16 gistiheimili, 200 orlofsíbúðir, 3 tjaldsvæði – og aðrir gistimöguleikar allt um kring.
- 15 veitingastaðir, 6 kaffihús, 2 kvikmyndahús, 6 skemmtistaðir.
- Auðvelt að komast um: Frítt í strætó og frí bílastæði.
- Gott úrval fjölda ólíkra verslana.

Nánari upplýsingar um ferðamöguleika og viðburði á akureyri.is og norðurland.is.

Opið í dag
kl. 13.00-17.00



Vegna breytinga og flutninga á verslun okkar bjóðum við í takmarkaðan tíma allar vörur með

30-70% afslætti!

Fyrstir koma - fyrstir fá!

RÝMINGARSALA

VEGNA FLUTNINGA

NÝJAR VÖRUR!!

BESTU KAUPIN
Í BÆNUM!

- FULL BÚÐ AF FALLEGUM VÖRUM

30-70%
AFSLÁTTUR

Opið í dag, sunnudag
kl. 13.00-17.00



HÚSGAGNAVERSLUN

Síðumúla 20, sími 568 8799, www.ondvegi.is - ondvegi@ondvegi.is / Opið virka daga 10-18, laugardaga 11-16, sunnudag 13-17.

Það er ekki hægt að þegja lengur

Alma Geirdal og Edda Ýrr Einarsdóttir samstarfskona hennar stofnuðu Forma samtökin eftir að hafa glímt við átröskun. Þær vildu bæta stöðu þessara sjúklinga, gera meðferðarúrræði fyrir þá markvissari og upplýsa almenning um hve alvarlegur sjúkdómur átröskun er. **Karen D. Kjartansdóttir** ræddi við Ölmum um þróun sjúkdómsins og meðferðarúrræði við honum.

Astandið er alvarlegt, það fer ekki fram hjá neinum að átröskun er gríðarlega stórt vandamál hér á landi, og ekki er hægt að þegja lengur yfir því hversu illa er staðið að málum átröskunarsjúklinga innan heilbrigðiskerfisins,“ segir Alma Geirdal, framkvæmdastjóri og ráðgjafi Forma, samtaka átröskunarsjúklinga.

Nýbakaðar mæður strax í megrun
Hefur þú séð einhverja sérstaka þróun á síðastliðnum árum?
„Aukningin held ég að sé mest meðal nýbakaðra mæðra. Það eru gerðar miklar kröfur um að konur geti næstum farið í gömlu gallabuxurnar á fæðingarveildinni. Það eru bæði ósanngjarnar og hættulegar kröfur.“

Ég veiktist sjálf af þessum sjúkdóm eftir að hafa gengið með mitt annað barn árið 2003. Á þeim tíma voru nýbakaðar mæður í minnihluta þeirra sem leituðu sér hjálpar við sjúkdómnum. Þetta hefur breyst mjög mikið. Nú er svo komið að það er þörf á því að fara af stað með sér hópa fyrir nýbakaðar mæður sem þjást af átröskun.

Það fer ekki framhjá neinum að markaðsöflin beina spjótum sínum mjög að konum sem hafa nýlega alið barn. Þær eiga að fara

MILLILÍÐALAUST

FRÉTTAVIÐTAL Á SUNNUGAGUR

strax í ræktina og fara á „sníðuga“ megrunarkúra og svo framvegis.

Sjálf fæ ég sting í hjartað þegar ég sé auglýsingar sem beina spjótum sínum að konum sem eru nýbúnaar að eignast barn. Ef einhver á að fá að standa utan við áreiti fjölmíðla og markaðsafla þá eru það þær. Kalóríutalningar og hlaupabretti eiga að standa utan við tengsl móður og barns.“

Um 10 prósent karla með átröskun

Hvað með karlmennt hafa þeir sloppið við þennan sjúkdóm?

„Nei, alls ekki. Sjúkdómurinn brýst yfirleitt ekki fram á annan hátt hjá þeim en konum. Þeir eru í uppköstum og föstum auk annarra skaðlegra fylgifyska átröskunar. Það sem er ólíkt við sjúkdóminn hjá körlum og konum er hversu miklu erfiðara karlmennt eiga með að viðurkenna hann. Nú eru karlmennt um 10 prósent sjúklinga. Þeir eru ekki mikið tilbúnir að vera með í hópastarfi en fer fjölgandi. Auk þess hef ég orðið vör við að símtöl frá áhyggjufullum aðstandendum ungra pílta eru orðin algengari.“



ALMA GEIRDAL Finnst sérstaklega sárt hversu stór hluti átröskunarsjúklinga eru nýbakaðar mæður.

FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

„Nú er svo komið að það er þörf á því að fara af stað með sér hópa fyrir nýbakaðar mæður sem þjást af átröskun.“

Hvað hefur breyst á þeim tíma sem samtökin hafa verið starfandi og hvaða breytingar finnast þér brýnast að gera í náinni framtíð?

„Breytingarnar sem við höfum hvatt til í heilbrigðiskerfinu hafa ekki verið eins miklar og við hefðum óskað. Það er mikið af hæfu starfsfólki en það er of fáliðað og sjúklingarnir of margir. Mér finnst í raun ekki hægt að tala um eiginlega sérhæfingu á meðan staðan er þannig. Á því ber heilbrigðiskerfið ábyrgð.“

Mér þykir brýnt að hætt verði að nálgast þennan erfiða geðsjúkdóm út frá sífelldri umræðu um mat og þyngd, það er ekki aðalatriðið í þessum veikindum.

Þetta eru erfiðir sjúklingar sem eru alveg meðvitaðir um allt sem kemur að þyngd og mat. Það sem þeir þarfnast er aftur á móti

stíft prógramm, ást og umhyggja. Þessum þörfum er ekki fullnægt nægilega vel eins og staðan er. Of mikið er að gera á deildum og þá er hætt á að sjúklingarnir fái á tilfinninguna að þeir séu ekki nægilega merkilegir. Þá er mjög hætt við að þeir fari í baklás. Það sem þá vantar er öryggi og ró en slíkt er ekki að finna á geðdeildum í miklum mæli.“

Bannað að tala um þyngd og uppköst

Fundir fyrir fólk með átröskunarsjúkdóma hafa oft verið gagnrýndir vegna lélegs árangurs. Hvernig er ykkar fundum hagað?

„Sú gagnrýni er réttmæt. Þessir fundir geta verið mjög hættulegir. Ég og Edda Ýrr þekktum það báðar að hafa setið á fundum um átraskanir sem skiluðu okkur ekki öðru en nýjum aðferðum til

að viðhalda sjúkdómnum. Á fundunum voru líka allir sjúklingarnir í miklu volæði og engin jákvæð uppbygging var í gangi fyrir þá. Þessu vildum við breyta. Fundirnir hjá okkur hafa aðra nálgun. Á þeim er bannað að tala um uppköst, þyngd og lyfjainntöku. Í stað þess reynum við að byggja fólk upp með jákvæðum hætti með það að markmiði að það geti snúið aftur til leiks í samfélaginu. Þessi veikindi ræna fólk öllu sjálfstrausti og lífsvilja, því er mjög mikilvægt að fundir sem eiga að vera meðferðarúrræði leiði ekki til enn frekari veikinda eins og oft hefur gerst þegar ekki er haldið við utan um það sem fer fram innan þeirra.“

Á hvaða aldri eru sjúklingar sem þjást af átröskun?

„Líklega eru flestir sjúkling-

arnir konur á aldrinum 16 til 26 ára. Það er samt alltaf að koma betur í ljós að sjúkdómurinn leggst á fólk algerlega óháð kyni eða aldri.“

Yngsta stúlkan sem hefur verið lögð á spítala hér á landi er átta ára. Þess er vert að geta að hér á landi eru sjúklingar ekki lagðir inn vegna átraskanana nema þeir séu mjög alvarlega veikir og í lífshættu. Við í Forma höfum svo haft hjá okkur sjúklinga á sjötugsaldri þannig það er alveg ljóst að þetta er ekki einhver unglingasjúkdómur eins og sumir töldu átröskun vera fyrir nokkrum árum.“

Samfélagið yfir undir átröskun

Hvað vekur upp sjúkdóminn?

„Þótt talað sé um sjúkdómurinn geti verið arfgengur tel ég að áhrifavaldarnir séu fyrst og fremst samfélagið. Konur hafa lengi ekki fengið að vera í friði með útlit sitt heldur eiga þær að vera steiptar í sama mót. Sama krafa er nú gerð í auknum mæli til karlmanna og meira að segja er svo komið að börn geta ekki verið óhult fyrir þessum áhrifavöldum. Við getum aldrei skellt skuldinni á tónlistarmyndbönd eða leikara en við getum verið vakandi fyrir því hvað fyrir börnum okkar er haft og verið gagnrýnin á þau skilaboð sem okkur eru send.“

Gegndarlaus umræða um „heilsufæði“ og „heilsusamlegt lífverni“ finnst mér varasöm. Nú getur engin verið maður með mönnum nema fara í „detox“ eða afeitrun sem felur í sér föstur og vert að geta þess að það getur verið mjög hættulegt. Það geta allir fastað en það geta ekki náðar nærri því allir hætt að fasta.“

Ölmur er mikið niðri fyrir þegar umræðan snýst að börnum. Hún minnst á að svokölluð kjörþyngd geti verið varasöm og segir að allt of oft þurfi hún að halda fyrirlestira yfir stúlkum á aldrinum 11 til 13 ára sem hafa miklar áhyggjur af þyngd sinni.

„Ég ætla mér líka að leyfa mér að gagnrýna uppátæki líkamsræktarstöðva sem hafa komið upp líkamsræktarstöð fyrir börn. Fólk verður bara að eiga það við mig en mér finnst ekki við hæfi að litlum börnum sé att út í líkamsrækt og að þessar stöðvar eigi að sýna þá ábyrgð öllu inn.“

Það hafa mjög fáar íslenskar rannsóknir verið gerðar um þennan sjúkdóm. Aftur á móti hef ég séð að það er talið að á meðal kvenna á aldrinum 13 til 27 ára séu helmingi fleiri dauðsföll sem rekja má til átröskunar heldur en til krabbameins. Þá eru sjálfsvíg meðal þessa hóps ótalin en þau eru algeng.“

Hvaða breytingar viltu sjá?

„Ég get ekki sagt að heilbrigðiskerfið hafi staðið sig í málefnum þeirra sem þjást af átröskunum. Spítalarnir eru ekki tilbúnir til að sinna sjúklingum með átraskanir eins og þarf þótt starfsfólkið reyni eftir fremsta megni að gera sitt besta.“

Það tók fjögur ár að opna göngu-deild til að koma til móts við þá sem þurftu á úrræðum að halda vegna lystarstols og lotugræðgi. Hög langar ekki að ímynda mér, hvað þá vita, hvað kostnaðurinn við nefndarstörf þessi ár var mikill. Ef við miðum við þann tíma sem tók að opna deildina er ég ekki bjartsýn að sérhæft meðferðarheimili fyrir átröskunarsjúklinga verði opnað í bráð en það er full þörf á því.

Átröskun er dauðans alvara.“

sköpun og miðlun

Listaháskóli Íslands

Umsóknir

fyrir skólaárið 2006-2007

- TÓNLISTARDEILD
Umsóknarfrestur til **23. mars**
- MYNDLISTARDEILD
Umsóknarfrestur til **23. mars**
- HÖNNUNAR- OG ARKÍTEKTÚRDEILD
Umsóknarfrestur til **23. mars**
- KENNARANÁM
Umsóknarfrestur til **1. maí**

Rafænar umsóknir
og upplýsingar um
inntöku eru á
heimasíðu skólans

www.lhi.is

Sími: 552 4000

Netfang: lhi@lhi.is

■ LISTAHÁSKÓLI ÍSLANDS
· ICELAND ACADEMY OF THE ARTS ·



AUGLÝSINGABRELLA? James Cameron hefur vakið upp óþægilegan draug með heimildarmynd sinni *The Lost Tomb Of Jesus* en margir telja þetta vera markaðs-brellu.

Ástir Jesú Krists og örlög

Þó að í hugum flestra kristinna manna sé Jesús Kristus heilagur maður hafa ýmsar kenningar, og samsæriskenningar, um líf hans verið vinsælar meðal fræðimanna og ekki hvað síst meðal skáldsagnahöfunda. Nýverið bættist bandaríski kvikmyndaleikstjórinn James Cameron í þann hóp og taldi sig hafa fundið gróf Jesú og fjölskyldu hans. Freyr Gígja Gunnarsson skoðaði málið og ræddi við **Pórhall Heimisson** um þennan lífseiga orðróm um ástir og örlög frelsara mannskyns.

Kapólska kirkjan, frumkirkjan, er sveipuð leyndardómum og dularfullum sögum um leynireglur og því er kannski ekki skrítið að samsæriskeningasmíðir fái sitthvað fyrir sinn snúð í sögu hennar og menningu. Þessar smíðar náðu ákveðnu hámarki þegar Dan Brown gaf út bókina *Da Vinci* lykilinn. Reyfari um Róbert Langdon og leit hans að hinu heilaga „graal“, ættlið Jesú og baráttu við leyniregluna Opus Dei sló í gegn svo um munaði. Bókin seldist eins og heitar lummur og voru þeir ófáir sem töldu að þarna væri um sögulegar staðreyndir að ræða. Í formála bókanna er meira segja látið að því liggja að svo sé. Da Vinci lykillinn byggir allt sitt á fræðiritinu *The Holy Blood and the Holy Graal* en í bókinni kristalladist kannski hvað best þessi trú manna um mannlegt eðli Jesú, að hann hefði átt í ástarsambandi

við Maríu Magdalenu og að þau hefðu uppskorið ávöxt ástar sinnar. Enda, hvað er mannlegra heldur en að verða ástfanginn?

Margir kirkjunnar menn hugsa með hryllingi til þessara vinsælda og var kapólska kirkjan þar fremst í flokki enda hefur hún predikað skírlífi presta frá upphafi og vísað þar til afneitar Jesú Krists á holdlegu lífi með hinu kyninu. Hann helgaði sig guði og andanum en ekki efninu og syndum þess.

Gróf Jesú fundin

Þó að fárið í kringum Brown og bók hans hafi að einhverju leyti sjatnað hefur leikstjórinn Cameron hleypt nýju lífi í þessar kenningar um tilhugalíf Jesú Krists. James Cameron er flestum kunnur fyrir kvikmyndir sínar um *Tortímandann* og *Titanic* en að undanförunu hefur hann einbeitt sér að gerð heimildarmynda. Hann og ísraelski kvikmyndagerðarmaðurinn Simcha Jacobovici fóru saman og rannsökuðu grafhýsi sem ísra-



PÓRHALLUR HEIMISSON Hefur um árabíl kennt Íslendingum fræðin á bak við kenningarnar um líf og starf Jesú Krists.

elskir fornleifafræðingar fundu árið 1980 í Talpiot-hverfinu í Jerúsalem. Í grafhýsinu voru tíu kistur og á nokkrum þeirra voru hebræsku nöfnin Yeshu Ben Yossef (Jesús sonur Jósef), Yehuda Bar Yeshu (Jósef sonur Jesús), Marta og Myriam (María) rituð, en þessi nöfn eru öll vel þekkt úr Nýja testamentinu. Fundurinn og kvikmyndin vöktu athygli heimspressunnar enda þykir ætíð spennandi þegar nýtt sjónarhorn er dregið fram um líf Jesú Krists. Þótt flestir fræðimenn skelli skollaleyrum við yfirlýsingum Camerons og telji þetta slagorðaglamur vekur hann þó upp óþægilegan draug í herbúðum kirkjunnar og krefur hana um svör við spurningum sem henni hefur reynt erfitt að svara. Er það möglegt að Jesús hafi getað orðið ástfanginn, jafnvel elskað konu, þau haft líkamlegt samneyti og eignast börn? Spurningarnar hleypa ímyndunaraflinu á flug. Væri það ekki spennandi ef afkomendur Jesú sjálfs og Maríu Magdalenu væru meðal oss og að kannski væru þau með erfðamengi guðs? Ekki að furða þótt samsæriskeningasmíðir og skáld nýti sér þessa óvissu í verkum sínum og hljóti miklar vinsældir fyrir.

Fundarstaðurinn hæpinn

Með fullyrðingum James Cameron í heimildarmyndinni, *The Lost Tomb of Jesus*, er þó gengið mjög nálægt grunnstöðum kristinnar trúar. Jesús Kristus lifði og dó fyrir mannkynið og ef gróf hans og hvað þá fjölskyldu væri fundin þýddi það að frelsarinn hefði alls ekki dáðið fyrir syndir manna heldur jafnvel verið spámaður sem hefði látið sig hverfa eftir að hafa komið boðskap sínum á framfæri. „Reyndar er staðurinn þar sem Cameron segist hafa fundið gróf Jesú og fjölskyldu hans mjög hlægilegur. Jósef, þekktur sagnaritari í Jerúsalem um árið 75, minnst á Jesú í sínum ritum og hefði vafalítið látið þess getið hvar hann hefði verið grafinn en því var ekki að heilsa,“ segir Þór-

hallur Heimisson, sóknarprestur í Hafnarfjarðarkirkju, sem um árabíl hefur kennt Íslendingum sögurnar á bak við samsæriskeningarnar um Jesú og þá ekki síst fræðin á bak við hina vinsælu bók *Dans Brown um Da Vinci* lykilinn. „Við þetta bættist að andstæðingar kristinnar trúar á fyrstu árum frumkirkjunnar hefðu vafalítið nýtt sér þessa vitneskju og farið með fylgismenn trúarinnar að þessum stað þar sem Jesús var grafinn og einfaldlega sýnt þeim líkið,“ bætir Þórhallur við.

Í guðspjöllunum er sagt frá því þegar Jesús reis upp frá dauðum og birtist lærisveinum sínum á þriðja degi. „Jesús leyfði þeim að þreifa á sárum sínum og borðaði með þeim. En þeir sáu líka að hann var eitthvað öðruvísi og hann gat horfið fyrirvaralaust,“ útskýrir Þórhallur. Þessi líkamlega upprisa Jesú er einn af grunnþáttum kristinnar kenningar og að lík Jesú hafi horfið úr grófinni forðum daga skiptir kirkjuna miklu máli. En þeir eru ófáir sem hafna þessu og telja þetta hina mestu firru. Fundur á borð við þann sem Cameron segist kynna í myndinni yfir enn frekar undir þá skoðun þeirra að Jesús hafi ekki verið guð, holdi klæddur á jörðinni, heldur einfaldlega mjög víðsýnn og réttsýnn maður. „Reyndar hélt þýski guðfræðingurinn Bultman því fram að Jesús skipti í raun ekki höfuðmáli heldur væri það í raun boðskapur Nýja testamentisins sem væri aðalmálið. Þetta naut mikilla vinsælda um tíma en síðan hefur þessum fræðum verið lítil gaumur gefinn,“ segir Þórhallur.

Tilfinningaríkur Jesú

Hann segir að vissulega hafi það reynst kirkjunni erfitt að samþætta þessi tvö eðli, að Jesús væri bæði guð og maður. Og nóg er til af dæmum til að gefa samsæriskeningum byr undir báða vængi. Vinsælast hefur verið að vitna til síðustu orða Krists á krossinum. „Faðir, hví hefur þú yfirgefið mig.“ Og klókir menn hafa bent á að ef Jesús væri guð af hverju

hann væri þá að ákalla sig sjálfan. „En hann sýnir á sér mjög mannlegar hliðar í Nýja testamentinu. Jesús grætur og hann er reiður, í raun mjög tilfinningaheitur maður,“ segir Þórhallur. „Og því er í raun ekkert sem útilokar að Jesús hefði getað orðið ástfanginn,“ bætir hann við. „Það voru hins vegar heittrúaðir menn í fornöld sem töldu að það væri vont að vera giftur, vont að eiga líkamlegt samneyti við aðra manneskju. Og þaðan kemur kannski þessi miskilningur. Ekkert í Bibliunni útilokar að Jesús hefði getað eignast fjölskyldu,“ segir Þórhallur.

Hann segir þó að kirkjan hafi lengi vel þráast við að svara spurningum um ástalf Jesú Krists, sumir hafi fordæmt þær og dæmi séu um það í Bandaríkjunum að bækur sem héldu þessu fram hafi verið brenndar. „En margir innan kirkjunnar taka þessum samsæriskeningum sem áskorun. Kannski hefur stofnunin gert of mikið af því að yppa öxlum og talið að þessi áhugi á Jesú ætti eftir að dvína,“ segir Þórhallur. „En þetta ber vott um mikinn áhuga hjá fólki þetta eru ekki bara menn sem vilja koma höggi á kirkjuna heldur er þetta andlegur áhuga og ástríða fyrir að ræða þessi mál. Kirkjan mætti gera meira af því að tala um þetta,“ segir Þórhallur. Hann telur ólíklegt að raddir um ástir Jesú og Maríu komi einhvern tímann til með að þagna. „Þegar ég fór í nám til Svíþjóðar í almennri trúarbragðafræði fyrir fimmtán árum var bara slegið létt á öxlina á mér og sagt að þetta æði myndi ganga yfir,“ segir Þórhallur. Þegar hann fór svo að kenna á námskeiðum um *Da Vinci* lykilinn og kenningar bókunnar komu sömu menn og töldu að þetta myndi ekki endast lengi. „En í dag hef ég prentað yfir fimm hundruð bæklinga frá áramótum og það er alltaf jafn þéttsetið á námskeiðunum,“ útskýrir Þórhallur. „Þetta hefur ef til vill hleypt nýju lífi í áhuga á kristinni trú og það verður kirkjan og kristnin að nýta sér.“

freygigja@frettabladid.is



SÍÐASTA KVÖLDMÁLTÍÐIN Jesús ásamt lærisveinum sínum. Dauði frelsarans hefur verið mörgum hugleikinn og ekki síst hvort hann hafi gefið upp öndina eins og Nýja testamentið lýsir því.



LYKILLINN AÐ DA VINCI Tom Hanks í hlutverki Roberts Langdon sem barðist við leynireglur og uppgötvaði afkomendur Jesú Krists meðal jarðarbúa.

Sérfræðingur í umhverfisráðuneytinu



Laus er til umsóknar staða sérfræðings á skrifstofu sjálfbærrar þróunar og alþjóðamála.

Meðal verkefna skrifstofunnar eru:

- Starf á sviði loftslagsmála og umhverfisverndar í hafinu.
- Söfnun og framsetning tölulegra vísa um umhverfismál.

Staðan veitist frá 1. maí nk. Um launakjör fer samkvæmt samningi fjármálaráðuneytisins við Félag háskólamenntaðra starfsmanna Stjórnarráðsins.

Menntunar- og hæfniskröfur:

- Háskólapróf er skilyrði.
- Góð kunnátta í ensku.
- Góð kunnátta í einhverju Norðurlandamálanna.
- Þekking og reynsla á sviði umhverfismála er æskileg.

Vakin er athygli á 20. gr. laga nr. 96/2000 um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla.

Umsóknir óskast fylltar út á www.hagvangur.is fyrir 2. apríl nk. Starfið er númer 6414.

Öllum umsóknum verður svarað þegar ákvörðun um ráðningu hefur verið tekin.

Upplýsingar veita Ari Eyberg og Kristín Guðmundsdóttir. Netföng: ari@hagvangur.is og kristin@hagvangur.is

HAGVANGUR
- við ráðum

Skógarhlíð 12 • 105 Reykjavík • Sími 520 4700 • www.hagvangur.is

Hefur þú áhuga á að vera hluti af sterkri liðsheild Actavis?



Actavis sérhæfir sig í sölu, þróun og framleiðslu á hágæðasamheitalyfjum á alþjóðlegum markaði. Actavis, sem er með höfuðstöðvar á Íslandi starfar í yfir 30 löndum í fimm heimsálfum og eru starfsmenn um tíu þúsund talsins. Actavis hefur vaxið ört undanfarin ár, bæði í gegnum innri vöxt og með kaupum á fyrirtækjum í sambærilegum rekstri. Actavis er eitt af fimm stærstu samheitalyfjafyrirtækjum í heimi. Actavis er framsækið fyrirtæki, þar ríkir góður starfsandi og starfsöryggi er mikið.

www.actavis.is

Bókari (6441)

Helstu verkefni

- Yfirferð reikninga
- Bókun fylgiskjala
- Afstemmingar
- Skil á virðisaukaskattskýrslum
- Svörun fyrirspurna tengdum bókhaldi
- Önnur tilfallandi verkefni

Menntun og hæfniskröfur

- Stúdentspróf, frekari menntun er kostur (s.s. rekstrarfræði eða viðskiptafræði)
- Reynsla af bókhaldi er kostur sem og þekking á bókhalds- og virðisaukaskattslögum
- Góð almenn tölvukunnátta
- Reynsla af bókhaldskerfum er kostur

Við leitum að jákvæðum, sveigjanlegum og metnaðarfullum einstaklingum til að takast á við krefjandi og fjölbreytt störf. Mikið er lagt upp úr nákvæmni, þjónustulund, samvinnu, sveigjanleika og metnaði. Góð enskukunnátta er nauðsynleg.

Launafulltrúi - tímabundið starf (6321)

Helstu verkefni

- Launavinnsla
- Samskipti við starfsmenn og skýrslugerð fyrir stjórnendur
- Tímaskráningar
- Umsjón og upplýsingagjöf vegna hluthafaskrár
- Önnur tilfallandi verkefni

Menntun og hæfniskröfur

- Stúdentspróf eða sambærileg menntun
- Reynsla í launavinnslu eða bókhaldi nauðsynleg
- Almenn þekking á kjarasamningum
- Mikill kostur ef viðkomandi hefur þekkingu á SAP launakerfi

Umsóknir óskast fylltar út á www.hagvangur.is fyrir 26. mars nk.

Nánari upplýsingar um störf veita Guðný Sævinsdóttir og Arna Pálsdóttir. Netföng: gudny@hagvangur.is og arna@hagvangur.is

HAGVANGUR
- við ráðum

Skógarhlíð 12 • 105 Reykjavík • Sími 520 4700 • www.hagvangur.is

0 1 2 3 4 5 6 7 8 9 10 11 12 13 14 15 16 17 18 19 20 21 22 23 24 25



Láttu okkur mæla með **þér!**

HAGVANGUR
- við ráðum



Fyrirtækið býður viðskiptavinum sínum upp á sveigjanlegar heildarlausnir sem byggja á sérþekkingu á sviði hraðsendinga, sjó- og flugfraktar. Þjónustunet DHL nær til meira en 220 landa og svæða og yfir 285.000 starfsmenn starfa hjá fyrirtækinu um heim allan. Hjá DHL á Íslandi starfa um 60 manns og góður starfsandi einkennir vinnustaðinn sem býður upp á alþjóðlegt og krefjandi starfsumhverfi.

Starfsmaður í fjárhagsdeild

DHL er leiðandi fyrirtæki á alþjóðlegum flutningamarkaði. Fyrirtækið óskar eftir að ráða starfsmann í fjárhagsdeild.

Starfssvið:

- Halda utan um DDP (tollareikningar) þ.e. bókun, innsláttur, pappírfrágangur og afstemmingar
- Prenta út reikninga og svara fyrirspurnum varðandi þá
- Aðstoða yfirmann reikningagerðar við ýmis verkefni

Menntunar- og hæfniskröfur:

- Reynsla/þekking í bókhaldi og/eða reikningagerð
- Góð tölvukunnátta
- Góð íslensku- og enskukunnátta
- Skipulagshæfni og sjálfstæði í vinnubrögðum

Umsjón með starfinu hafa Helga Jónsdóttir (helga.jonsdottir@capacent.is) og Guðríður D. Hálfðanardóttir (gudridur.halfdanardottir@capacent.is) hjá Capacent Ráðningum. Umsóknarfrestur er til og með 25. mars nk. Umsækjendur eru vinsamlega beðnir um að sækja um starfið á heimasíðu Capacent Ráðninga, www.capacent.is

capacent
RÁÐNINGAR

Borgartúni 27 105 Reykjavík Sími 540 1000



Vegagerðin er eftirsóknarverður vinnustaður sem hentar jafnt báðum kynjum.

MÁLM- EÐA RAFIÐNAÐARMAÐUR BORGARNESI

Staða málm- eða rafiðnaðarmanns hjá vélaverkstæði Vegagerðarinnar í Borgarnesi er laus til umsóknar. Laun skv. kjarasamningi fjármálaráðherra og viðkomandi stéttarfélags.

Starfssvið

- Vinna við viðhald bifreiða og véla
- Ýmis tilfallandi verkefni

Menntunar- og hæfniskröfur

- Sveinspróf í málm- eða rafiðni
- Reynsla af bíla- og vélaviðgerðum æskileg
- Frumkvæði og hæfni til að vinna sjálfstætt
- Góðir samstarfshæfileikar

Umsjón með starfinu hafa Auður Bjarnadóttir (audur.bjarnadottir@capacent.is) og Tómas Oddur Hrafnsson (tomas.hrafnsson@capacent.is) hjá Capacent Ráðningum. Umsóknarfrestur er til og með 2. apríl nk. Umsækjendur eru vinsamlega beðnir um að sækja um starfið á heimasíðu Capacent Ráðninga, www.capacent.is

capacent
RÁÐNINGAR

Borgartúni 27 105 Reykjavík Sími 540 1000



Vegagerðin er eftirsóknarverður vinnustaður sem hentar jafnt báðum kynjum.

LÖGFRÆÐINGUR

Staða lögfræðings hjá lögfræðideild Vegagerðarinnar í Reykjavík er laus til umsóknar. Laun skv. kjarasamningi fjármálaráðherra og Stéttarfélags lögfræðinga.

Starfssvið

- Ráðgjöf og aðstoð við gerð samninga við landeigendur
- Afgreiðsla bótakrafna
- Önnur lögfræðileg ráðgjöf er tengist starfsemi Vegagerðarinnar

Menntunar- og hæfniskröfur

- Háskólapróf í lögfræði
- Æskileg reynsla af samningagerð
- Æskileg þekking og reynsla á sviði opinberrar stjórnábyrgð
- Frumkvæði og hæfni til að vinna sjálfstætt
- Góð hæfni í mannlegum samskiptum

Umsjón með starfinu hafa Auður Bjarnadóttir (audur.bjarnadottir@capacent.is) og Sigurður J. Eysteinnsson (sigurdur.eysteinnsson@capacent.is) hjá Capacent Ráðningum. Umsóknarfrestur er til og með 2. apríl nk. Umsækjendur eru vinsamlega beðnir um að sækja um starfið á heimasíðu Capacent Ráðninga, www.capacent.is

capacent
RÁÐNINGAR

Borgartúni 27 105 Reykjavík Sími 540 1000

DEILDARSTJÓRI Í RADÍÓDEILD

Verslunarfyrirtæki sem sérhæfir sig í vörum tengdum bifreiðum og öðrum farartækjum. Félagið rekur fjölda verslana um landið. Fyrirtækið er leiðandi verslunar- og þjónustufyrirtæki sem býður breitt úrval af vörum í farartæki, verkfærum og tækjum til viðhalds og fjölbreyttra iðnaðarstarfa. Fyrirtækið keppir að því að reka verslanir sínar með hagkvæmum hætti til að tryggja lágt vöruverð og hátt þjónustustig.

Stórt og öflugt verslunarfyrirtæki óskar að ráða deildarstjóra til að hafa yfirumsjón með markaðssetningu og sölu á radióvörum fyrirtækisins.

Starfssvið:

- Vinna að markaðssetningu vöruflokksins í samstarfi við markaðsdeild fyrirtækisins
- Umsjá með tilboðsgerð til viðskiptavina
- Koma með tillögur að vöruinnkaupum
- Að styrkja stöðu vöruflokksins á markaði
- Yfirumsjón með framsetningu vara deildarinnar í útibúum
- Afgreiðsla og þjónusta við viðskiptavinum í verslun
- Ábyrgð á rekstri deildarinnar

Menntunar- og hæfniskröfur:

- Þekking á radióbúnaði í farartækjum
- Hæfni í mannlegum samskiptum
- Leiðtogahæfni
- Markviss og sjálfstæð vinnubrögð
- Góð þjónustulund
- Frumkvæði

Umsjón með starfinu hafa Auður Bjarnadóttir (audur.bjarnadottir@capacent.is) og Guðríður D. Hálfðanardóttir (gudridur.halfdanardottir@capacent.is) hjá Capacent Ráðningum. Umsóknarfrestur er til og með 25. mars nk. Umsækjendur eru vinsamlega beðnir um að sækja um starfið á heimasíðu Capacent Ráðninga, www.capacent.is

capacent
RÁÐNINGAR

Borgartúni 27 105 Reykjavík Sími 540 1000



Hlutverk Hagstofu Íslands er að veita tölfraðilegar upplýsingar um þjóðfélagsleg málefni og tryggja að áreiðanleiki og óhlutdrægni séu í fyrirrúmi í opinberri hagskýrslugerð. Hagstofa Íslands gegnir forystuhlutverki í opinberri hagskýrslugerð og mikill metnaður einkennir starf sem þar fer fram. Alþjóðlegt samstarf er öflugt og þróunarvinna skipar veglegan sess. Starfsfólk Hagstofunnar vinnur að gerð hagskýrslna og miðlar þeim til almennings, atvinnulífs og stjórnvalda. Hagstofan er eitt af ráðuneytum stjórnarráðsins en er faglega sjálfstæð.

HAGSTOFA ÍSLANDS

auglýsir laus til umsóknar störf sérfræðinga og starf í utanríkisverslunardeild.

Sérfræðingar við Launa- og kjaramáladeild

Störfin felast í úrvinnslu gagna og skýrslugerð um laun og launapróun. Helstu verkefni eru útreikningur meðallauna og vísitölu launakostnaðar, svörum evrópskra launakannanna, þróun aðferða og sérhæfð verkefni við framkvæmd launakönnunar.

Sérfræðingur við Vísitöludeild

Starfið felst í úrvinnslu gagna og skýrslugerð um verðlag og verðvísitölur. Stærsta verkefni deildarinnar er útreikningur á vísitölu neyslulverðs en auk hennar hefur deildin umsjón með vísitölu framleiðsluverðs, vísitölu byggingarkostnaðar, alþjóðlegum verðsamanburði og úrvinnslu á gögnum útgjaldarannsóknar Hagstofunnar. Mikilvægur liður í starfinu er þróun aðferða við vísitöluútreikninga.

Sérfræðingur við Þjóðhagsreikningadeild

Starfið felst einkum í skýrslugerð um fjárfestingu og fjármunaeign en deildin fæst við ársfjórðungslegt og árlegt mat á landsframleiðslu og hagvexti. Fjárfestingin er mikilvægur þáttur í verkefnum deildarinnar.

Menntunar- og hæfniskröfur

Háskólamenntun er skilyrði fyrir ofangreind sérfræðistörf og framhaldsnám er kostur. Góð þekking og reynsla í meðferð talna, úrvinnslu og framsetningu gagna er æskileg. Krafist er góðrar almennrar tölfraðikunnáttu.

Í boði eru krefjandi og áhugaverð verkefni við úrvinnslu og greiningu gagna. Störfin krefjast sjálfstæðis, frumkvæðis og samstarfshæfileika.

Starfsmaður Utanríkisverslunardeildar

Starfið felst í yfirferð og leiðréttingu gagna um innflutning, samskiptum við fyrirtæki auk annarra tilfallandi starfa í utanríkisverslunardeild.

Lögð er áhersla á að viðkomandi sé talnaglöggur, nákvæmur og skipulagður í vinnubrögðum og búi yfir hæfni í mannlegum samskiptum. Reynsla af gagnavinnslu, tollskýrslugerð og/eða bókhaldsstörfum er kostur.

Í boði eru krefjandi og spennandi störf í góðu vinnuumhverfi á fjölskylduvænum vinnustað.

Umsjón með starfinu hafa Ragnheiður S. Dagsdóttir (ragnheidur.dagsdottir@capacent.is) og Herdís Rán Magnúsdóttir (herdis.magnusdottir@capacent.is) hjá Capacent Ráðningum. Umsóknarfrestur er til og með 1. apríl nk. Umsækjendur eru vinsamlega beðnir um að sækja um starfið á heimasíðu Capacent Ráðninga, www.capacent.is eða senda umsókn á ofangreind netföng. Í umsókn skal veita upplýsingar um menntun, starfsferil og reynslu.

capacent
RÁÐNINGAR

Borgartúni 27 105 Reykjavík Sími 540 1000

EYRIR INVEST EHF

Eyrir Invest ehf. er alþjóðlegt fjárfestingarfélag og er megináhersla á fjárfestingar í skráðum hlutabréfum í Evrópu, einkum á Norðurlöndum.

Meginmarkmið Eyrir Invest er að starfsemi félagsins skapi verðmæti fyrir hluthafa þess. Það er gert með fjárfestingu í eignarhlutum í fyrirtækjum og þátttöku í stefnumótun, framtíðarsýn og fjármagnsskipan fyrirtækja.

Til að stuðla að vexti og velgengni félagsins leggur Eyrir Invest áherslu á að ráða til sín framúrskarandi starfsfólk, sem sýnir frumkvæði og hefur breiða og góða menntun og reynslu. Eyrir Invest styður við að starfsmenn auki stöðugt við færni sína við störf einkum með aukinni símenntun.

Eyrir Invest ehf. óskar eftir að ráða starfsmenn sem fyrst. Um er að ræða tvö störf, annarsvegar sérfræðing í greiningardeild og hinsvegar í bókhald.

Sérfræðingur í greiningardeild Bókhald

Starfssvið

- Greina og meta þróun og horfur atvinnugreina og efnahagsmála hérlendis og erlendis
- Verðmat hlutafélaga
- Samantekt gagna og framsetning upplýsinga
- Samantekt upplýsinga og framsetning

Menntunar – og hæfniskröfur

- Háskólapróf í hagfræði, viðskiptafræði eða verkfræði
- Framhaldsmenntun í viðskiptafræðum eða fjármálum æskileg
- Reynsla af störfum á fjármálamarkaði
- Greiningarhæfileikar, færni í Excel. Nákvæm vinnubrögð
- Frumkvæði og metnaður til að ná árangri
- Mjög góð enskukunnátta og hæfni til að tjá sig í ræðu og riti, kunnátta í einu Norðurlandamáli kostur
- Jákvæðni, létt lund og góðir samskiptahæfileikar

Starfssvið

- Skráning bókhalds og innlestur gagna
- Þátttaka í innleiðingu á nýju skjalavistunarkerfi
- Innkaup rekstrarvara
- Önnur verkefni í samræði við fjármálastjóra

Menntunar – og hæfniskröfur

- Nám í viðskiptafræðum æskilegt
- Þekking og reynsla af bókhaldi
- Góð tölvukunnátta s.s. Excel, Word, Power Point
- Kunnátta í Navision æskileg
- Góð enskukunnátta
- Skipulagshæfileikar, sjálfstæð vinnubrögð
- Jákvæðni, létt lund og góðir samskiptahæfileikar



www.eyrir.is

Umsjón með störfunum hafa Auður Bjarnadóttir (audur.bjarnadottir@capacent.is) og Sigurður J. Eysteinnsson (sigurdur.eysteinnsson@capacent.is) hjá Capacent Ráðningum. Umsóknarfrestur er til og með 25. mars nk. Umsækjendur eru vinsamlega beðnir um að sækja um störfin á heimasíðu Capacent Ráðninga, www.capacent.is

capacent
RÁÐNINGAR

Borgartúni 27 105 Reykjavík Sími 540 1000

Verzlunarstjóri

NÓATÚN



Spennandi starf í boði!

Í Nóatúni vinnur mikið af hæfileikaríku fólki sem myndar samheldinn hóp og leggur sig fram við að veita viðskiptavinum Nóatúns fyrsta flokks þjónustu. Við leitum nú eftir jákvæðum og þjónustuliprum aðila sem er tilbúinn að leiða skemmtilegan hóp í rótgróinni Nóatúnsverzlun. Viðkomandi þarf að hafa mikla reynslu af verzlunarstörfum og vera eldri en 35 ára.

Smellpassa í vetrarfrið

12 fallegir litir

Stærðir 35-43

Verð 4.400

Útsöluastaðir:

Xena Glæsibæ, Mjódd, Spöngin, Borgamesi.



Orkuverid Líkamstækt í Grafarvogi óskar eftir starfskrafti í afgreiðslu. Allt að 100% staða í boði, einnig hlutastörf. Áhugasamir hafi samband við georg@orkuverid.is eða koma á staðinn á skrifstofutíma.

Starfsfólk í móttöku um helgar

Hotel receptionist wanted
Óskum eftir starfsfólki í móttöku, laugardaga og sunnudaga. Hentugt fyrir skólafólk.

Hotel receptionist wanted on Saturdays and Sundays. Great for students.
lobby@hotelvik.is



Leikskólinn Vinaminni
Laus er til umsóknar 100% staða starfsmanns í leikskólanum Vinaminni Asparfelli 10 111 Reykjavík. Leikskólinn Vinaminni er einkarekinn tveggja deilda leikskóli. Í starfinu með börnunum er lögð aðaláhersla á félagsfærni, samskipti, sjálfstæði og sjálfsvitund. Æskilegt er að viðkomandi hafi reynt af leikskólastarfi eða vinnu með börnum. Nánari upplýsingar fást hjá Sólveigu leikskólustjóra í síma 587 0977 eða 861 8055.

Björnsbakari - Vesturbæ óskar eftir starfskrafti til afgreiðslustarfa. Helga gefur frekari upplýsingar í síma 699 5423 eða netfangið: bjornsbakari@bjornsbakari.is

Óska eftir vönum grófumanni m/meirapróf. S. 867 9279.

Rútbílstjóri

Vantar rútbílstjóra til starfa sem fyrst. Uppl. í s. 566 7420 & 892 3102.

Aupair Árhús DK Ísl einst. faðir 44. 2 stelp. 6, 9 Uppl. thordarson@mail.tele.dk

Hjólbarðaverkstæðið

Barðinn
Röska menn vantar á hjólbarðaverkst. Uppl. í s. 568 3080 eða á staðnum. Barðinn, Skútvogvi 2.

Næturáfylling

Verktaki óskast í næturáfyllingu í matvörubúð á höfuðborgarsv. Uppl. á umjon.is/afylling

Íslenskt sjávarfang í Kópavogi óskar eftir vönum starfsmönnum í fisksnýrtingu og vönum handflakara. Hjá Íslensku sjávarfangi er mjög jákvæður starfsandi með góðu starfsfólki, bæði íslensku og pólsku. Nánari upplýsingar í síma 567 7040 eða 899 3199. Íslenskt Sjávarfang í Kópavogi poszukuje ludzi, litorzy pracowali wczesniej ir przetworznych rybnych i litorzy znojza sig ma feletowanill vyb. Er moszej firmier panuje pozytywna atmosfera mirozky islandexykami a polakami. Wiscej informqyi pod numerami telefonorij 567 70 40 i 899 31 99.

Smiður eða húsasmíðameistari óskast í viðhaldsverkefni. Uppl. í s. 664 5900.

Við leitum að kraftmiklu fólki, mikið í boði. Uppl. í s. 662 5599.

Argentína Steikhús

Eitt vinsælasta veitingahús landsins óskar eftir matreiðslunema á samning sem fyrst. Uppl. eru gefnar á staðnum þriðjudaginn 20. mars frá 14-18 hjá Stefáni yfirmatreiðslumanni.

Atvinna óskast

Útvegum starfsfólk frá Póllandi og Portúgal í eftirtalin störf :

Smiði, Múrara, Pípara, Rafvirkja, Vélvirkja, Meiraprófsbílstjóra, Tækjastjórnendur, Verkamenn, Hjúkrunarfólk og önnur störf samkvæmt óskum atvinnurekanda.

SAS Starfsmannaleigan.
Uppl. gefur Sverrir í s:661-7000

ATVINNA

Reykjavíkurvegur 54 í Hafnarfirði

Áreiðanlegann mann sem getur unnið sjálfstætt og hefur áhuga á bílum vantar á smurstöð Esso á Reykjavíkurveg, 54 í Hafnarfirði. Góður vinnuandi og góð laun fyrir réttann aðila.

Uppl. á staðnum eða í s. 555 0330.

TILKYNNINGAR



Sumarbúðir Rauða krossins 2007

Boðið verður upp á þrjú tímabil fyrir einstaklinga með fötlun og sérstakar þarfir, 16 ára og eldri:

Í Stykkishólmi dagana 28. júní – 5. júlí.
Að Löngumyrri í Skagafirði
16.-23. júlí og 27. júlí – 3. ágúst.

Skráning hefst mánudaginn 19. mars hjá Theodór Karlssyni í síma 517 4643 og 663 0876.

Hann veitir einnig upplýsingar um fatnað og búnað o.fl.

Nánari upplýsingar veita sumarbúðastjórar:
Gunnar Svarlaugsson í síma 438 1376 og gsm 864 8864
Karl Lüðviksson í síma 453 8816 og gsm 896 8416

Upplýsingar má einnig sjá á heimasíðu Rauða krossins www.redcross.is

Útvegum starfsfólk frá Evrópu í ferðaþjónustu, verslun, heimilishjálpi, fiskvinnslu o.fl. skv. óskum atvinnurekanda. Áralöng reynsla. Uppl. í s. 4878576, ninukot@ninukot.is, www.ninukot.is. Ninukot.

Starfsfólk frá Lettlandi: smiðir, verkamenn, bílstjórar, suðumenn o.fl. S. 845 7158.

TILKYNNINGAR

Ýmislegt



Uppskriftir
Deildu uppskriftum þínum með vinum og fjölskyldu. www.matseld.is

Engar skuldir - Hærrí tekjur

Skoðuðu www.Kennsla.com ef þú vilt losna við skuldir og fá miklu hærrí tekjur.

Við gerum betur

Í nútíma fasteignaviðskiptum eru gerðar meiri kröfur til fagmennsku og vandaðra vinnubragða. Við hjá Domus göngum lengra í þjónustu við væntanlega kaupendur sem skilar sér í traustum viðskiptum og ánægðari viðskiptavinum.

Kaupendur vilja fá vandaðar upplýsingar og afbragðsþjónustu.



Vönduð eignamappa

Ýtarleg eignamappa með gagnlegum upplýsingum um eignina og helstu þjónustu sem veitt er í hverfinu.



Fagleg ljósmyndun

Góðar ljósmyndir teknar af fagmönnum auka áhuga á eigninni. Útbúum einnig 360° hringmyndir fyrir vefinn.



Sölusýningar

Vönduð kynning í upphafi sölumæðferðar dregur athygli að eigninni.



Domus sýnir eignina

Aukin þægindi fyrir bæði kaupendur og seljendur.



Þrívíð grunnmynd

Skemmtileg nýjung sem gefur góða mynd af uppbyggingu eignarinnar.



Markviss eftirfylgni

Áhersla er lögð á vandaða þjónustu í gegnum allt ferlið.

Hafðu samband við okkur í síma 440 6000 og fáðu nánari upplýsingar. Við verðmetum eignina þína, þér að kostnaðarlausu.



Nútímaleg fasteignasala sem ber umhyggju fyrir þér

Íslensk langferðalög í Kína

Tímamót urðu í íslenskri tónlistarsögu í síðasta mánuði þegar íslensk tónlist, hljóðrituð í Kína, kom út þar í landi í fyrsta sinn. Í sumar kemur út ný plata með KK og Magnúsi Eiríkssyni þar í landi og allar líkur eru á að Guitarr Islancio haldi senn utan til að hljóðrita efni. **Bergsteinn Sigurðsson** ræddi við **Óttar Felix Hauksson**, útgefanda og manninn á bak við strandhögg íslenskra tónlistarmanna hinum megin á hnettinum.

Þetta hófst allt saman í ársbyrjun 2004,“ segir Óttar um upphafið á Kínaævin-týrinu. „Ég var þá nýbúinn að festa kaup á öllum upptökum hins ítalska Robertinos og fór með þær á tónlistarráðstefnu. Þar kveiktu nokkrir kínverskir aðilar á Robertino og eftir nokkrar samningaviðræður varð úr að þeir buðu mér og konu minni til Shanghai til að reka smíðshöggjöð á samningana og þá fór boltinn að rúlla.“

Óttar notaði tækifærið og tók ógrynni af íslenskri tónlist með sér til að kynna fyrir kínverskum útgefendum. „Það var ýmislegt sem þeir hrifust af, til dæmis Guitarr Islancio og KK. Það er ágætur jarðvegur fyrir djass í Shanghai og Björn Thoroddsen er líklega meðal fimm eða sex bestu djassgítaristum í Evrópu. Þeir kunnu að meta þennan alþjóðlega blús hans KK. Haustið 2004 var Guitarr Islancio boðið að koma fram á alþjóðlegri listahátíð í Shanghai, sem hefur verið haldin árlega undanfarin ár, og ári síðar kom ég KK að. Hann tók með sér stórt band sem í voru til dæmis Eyþór Gunnarsson pianóleikari og Sigurður Flosason saxófónleikari. Snilli Sigurðar vakti mikla athygli og þeir vildu endilega fá að heyra meiri djass frá Íslandi.“

Óttar gaf út tvær plötur með Robertino á meðan hann hélt áfram að rækta jarðveginn og kynna íslenska tónlistarmenn. „Síðasta haust má segja að það hafi orðið vatnaskil því þá kom ég því til leiðar að jafnframt því að kynna Íslendinga á listahátíðum samþykkti kínverskt útgáfufélag í ríkiseign að gefa út íslenska tónlist. Djasskvartett Sigurðar Flosasonar og Jóels Pálssonar hélt því út og tók upp plötu sem kom út í Shanghai 1. febrúar.“

Gagnkvæm menningarsamskipti

Óttar beið ekki boðanna heldur hamraði járníð á meðan það var heitt. „KK og Maggi Eiríks voru með þriðju ferðalagaplötuna, eins og við köllum þær, í farvatninu. Ég kynnti hana út sem dæmi um íslenska dægurlagahefð og kínverski útgefandinn vildi endilega gefa hana út.“

KK, Magnús og Óttar eru ný-

komnir aftur heim frá Shanghai þar sem þeir tóku upp plötuna, sem kemur út í sumar á Íslandi og úti. Óhætt er að segja að heimsókn Íslendinganna hafi vakið athygli, til dæmis var uppselt á tónleika sem þeir héldu í borgarleikhúsi Shanghai. „Það birtust stórar greinar um tónleikana í átta kínverskum dagblöðum sem og í Shanghai Daily sem er á ensku, auk þess sem Oriental TV, sjónvarpsstöð með mikla útbreiðslu, sagði frá þeim. Það spilar auðvitað inn í þetta að útgáfufélagið er í

Við þurftum til dæmis að þýða alla textana við rútblálög þeirra KK og Magga yfir á ensku svo það væri hægt að ganga úr skugga um að þeir innihéldu engin vafasöm skilaboð.

ríkiseigu og getur haft áhrif á umfjöllunina. Hingað til hefur okkur þó gengið vel og það hefur verið uppselt á alla íslenska viðburði í borginni. KK var hins vegar að koma þarna í annað sinn og maður varð greinilega var við að margir eru hrifnir af honum, til dæmis kom oft fyrir að fólk þekkti hann úti á götu.“

Óttar nýtti síðustu ferð til Shanghai líka til að tryggja sér dreifingarréttinn á kínverskri alþjóðtónlist sem hann ætlar að gefa út á Íslandi. „Markmiðið með þessu er að byggja menningarbrú á milli landanna, gagnkvæm menningarsamskipti, og ég finn að það er smám saman að styrkjast og festa sig í sessi.“

Órt vaxandi markaður

Þótt Kína sé fjölmennasta ríki heims segir Óttar tónlistarmark-



SAMNINGAR UNDIRRITADIR Óttar Felix hefur undirritað samning um gagnkvæm menningarsamskipti milli landa og hefur tryggt sér dreifingarréttinn á kínverskri alþjóðtónlist sem kemur út hér á landi í sumar.

aðinn ekki mjög stóran. „Ég held að hann hafi verið sá 27. stærsti í heimi á síðasta ári; það verður auðvitað að hafa í huga að þótt það hafi orðið miklar efnahagslegar framfarir í landinu undanfarin ár, þá er enn mikil fátækt í landinu og margir eiga ekki einu sinni hljómlutningstæki og hafa því engin not fyrir geisladiska. Hins vegar er þetta sá markaður sem vex hvað hraðast og því eftir nokkru að slægjast fyrir íslenska tónlistarmenn.“ Hann bendir á að ein farsælasta erlenda hljómsveitin í Kína sé frá Danmörku. „Þetta er band sem heitir Michael Learns to Rock og þó hún sé ekkert gríðarlega þekkt í heimalandinu er hún nokkuð vinsæl í Kína og hefur selt um 500 þúsund plötur þar.“ Óttar segir að tónlistarsan í Shanghai, sem stundum er sögð gátt Kína til vest-

urs, einkennist fyrst og fremst af melódísku poppi. „Ég hef að minnsta kosti fengið á tilfinninguna að sú tónlist sem Sálin hans Jóns míns var að spila í kringum 1990 myndi slá í gegn í Shanghai. Ég prófaði líka að spila Trabant og R&B tónlist fyrir útgefendurna en þeir voru ekki að kveikja á því.“

Þurftu að þýða ferðalögin

Óttar segir gott að eiga í viðskiptum við Kínverja en neitar því ekki að reglugerðabákníð geti verið þungt í vöfum. „Það tekur langan tíma að fá allt samþykkt og þar til bærir aðilar þurfa að fara yfir allt. Við þurftum til dæmis að þýða alla textana við rútblálög þeirra KK og Magga yfir á ensku svo það væri hægt að ganga úr skugga um að þeir innihéldu engin vafasöm skilaboð. Kínverj-

ar eru heldur ekki í alþjóðasamtökum plötuútgefenda, allt upplagseftirlit er því í molum og þeir gefa upp það sem þeim hentar. Þeir eiga hins vegar mikið inni, þegar þeir hafa létt aðeins á kerfinu eiga þeir eftir að verða ennþá stærra efnahagsveldi. Ég held að það sem við Íslendingar eigum að gera sé að fara inn á þennan markað, koma okkur fyrir og halda okkur fast þegar þetta fer að blómstra fyrir alvöru.“

Næsta skref hjá Óttari verður að senda Guitarr Islancio til Kína í upptökur. „Það hafa orðið manna-breytingar þar, Guðmundur Pétursson hefur leyst Gunnar Þórðarson af hólmi, og það þarf bara að finna tíma sem hentar öllum. Svo fylgjum við eftir langferðalögnum, eins og við köllum plötu þeirra KK og Magga, og gerum eitthvað skemmtilegt.“



FRÉTTABLAÐIÐ

– smáauglýsingar sem allir sjá

TÓNLIST ÁN LANDAMÆRA

„Tónleikarnir voru stórkostlegir og áhýrindur tóku okkur mjög vel,“ segir KK um tónleika hans og Magnúsar Eiríkssonar í borgarleikhúsi Shanghai á dögunum.

Hann segir sér hafa strax litist vel á þegar Óttar bar hugmyndina um Kínaferð undir hann. „Ég vissi ekkert hvað var að gerast í tónlist þarna úti eða hvað ég átti að myndu mér. Ég vonaðist til að það yrði mikill áhugi á blúsnum og við hittum þó vissulega menn sem voru mjög vel að sér í þessari tónlistarstefnu og nálguðust hana eiginlega eins og fræðigrein. En á heildina lítið var fólk þó bara forvitið, það er smám saman að kynnast vestrænum tónlistarstefnum og hafa til dæmis tekið væmnu strákappi opnum örmum.“

Þetta var í þriðja sinn sem KK fór til Kína og hann segist fyllast hálfgerðri lotningu í hvert sinn sem hann fer þangað. „Þetta land á sér svo gífurlega mikla sögu og maður finnur greinilega fyrir henni. Kínversk þjóðlagatónlist er jafn fjölbreytt og þjóðabrotin sem Kína samanstendur af, þetta eru fjölmargar stefnur og margar eru ægífagar. Draumurinn var að hitta kínverska tónlistarmenn



KK Í KÍNA „Við erum íslenskir tónlistarmenn að spila rötgróna amerískar tónlistarstefnu í Kína.“

og taka jafnvel upp með þeim, því mörg kínversk hljóðfæri myndu smellpassa við það sem við Maggi erum að gera. Það hefði hins vegar þurft meiri fyrirvara til að skipuleggja slíkt, en vonandi verður það að raunveruleika einhvern daginn.“

KK segir að Kínaferð þeirra Magnúsar sýni vel hvað tónlist geti verið landamæralaus. „Við erum íslenskir tónlistarmenn að spila rötgróna am-

eríska tónlistarstefnu í Kína. Þetta sýnir líka að tónlist er svo góð leið til að sameina fólk. Ég hef stundum sagt að ef Íslendingar hefðu sleppt því að styðja Íraksstríðið og sent Síóníuhljómsveitina til Íraks áður en Bandaríkjamenn byrjuðu að bomba hefði það vakið svo mikla furðu að það hefði hugsanlega afstýrt stríðinu. Hvernig er hægt að verða reiður við þann sem flytur tónlist?“

ABBA BABB!
eftir Dr. Gunna

FRÁBÆR
FJÓLSKYLDUSKEMMTUN!

18. mars kl. 17.00 uppselt
25. mars kl. 17.00 örfá sæti laus
1. apríl kl. 14.00 og 1. apríl kl. 17.00

Leikhópurinn
Á senunni & LEIKHÚSIÐ

Miðasala í síma 555 2222
eða á www.midi.is
www.abbababb.is

GIANNI SCHICCHI Giacomo Puccini
SUOR ANGELICA

ÓPERUSTÚDÍÓ ÍSLENSKU ÓPERUNNAR: Systir Angelica og Gianni Schicchi eftir Puccini
Frumfyrir mið. 21. mars kl. 20 - **NOKKUR SÆTI LAUS**
2. sýn. sun. 25. mars kl. 20 - 3. sýn. þri. 27. mars kl. 20
4. sýn. fim. 29. mars kl. 20 - **LOKASÝNING**

Þátttakendur eru nemendur í tónlistarskólum í söng og hljóðfæraleik

CAVALLERIA RUSTICANA - FRUMSÝNING Á ANNAN Í PÁSKUM
Mánud. 9. apríl (annar í páskum) kl. 17.00 - **FRUMSÝNING - UPPSELT**
2. sýn. mið. 11. apríl kl. 20 - 3. sýn. lau. 14. apríl kl. 20 - 4. sýn. sun. 15. apríl kl. 17

www.opera.is | opera@opera.is | Sími: 511 4200

Miðasalan er opin alla daga nema mánudaga kl. 14-18 og fram að sýningu sýningardaga.
Símasala kl. 10-18 þriðjudaga - föstudaga. Miðasala á Netinu allan sólarhringinn.

ÍSLENSKA ÓPERAN
ÞJÓÐARÓPERA ÍSLENDINGA
Í 25 ÁR

Pétur og úlfurinn

LEIÐLEIKHÚSIÐ

Stóra sviðið kl. 20:00

SITJI GUDS ENGLAR eftir Guðrúnu Helgadóttur. Leikgerð Illugi Jökulsson.
Í dag sun. 18/3 kl. 14:00 uppselt og kl. 17:00 örfá sæti laus, sun. 25/3 kl. 14:00 örfá sæti laus, aukasýning kl. 17:00, sun. 15/4 kl. 14:00 örfá sæti laus, sun. 22/4 kl. 14:00 örfá sæti laus. Sýningum lýkur í apríl!

LEG - söngleikur eftir Hugleik Dagsson. Tónlist hljómsveitin Flis.
8. sýn. lau. 24/3 örfá sæti laus, mið. 28/3 örfá sæti laus, fim. 29/3 örfá sæti laus, fös. 30/3 örfá sæti laus, lau. 31/3 örfá sæti laus, fös. 13/4 örfá sæti laus, lau. 14/4, fös. 20/4, lau. 21/4.

Ath. nemendaafsláttinn og hópafláttinn. Námuflagar fá 35% afslátt ef greitt er með Námuflögu.

ÍMYNDUNARVEIKIN eða Þögn Molières eftir Molière/Macchia.
Franskur gestaleikur með íslenskum texta.
Fim. 22/3 örfá sæti laus, fös. 23/3 nokkur sæti laus.

Smíðaverkstæðið kl. 20:00

Hálsfesti Helenu eftir Carole Fréchette.
Frumfyrir lau. 31/3 uppselt, sun. 1/4 örfá sæti laus, fös. 13/4.

Kúlan

PÉTUR OG ÚLFURINN - Brúðsýning Bernds Ogronniks eftir verki Prokofievs.
Í dag sun. 18/3 kl. 13:30 nokkur sæti laus og 15:00 uppselt. Aukasýningar lau. 24/3 kl. 13:30 og kl. 15:00, sun. 25/3 kl. 13:30 og kl. 15:00. Allra sýðustu sýningar!

Miðasala í síma 551 1200 og á netinu www.leikhusid.is.

Afgreiðsla er opin kl. 12:30 - 18:00 mán. - þri. Aðra daga kl. 12:30 - 20:00.
Leikhúskjallarinn opin fyrir og eftir sýningar föstudaga og laugardaga.
Upplýsingar í miðasölusíma.

Leikhúsbloggjið er á www.leikhusid.blog.is Fylglist með!

„DAUÐUR, SKÍTUGUR, TÓMUR“
DAGUR VONAR

SÍÐAN SKEIN SÓL	DAGUR VONAR
20 ára afmælistónleikar Mið 18/4 kl.20 Miðav. 3.900	Lau 24/3 kl.20 UPPS. Sun 25/3 kl.20 UPPS. Mið 18/4 kl.20 Fim 19/4 kl.20 Fim 26/4 kl.20 Fös 27/4 kl.20
VILTU FINNA MILLJÓN?	SÖNGLEIKURINN GRETTIR
Fös 23/3 kl.20 Lau 31/3 kl.20 Sun 15/4 kl.20 Fös 20/4 kl.20	Mið 28/3 kl.20 FORSÝNING MIÐAVERD 1.500 Fim 29/3 kl.20 FORSÝNING MIÐAVERD 1.500 Fös 30/3 kl.20 FRUMSÝNING UPPSELT Sun 1/4 kl.20 2.sýning Gul kort Lau 14/4 kl.20 3.sýning Rauð kort
MEIN KAMPF	RONJA RÆNINGJADÓTTIR
Í kvöld kl.20 AUKAS. Allra síðasta sýning	Í dag kl.14 Sun 25/3 kl.14 Síðustu sýningar
HÖRÐUR TORFA	KILLER JOE
Kertaljósatónleikar Mán 2/4 kl.20 Miðav. 3.100	Í samstarfi við leikhúsið Skámána Fim 22/3 kl.20 Fös 23/3 kl.20 Lau 24/3 kl.20 Fim 29/3 kl.20
EILÍF HAMINGJA	KARÍUS OG BAKTUS
Í samstarfi við Hið lífandi leikhús Í kvöld kl.20 Sun 25/3 kl.20 Sun 22/4 kl.20 Sun 29/4 kl.20	Í dag kl.13,14,15 UPPS. Sun 25/3 kl.13,14,15 UPPS. Sun 1/4 kl.13,14,15 UPPS. Sun 15/4 kl.13,14,15 UPPS. Sun 22/4 kl.13,14,15 UPPS. Sun 29/4 kl.13,14,15 AUKASÝNINGAR Sun 6/5 kl.13,14,15 AUKASÝNINGAR Gestaleikur frá Leikfélagi Akureyrar
LADDI 6-TUGUR	ALVEG BRILLJANT SKILNAÐUR
Lau 24/3 kl.20 UPPS. Lau 24/3 kl.22:30 UPPS. Lau 31/3 kl.14 UPPS. Þri 3/4 kl.20 Mið 4/4 kl.20 UPPS. Mið 4/4 kl.22:30 Fim 5/4 kl.20 UPPS. Sun 15/4 kl.14 UPPS. Mán 16/4 kl.2 UPPS. Fim 19/4 kl.14 Fim 19/4 kl.17 Fim 19/4 kl.21 UPPS. Fös 27/4 kl.20 UPPS. Fös 27/4 kl.22:30 UPPS. Fim 10/5 kl.20 UPPS.	Þri 20/3 kl.20 UPPS. Mið 28/3 kl.20 AUKAS.
FEBRÚARSÝNING ÍD	MEZZOFORTE
Í kvöld kl.20 5.sýning Blá kort Sun 25/3 kl.20 Síðasta sýning	Þri 27/3 kl.21 Miðaverð 2.500
SÖNGLEIKURINN ÁST	BORGARLEIKHÚSIÐ
Í samstarfi við Vesturport Fim 22/3 kl.20 UPPS. Fös 23/3 kl.20 UPPS. Fim 29/3 kl.20 UPPS. Fös 30/3 kl.20 UPPS. Lau 31/3 kl.20 UPPS. Sun 1/4 kl.20	Miðasala 568 8000 www.borgarleikhusid.is

STUÐ MILLI STRÍÐA Fyrirmyndar fyrirmyndir

MARGRÉT HUGRÚN GÚSTAVSDÓTTIR LÍTUR UPP TIL LENI RIEFENSTAHL



Lengi hef ég undrast ótta fullorönnna við það að óstýrilát ungmenni séu vonda fyrirmyndir þeim sem yngri eru.

Fyrirmyndir eiga flestir nefnilega í foreldrum sínum, hvort sem þeim líkar það betur eða verr. Síðar, þegar persónuleikinn fer að skerpast, getur hver og einn valið sér utanaðkomandi fyrirmyndir eftir smag og behag. Sumir kjósa þannig meðvitáð að nefna mömmu og pabba sem fyrirmyndirnar í sínu lífi, en aðrir finna þær líka í nánasta umhverfi og áhugamálum.

Þess vegna breytir það engu þó að fólk sem notar eitruð og hegðar sér illa fái athygli í fjölmiðlum. Þau

ungmenni sem ætla sér að hegða sér illa gera það nefnilega ekki vegna þess að þau sáu það í sjónvarpi.

Til dæmis er það ósennilegt að fínþússuð Garðabæjarstelpa sem spilar á selló og hlustar á Celine Dion myndi allt í einu ákveða að taka Courtney Love til sér fyrirmyndar.

Síður sé ég það fyrir mér að fimleikahoppandi 15 ára drengur sem bónar bíllinn fyrir pabba færi að taka sér einhvern dýrargarðsdreng sem fyrirmynd.

Það læra börn sem þau búa við og ef foreldrar eru góðar fyrirmyndir þá mótast börnin út frá því og velja sér utanaðkomandi framhaldsfyrirmyndir í takt við það.

Mín framhaldsfyrirmynd í lífinu

er kona sem hét Leni Riefenstahl og hennar lífshlaup var hreint magnað. Til dæmis lét Leni hvorki kyn né aldur stoppa sig frá því að sinna áhugamálum sínum og það þykir mér til fyrirmyndar.

Hún lærði að kafa sjötug en laug því að hún væri fimmtug til að fá að taka prófið. Hún lenti í þyruluslysi í Súdan, 98 ára, og þegar hún lá banaleguna 101 árs, þá kenndi hún þyruluslysinu um slappleikann.

Ástríða hennar fyrir lífinu og möguleikum þess virtist óþrjótandi og alltaf var hún samkvæm sjálfri sér þrátt fyrir mikið andstreymi á köflum.

Það skemmtilega er að nokkurn veginn svona er blessunin hún mamma mín einmitt líka.

myndasögur

■ Pondus

Eftir Frode Øverli

PONDUS

Hún Kristal er tilbúin fyrir sýninguna!

Elvis, þarna ertu þá!

Hvar ertu búinn að vera, þú ert allur sveittur!

Hann virðist hafa átt ánægjulegan túr.

Bíbi mín, segðu eitthvað, Bíbi!

■ Gelgjan

Eftir Jerry Scott & Jim Borgman

Ohhh!

Mikið vildi ég að eitthvað áhugavert gerðist á þessu heimili! Þó það væri ekki nema einu sinni.

Hristu á þér botninn!

Já, hristu á þér botninn!

Maður verður að passa hvers maður óskar! Palli minn.

Ég verð inni á baði að sápa á mér augun ef einhver spyr eftir mér!

„Glens og grín Bjarna Hauks um pabbahlutverkíð er ein besta skemmtun sem í boði er í Reykjavík um þessar mundir“
FJÓRAR STJÖRNUR
Jón Viðar, ÍSAFOLD

Pabbinn

BJARNI HAUKUR (HELLISBÚINN) Í FRÁBÆRRI GAMANSÝNINGU

MARS
17/3 UPPSELT, Kl.20.00
18/3 ÖRFÁ SÆTI LAUS, Kl.20.00
22/3 ÖRFÁ SÆTI LAUS, Kl.20.00
23/3 ÖRFÁ SÆTI LAUS, Kl.20.00
24/3 UPPSELT, Kl.20.00
30/3 LAUS SÆTI, Kl.20.00
31/3 LAUS SÆTI, ATH. Kl. 19.00
31/3 kl. 22 LAUS SÆTI, ATH. Kl. 22.00

APRÍL
4/4 LAUS SÆTI Kl. 20.00
13/4 LAUS SÆTI Kl. 20.00
14/4 LAUS SÆTI Kl. 20.00
ÓSÓTTAR PANTANIR SELDAR DAGLEGA!!

Miðasalan í lðno er opin 11 - 16 virka daga.
Sími miðasölu er 562 9700.

TP THORSSON PRODUCTIONS
midi.is
IBNO

pabbinn.is

10%
vaxtaauki!



spron
www.spron.is

HVAD? HVENÆR? HVAR?

MARS

15 16 17 **18** 19 20 21

Sunnudagur

MÁLÞING

- ☐ 13.30 **Góugleði í Iðná.** Skáldkonur koma saman og halda málþing eða Heimskaffi þar sem rætt verður almennt um stöðu **kenrithöfunda.** Að því loknu verðu boðið upp á skemmtidagskrá með upplestrum, leiknu efni og léttum veitingum. Þá verður einnig útnefndur höfundur „**bókafjörunnar**“ en í þeirri fjöru má finna fjölda góðra bóka sem ekki hafa fengið verðskuldaða athygli.

TÓNLEIKAR

- ☐ 16.00 **Skólahljómsveit Kópavogs** heldur tónleika í **Íþróttamiðstöðinni að Varmá.** Þrjú aldurshópar leika fjölbreytt klassísk verk og dægurlög á tónleikum en tónskáldin spanna allt frá **Strauss** til **ABBA.**
- ☐ 20.00 **Hamrahlíðarkórinn** syngur lög við ljóð **Jónasar Hallgrímssonar** í Listasafni Íslands. Stjórnandi er **Þorgerður Ingólfssdóttir** en kynnrir er **Páll Valsson.**

SÝNINGAR

- ☐ 14.00 **Katrín Briem,** myndlistarmaður og kennari leiðir gesti Listasafns Íslands um sýningu á verkum **Jóhanns Briem.** Þar má einnig sjá sýningu á verkum **Jóns Engilberts.**

FYRIRLESTRAR

- ☐ 15.00 Arkitektinn **Guja Dögg** flytur fyrirlestur um efniskennnd, rými og form arkitektsins **Le Corbusier** í Hafnarhúsinu.

Upplýsingar um viðburði og sýningar sendist á hvar@frettabladid.is ekki síðar en sólarhring fyrir birtingu.



LOKATÓNLEIKAR VETRARINS Trío Reykjavíkur leikur í Hafnarborg.

Tríoóleikur

Fjórðu og síðustu tónleikar vetrarins í tónleikaröð Tríos Reykjavíkur verða haldnir í Hafnarborg kl. 20 í kvöld.

Á efnisskránni eru þrjú öndvegisverk eftir Haydn, Beethoven og Brahms. Meðlimir Tríos Reykjavíkur eru þau Peter Máté píanóleikari, Guðný Guðmundsdóttir fiðluleikari og Gunnar Kvaran sellóleikari.

SÆMUNDUR FRÓDI
frumsýning mið. 14. mars kl. 20:00 uppselt
2. sýn. sun 18. mars kl. 14:00 laus sæti
3. sýn. fim. 22. mars kl. 12:15 uppselt
4. sýn sun. 25. mars kl. 14:00 laus sæti
5. sýn. þri. 27. mars kl. 10:00 uppselt
6. sýn. þri. 27. mars kl. 12:30 uppselt

LANGAFI PRAKKARI
lau. 17. mars kl. 13:00 uppselt
sun. 18. mars kl. 16:00 laus sæti
þri. 20. mars kl. 9:30 og 13:00 uppselt
fim. 22. mars kl. 10:00 uppselt
fös. 23. mars kl. 10:00 uppselt

Miðapantanir í s. 562 5060 - Möguleikhúsið

Draumalandið

eftir Andra Snae Magnason

- 22. mars fimmtud. 2. sýn kl. 20:00**
23. mars föstud. 3. sýn kl. 20:00
24. mars laugard. 4. sýn kl. 20:00
29. mars fimmtud. 5. sýn kl. 20:00
30. mars föstud. 6. sýn kl. 20:00
31. mars laugard. 7. sýn kl. 20:00

HAFNARFJARDARLEIKHÚSIÐ

Strandgata 50, Hafnarfirði. Miðasala í síma 555 2222 og á www.midi.is

365

AÐALFUNDUR 365 HF

Aðalfundur 365 hf. verður haldinn á Radison SAS Hótel Sögu, þriðjudaginn 20. mars 2007 og hefst hann kl. 16.00

Eftirtalin mál eru á dagskrá fundarins:

- 1 Skýrsla stjórnar félagsins um starfsemi þess síðastliðið starfsár.
- 2 Ársreikningur félagsins fyrir liðið starfsár ásamt skýrslu endurskoðanda lagður fram til staðfestingar.
- 3 Ákvörðun um greiðslu arðs og hvernig fara skuli með hagnað eða tap.
- 4 Breytingar á samþykktum:

Tillaga um að samþykktum verði breytt á þann hátt að á aðalfundi skuli fjallað um tillögu stjórnar um starfskjarastefnu.

Tillaga um að í samþykktum verði kveðið á um að viku fyrir aðalfund skuli leggja fram, hluthöfum til sýnis á skrifstofu félagsins, tillögu stjórnar um starfskjarastefnu.

Tillaga um að í samþykktum verði kveðið á um að upplýsingar um frambjóðendur til stjórnar verði aðgengilegar á skrifstofu félagsins eigi síðar en tveimur dögum fyrir hluthafafund.
- 5 Tillaga stjórnar um starfskjarastefnu félagsins.

6 Kjör stjórnar til eins árs.

7 Kosning endurskoðanda fyrir næsta starfsár.

8 Ákvörðun um þóknun til stjórnarmanna fyrir næsta kjörtímabil.

9 Tillaga um heimild til handa stjórnar félagsins til að kaupa eigin hluti í félaginu, samkvæmt 55. gr. hlutafélagalaga nr. 2/1995.

10 Önnur mál sem eru löglega borin fram.

Dagskrá, endanlegar tillögur og ársreikningur félagsins, ásamt skýrslu endurskoðanda, verða hluthöfum til sýnis á skrifstofu félagsins viku fyrir aðalfund.

Aðgöngumiðar, atkvæðaseðlar og önnur fundargögn sem ekki hafa þegar verið afhent, verða afhent á fundarstað við upphaf fundarins.

Stjórn 365 hf.

KILLER JOE

Næstu sýningar
Fim. 22. mars Órfá sæti
Fös. 23. mars Órfá sæti
Lau. 24. mars Órfá sæti
Fim. 29. mars
Fös. 30. mars
Lau. 31. mars

Sýningar hefjast 20:00

Miðasala í 568 8000
www.borgarleikhus.is
www.midi.is

★★★★★
Fréttabl.
★★★★★
Bláðið

www.killerjoe.blog.is

ÁST

SÓNGLEIKUR EFTIR
GÍSLA ÖRN GARDARSSON
OG VÍKING KRISTJÁNSSON

Í samstarfi við vesturport

Fös 23/3 kl. 20 UPPS.
Fös 30/3 kl. 20 UPPS.
Fim 22/3 kl. 20 UPPS.
Fim 29/3 kl. 20 UPPS.
Lau 31/3 kl. 20

Miðasala 568 8000
www.borgarleikhus.is

Gamanleikritið

BAR PAR

Leikstjóri: Gunnar L. Gunnsteinsson
Aðalhlutverk:
Guðlaug Elísabet Ólafsdóttir
Steinn Ármann Magnússon

Næstu Sýningar: Miðasala:
Sun. 18. mars Á Nasa, einnig á
Fös. 23. mars www.nasa.is
Fös. 30 mars og www.midi.is

Einn Carlsberg fylgir miðanum!

Á HVERJU ÁRI HENDA
BANDARÍKJAMENN UM 2,5
MILLJÓNUM TONNA AF ÁLI Á
RUSLAHAUGA.
ÞAÐ ER EINS OG 13 ÁLVER
Í STRAUMSVÍK FYRIR
STÆKKUN.

ÍSLAND BER EKKI EITT
ÁBYRGÐ Á MENGNAR-
VANDA ÁLIÐNAÐARINS OG
PARF HVORKI AÐ FÓRNA
ÓSNORTNUM VÍÐERNUM SÍNUM
NÉ FRAMTÍÐAR-
MÖGULEIKUM
UNGRA ÍSLENDINGA Í
ÞÁGU HANS.

ER FRAMTÍÐARLANDIÐ ÞITT GRÁTT EÐA GRÆNT?

Nýtt í bió FÓR BEINT Á TOPPINN Í USA!
EPIC MOVIE
 ÞESSI ER STÓR... VIÐ MÆLDUM!
 UPPLIFÐU MYNDINA SEM FÉKK ENGIN ÓSKARSVERÐLAUN!

FRÁBÆR GAMANMYND ÞAR SEM GERT ER GRÍN AF HELSTU STÓRMYNDUM SÍÐASTA ÁRS.

VENUS
 "ÓVÉNT KVÍKMYNDAPERLA SEM ENGINN MÁ LÁTA FRAM HJÁ SÉR FARA."
 - SIGRÍÐUR PÉTURSDÓTTIR, RÁS 1
 "FRÁBÆR SKEMMTUN!" - S.V. MBL
 "FRÁBÆR LEIKUR OG EFTIRMINNILEG MYND!" - B.S., FRETTLAÐIÐ

NORBIT
 FEITASTA GRÍNMYND ÁRSINS
 EDIE MURPHY EDIE MURPHY
 Hefur þú einhvern tímann gert mjög stór mistök?

VENUS
 "ÓVÉNT KVÍKMYNDAPERLA SEM ENGINN MÁ LÁTA FRAM HJÁ SÉR FARA."
 - SIGRÍÐUR PÉTURSDÓTTIR, RÁS 1
 "FRÁBÆR SKEMMTUN!" - S.V. MBL
 "FRÁBÆR LEIKUR OG EFTIRMINNILEG MYND!" - B.S., FRETTLAÐIÐ

NORBIT
 FEITASTA GRÍNMYND ÁRSINS
 EDIE MURPHY EDIE MURPHY
 Hefur þú einhvern tímann gert mjög stór mistök?

SMÁRABÍÓ SÍMI 564 0000
 REGNBOGINN SÍMI 551 9000
 Borgarbió SÍMI 462 3500

EPIC MOVIE	Kl. 2, 4, 6, 8 og 10 B.I. 7 ÁRA
EPIC MOVIE SÝND Í LÚXUS	Kl. 2, 4, 6, 8 og 10
NORBIT	Kl. 1, 3, 20, 5, 40, 8 og 10, 20
THE NUMBER 23	Kl. 8 og 10, 15 B.I. 16 ÁRA
GHOST RIDER	Kl. 3, 5, 30, 8 og 10, 30 B.I. 12 ÁRA
ANNA & SKAPSVEIFLURNAR ISL. TAL.	Kl. 1 og 2 STUTTMYND
NIGHT AT THE MUSEUM	Kl. 1, 3, 20 og 5, 40

MIDASALA Í SMÁRABÍÓ OG REGNBOGANN Á **mid.is**

450 kr. í bió!
 MIDASALA Í BORGARBIÓ Á **mid.is**

Sími 553 2075 LAUGARÁS **Bió** - bara lúxus

EPIC MOVIE
 FRÁBÆR GAMANMYND ÞAR SEM GERT ER GRÍN AF HELSTU STÓRMYNDUM
 ÞESSI ER STÓR... VIÐ MÆLDUM!

FEITASTA GRÍNMYND ÁRSINS
 EDIE MURPHY EDIE MURPHY
 Hefur þú einhvern tímann gert mjög stór mistök?

NORBIT
 FEITASTA GRÍNMYND ÁRSINS
 EDIE MURPHY EDIE MURPHY
 Hefur þú einhvern tímann gert mjög stór mistök?

Sýnd kl. 2, 4, 6, 8 og 10 B.I. 7
 Sýnd kl. 2, 4, 6, 8 og 10

SMOKIN' ACES
 V.J.V. Topp5.is SV. MBL
 MEGI BESTI LEIÐGUMBOÐINGINN VINNA

KIRIKOU OG VILLIDYRIN
 KL. 6 (450 kr) ISL. TAL.

450 KR. Í BIÓ!
 GILDIR Á ALLAR SÝNINGAR MÉRKTAR MEÐ RAUÐU

Sími: 553 2075 LAUGARÁS **Bió** - bara lúxus

Ódýrt í bió

EPIC MOVIE
 ATH. SÝND KL. 2

NORBIT
 FEITASTA GRÍNMYND ÁRSINS
 ATH. SÝND KL. 2

ARTUR OG MÍNIMOARNIR
 ISLENGT TAL

450 kr. á 2 sýningar

Í hnapphelduna

Nicole Richie og Joel Madden, söngvari sveitarinnar Good Charlotte, eru trúlofuð. Párið ku hafa verið mjög nálægt því að ganga í það heilaga í Las Vegas í febrúar, en vildi bíða þar til Lionel Richie, faðir Nicole, hefði veitt blessun sína. Samkvæmt heimildum National Enquirer valdi párið sér silfur- og demantshringa í stíl í skartgripabúð í Vegas, og setti stefnuna svo á brúðkaupskapellu. Nicole vildi þó bíða eftir blessun Lionels, svo þau héldu beint heim til hans þegar þau sneru aftur til Los Angeles.



VILDI BLESSUN FÖÐUR Nicole Richie var næstum því gengin inn kirkjugólfíð í Vegas á dögnum, en vildi bíða þar til hún hefði hlotið blessun föður síns, Lionels Richie. NORDICPHOTOS/GETTY IMAGE

Sögur herma að Madden hafi verið afar taugaóstyrkur þegar til kastanna kom að hitta Lionel Richie. Hann tók Madden opnum örmum og þakkað honum fyrir allt sem hann hefur gert fyrir Nicole. Párið áformar nú að ganga í það heilaga í Cabo

í Mexíkó, en þau hafa verið saman síðan í haust, eftir að Madden hætti með leikkonunni Hilary Duff.

UNIVERSITY OF SOUTHERN DENMARK

Utraditionelle ingeniøruddannelser i Danmark

Teknisk Fakultet, Syddansk Universitet holder informationsmøde om vores uddannelser

Torsdag d. 22. marts klokken 19.00 i lokale 415 i Idnskollin i Reykjavík.

Du kan høre om fx.:

- B.sc. in Mechatronics
- B.sc. in Innovation & Business
- B.Eng. in Global Management and Manufacturing
- Diplomingeniør i Bygningsteknik

Mod både Islandske studerende, undervisere og vejledere



RICHARD HATCH Fyrirverandi sigurvegari Survivor situr í fangelsi þessa dagana.

Hryllilegt í fangelsinu

Richard Hatch, sem sigraði í Survivor-keppninni árið 2004, segir það hryllilegt að hafa þurft að dúsa í fangelsi undanfarna sex mánaði. Hatch vann um það bil sjöttíu milljónir fyrir sigur sinn í Survivor. Var hann dæmdur sekur um að hafa svikist undan að borga skatt af verðlaunafé sínu og öðrum tekjum sem hann fékk. Hjóðaði dómurinn upp á 51 mánaða fangelsi.

„Þetta er hræðilegt vegna þess að ég er saklaus maður,“ sagði Hatch, sem var þekktur sem nakti, þybbni maðurinn í Survivor. Hatch segist vera að vinna að bók sem byrjar á Survivor-ævintýrinu en lýkur með fangelsisvistinni.

KVIKMYNDAUPPLIFUN ÁRSINS

PREPARE FOR GLORY!

★★★★★
VJV TOPPS.IS

STÆRSTA OPNUN ÁRSINS Í BANDARÍKJUNUM

VIP
DOLBY
Cinema zero

FEITASTA GRÍNMYND ÁRSINS

EGG sprun

Hefur þú einhvern tíman gert mjög stór mistök?

NORBIT

TOPPMYNDIN Á ÍSLANDI

25
AMBÍÓN

ROMANTISK GAMANMYND

hugh grant drew Barrymore

music and lyrics

BLOOD & CHOCOLATE

BREAKING AND ENTERING

SMOKIN' ACES

Frönsk- Kvikmyndahátíð 3. Mars Til 1. Apríl Háskólabíó

300.	kl. 4 - 6:30 - 9 - 10:40	B.16	FORELDRAR	kl. 3:45
BLOOD & CHOCOLATE	kl. 8 - 10:15	B.12	TELL NO ONE	kl. 15:20
LETTERS FROM...	kl. 5:30	B.16	HORS DE PRIX	kl. 17:40 - 20:00
BLOOD DIAMOND	kl. 8	B.16	PARIS, JE T'AIME	kl. 22:20
DREAMGIRLS	kl. 3 - 5:30	B.7	ASTERIX ET OBELIX	kl. 15:45 - 17:45
			LE PETIT LIEUTENANT	kl. 20:00
			SAUVE QUI PEUT	kl. 22:15

AMBÍÓN / ÁLFABAKKA				AMBÍÓN / KRINGLUNNI				AMBÍÓN / KEFLAVÍK				AMBÍÓN / AKUREYRI			
300.	kl. 1:30-5:30-8:15-10:30	B.16	BREAKING AND ENTERING	kl. 5:50	B.12	300.	kl. 5:30 - 8-10-10-10:30	B.16	DIGITAL	300	kl. 5:30 - 8 - 10:30	B.16	300	kl. 5:40 - 8 - 10:20	B.16
300. VIP	kl. 3 - 5:30 - 8 - 10:30		BRIDGE TO TEREATHIA	kl. 2 - 4 - 6:10	Leyð	NORBIT	kl. 3:40-5:50 - 8 - 10:20	Leyð		LAST KING OF SCOTLAND	kl. 10	B.16	THE BRIDGE TO ...	kl. 2 - 4	Leyð
BLOOD & CHOCOLATE	kl. 8 - 10:30	B.12	VEFURINN...	M-Ísl tal. kl. 1:30 - 3:40	Leyð	MUSIC & LYRICS	kl. 5:50 - 8	Leyð	DIGITAL	BRIDGE TO TEREATHIA	kl. 2 - 4 - 6	Leyð	MUSIC & LYRICS	kl. 4 - 6 - 8	Leyð
MUSIC & LYRICS	kl. 5:50 - 8 - 10:20	Leyð	FRÁIR FÆTUR	M-Ísl tal. kl. 1:30 - 3:40	Leyð	BRIDGE TO TEREATHIA	kl. 1:30 - 3:30	Leyð		NUMBER 23	kl. 8	B.16	BLOOD & CHOCOLATE	kl. 10	B.12
SMOKIN ACES	kl. 5:50 - 8 - 10:20	B.16	SKOLAD Í BURTU	M-Ísl tal. kl. 2 - 3:40	Leyð	VEFURINN H...	M-Ísl tal. kl. 1:40 - 3:50	Leyð	DIGITAL	VEFUR KARLOTTU	M-Ísl tal. kl. 2	Leyð			

www.SAMbio.is 575 8900 www.SAMbio.is

Gott andrúmsloft í hljóðveri

Bandaríska roksveitin Metallica hóf fyrr í þessari viku upptökur á sinni níundu hljóðversplötu, þar sem Rick Rubin stjórnar upptökum. Mun hún fylgja eftir plötunni St. Anger sem kom út árið 2003 og fékk þá blendnar viðtökur bæði gagnrýnenda og almennings. Miklir erfiðleikar innan hljómsveitarinnar fylgdu upptökufarlinu á þeirri plötu, rétt eins og kom fram í heimildarmynd um hljómsveitina sem vakti mikla athygli á sínum tíma. „Þetta er ótrúlega rólegt hjá okkur,“ sagði trommarinn Lars Ulrich. „Við fjórir mætum á staðinn, slöppum af og skemmtum okkur frábærlega.



METALLICA Rokksveitin Metallica er að vinna að nýrri plötu.

Hérna eru engir geðlæknar í hvítum skyrtum og ekkert kvikmyndatökulið. Þetta er mjög svipað andrúmsloft og var hérna einu sinni. Allt þetta St. Anger-dæmi virkar á mann eins og bíómynd núna,“ sagði hann og hló.

Til stendur að taka upp fram í júní. Þá ætlar sveitin að taka sér pásu og fara í tónleikaferð um Evrópu en eftir það halda upptökur áfram þar til í ágúst. Ulrich getur ekki lofað því að platan komi út á þessu ári. „Ég vil að hún komi út á þessu ári og ég vona það. Ef hún kemur ekki á þessu ári verður það í byrjun næsta árs.“

Illugi í Texas

Plötusnúðurinn Illugi Magnússon, sem kallar sig DJ Platur, spilaði síðastliðinn fimmtudag á tónlistarhátíðinni South By Southwest í Texas í Bandaríkjunum.

Illugi, sem er þrítugur, hefur búið í Kaliforníu frá fimm ára aldri og var því nánast á heimavelli á tónlistarhátíðinni. Hann hefur spilað tvisvar sinnum á Iceland Airwaves-hátíðinni auk þess sem hann hefur oft þeytt skífum á Vegamótum, Barnum, Oliver og fleiri stöðum í Reykjavík.

Illugi er ekki eini Íslendingurinn sem var fenginn til að spila



DJ PLATUR Illugi Magnússon kom fram á tónlistarhátíðinni South By Southwest á fimmtudag.

á South By Southwest-hátíðinni því áður hafði verið tilkynnt um þátttöku Mammút, Lödu Sport og Reykjavík!

BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS

Bónus Borgarnesi Viltu vinna með okkur?

UMSJÓNARMAÐUR KASSASVÆÐIS:
Starfsmaður óskast við umsjón kassasvæðis. Vinnutími hefst rétt fyrir opnun og lýkur stuttu eftir lokun í samráði við verslunarstjóra.

STARFSMAÐUR Í VÖRUMÓTTÖKU:
Starfsmaður óskast í vörumóttöku. Vinnutími er 8 til 15 mánudag til fimmtudags. Á föstudögum 8 - 19 og þriðja hver helgi.

Frekari upplýsingar veitir verslunarstjóri í versluninni eða starfsmannastjóri í s: 588 8699. Umsóknum má skila í verslunina eða á bonus.is.

Borðum meiri fisk!

uppskrift að ljúffengum fiskrétti fyrir alla fjölskylduna

Sesamhjúpaður karfi

- (fyrir 4)
- 700 g karfaflök, roð- og beinlaus
 - 1/2 tsk. salt
 - pipar
 - 2 msk. Dijon sinnep og örlítið vatn
 - 1 dl sesamfræ eða heslihetuflögur
 - 3 msk. heilhveiti
 - 1 msk. matarolía

Skerið karfann í hæfilega stór stykki, saltið og piprið.

Hrærið saman sinnep og vatn og veltið fiskstykkjunum upp úr sinnepinu og síðan upp úr blöndu af sesamfræjum og heilhveiti. Steikið í olíu, við frekar vægan hita, í 2-3 mínútur á hvorri hlið eða þar til fiskurinn er hvítur í gegn.

Berið fram með soðnum kartöflum, spergil-káli og rifnum gulrótum.

Fleiri uppskriftir á lydheilsustod.is



> Bætti 16 ára Íslandsmet

Hin 17 ára gamla Sigrún Brá Sværisdóttir í Fjölni bætti sextán ára gamalt Íslandsmet Ingibjargar Arnadóttur í 200 metra flugsundi í undanrásunum í gær þegar hún synti á 2.22,73 mín. Sigrún Brá setti auk þess nýtt stúlknamet í 200 metra skriðsundi á tímanum 2.06,14 mín. og varð um leið Íslandsmeistari.



Páll Axel Vilbergsson

1. 1987-88 (1 stig)
2. Boncourt (1 stig)
3. Ólína Guðbjörg Viðarsdóttir (0 stig)
4. Man það ekki. (0 stig)
5. Wilkins, minn maður. (1 stig)
6. Missouri St. Louis (1 stig)
7. Sjö (0 stig)
8. Möltu 1995 (0 stig)

Samtals: 4 stig.

Nafnarnir úr Grindavík skildu jafnir þannig að það verða engar kyndingar í klefnum í kvöld. Páll Axel var ótrúlega nálægt því að svara tveimur síðustu spurningunum rétt.

EINVÍGIÐ

1. Hvað var fyrsta tímabil Grindavíkur í úrvalsdeild?
2. Með hvaða liði spilar Helgi Már Magnússon í Sviss?
3. Hver var fyrirlíði kvendandsliðsins í fótbolta á Algarve Cup?
4. Hvað heitir nýi James Bond?
5. Hvort skoraði Patrick Ewing eða Dominique Wilkins fleiri stig á ferli sínum í NBA?
6. Í hvaða háskóla spilaði Jonathan Griffin?
7. Hvað hefur Friðrik Ragnarsón unnið marga Íslandsmeistarátitla sem leikmaður eða þjálfari?
8. Hvenær vann íslenska karlandsliðið síðast Smáþjóðaleikana?

Páll Kristinsson

1. 1987-88 (1 stig)
2. Man það ekki (0 stig)
3. Margrét Lára Viðarsdóttir (0 stig)
4. Daniel Craig (1 stig)
5. Wilkins (1 stig)
6. Veit það ekki (0 stig)
7. Níu (0 stig)
8. 1993 (1 stig)

Samtals: 4 stig.

Rétt svör: 1. 1987-88. 2. Boncourt. 3. Katrín Jónsdóttir. 4. Daniel Craig. 5. Dominique Wilkins. 6. Missouri St. Louis. 7. Sex. 8. Möltu 1993.



spor

sport@frettabla



MARKINU FAGNAÐ Markvörðurinn Paul Robinson skoraði.

NORDIC PHOTOS/GETTY

Robinson skoraði hjá Foster:

Skoraði af 80 metra færi

FÓTBOLTI Sá sjaldséði atburður átti sér stað í gær að Paul Robinson, landsliðsmarkvörður Englands, skoraði hjá helsta keppinaut sínum um byrjunarliðssæti í enska landsliðinu, Ben Foster, þegar Tottenham sigraði Watford í ensku úrvalsdeildinni.

Robinson tók aukaspurnu af 80 metra færi og hugðist gefa á Mido framherja Tottenham. Aukaspurnan var heldur löng og skoppaði einu sinni og sveif svo yfir Foster sem vissi ekki hvort hann var að koma eða fara og í netið.

Þetta er annað mark Robinsons á ferlinum en hann skoraði fyrir Leeds United gegn Swindon í enska deildarbikarnum tímabilið 2003-2004, þá með skalla.

-gmi

Meistarataktar hjá United

Manchester United rúllaði yfir Bolton, Chelsea vann öruggan sigur á Sheffield United og lukkan var loksins með liði West Ham í ensku úrvalsdeildinni í gær.

FÓTBOLTI Manchester United sýndi sannkallaða meistarataktu þegar liðið tók Bolton í kennslustund, 4-1. United var komið í 3-0 eftir 25 mínútna leik og hefði hæglega getað unnið enn stærra en Bolton minnkaði muninn undir lokin með marki úr vafasamri vítaspurnu.

Meiðsli Garys Neville, fyrirliða United, skyggja óneitanlega á sigurgleðina. „Gary skaddaði liðbónd í ökkla og verður líklega frá keppni næstu þrjár vikurnar,“ sagði Sir Alex Ferguson þjálfari United að leiknum loknum.

„Þetta er mikið áfall fyrir okkur en leikmennirnir létu það ekki á sig fá og sýndu mikinn styrk og vilja til að klára þennan leik. Að skora fjögur mörk á þessum tíma árs er frábært.“ Ronaldo fór á kostum í leiknum og var arkitektinn bak við þrjú fyrstu mörk United og það fór ekki framhjá stjórnunum. „Ronaldo hefur átt frábært tímabil. Samvinna hans og Wayne Rooney í leiknum í dag var í hæsta gæðaflokki.“

Sam Allardyce, stjóri Bolton, átti ekki orð til að lýsa frammi-stöðu sinna manna í leiknum. „Ég skil ekki hvernig þeir skoruðu þrjú mörk eftir að við áttum föst leikatriði. Okkar sterkasta hlið á að vera að verjast skyndisóknun. Þetta var vandræðalegt og ég er



öskuvondur yfir þessu.“

Chelsea fylgir United fast eftir og er enn sex stigum á eftir toppliðinu eftir auðveldan, 3-0, sigur á Sheffield United. Sigur Chelsea þýðir að liðið hefur nú unnið sex leiki í röð og það kemur Jose Mourinho, stjóra liðsins, ekki á óvart. „Þegar allir okkar leikmenn eru heilir erum við með gott lið og það kemur mér ekki á óvart hafa unnið sex leiki í röð. Við byrjuðum mjög vel í dag, skoruðum tvisvar á fyrstu 20 mínútunum og vorum með leikinn í hendi okkar eftir það. Þeir bitu aðeins frá sér fyrir hlið en við höfðum tögl og hagldir og lékum vel í seinni hálfleik.“

HETJURNAR Booby Zamora og Carlos Tevez fagna hér sigurmarki West Ham gegn Blackburn í gær.

NORDIC PHOTOS/GETTY

West Ham vann Blackburn, sinn fyrsta sigur í deildinni síðan liðið sigraði Manchester United, 1-0, 17. desember. Það má segja að í fyrsta skipti í langan tíma var heppnin með West Ham því sigurmark liðsins hefði aldrei átt að standa. Carlos Tevez varði skot féлага síns Bobbys Zamora á marklínu en annar aðstoðardómariinn veifaði flaggi sínu ranglega til merkis um að boltinn hefði farið yfir línuna og því kærkominn sigur West Ham staðreynd.

-gmi

Íslandsmeistarar í fjölþraut karla og kenna:

Viktor hélt áfram sigurgöngu sinni

FIMLEIKAR Gerplufólkið Viktor Kristmannsson og Margrét Hulda Karlsdóttir urðu í gær Íslandsmeistarar í fjölþraut á fyrri hluta Íslandsmóts í áhaldafimleikum sem fram fór í Fimleikahúsi Ármanns í Laugardalnum í gær.

Þetta var fimmta árið í röð og sjötta skiptið alls sem Viktor fagnar sigri en Margrét Hulda var að vinna í fyrsta sinn. Margrét Hulda Karlsdóttir fékk 49,600 stig, í 2. sæti varð Kristjana Sæunn Ólafsdóttir með 48,550 stig og í 3. sæti varð Dóra Sigurbjörg Guðmundsdóttir með 48,250 stig en allar þessar stelpur eru úr Gerplu.

Viktor Kristmannsson fékk 79,800 stig í keppni strákanna, í 2. sæti varð Dýri Kristjánsson, Gerplu með 74,350 stig og í 3. sæti varð Bjarki Ásgeirsson, Ármanni með 72,950 stig.

Seinni hluti Íslandsmótsins fer fram í dag þegar verður keppt til úrslita á einstökum áhöldum en sex stigahæstu einstaklingarnir á



ÍSLANDSMEISTARI FIMMTA ÁRIÐ Í RÖÐ Viktor Kristmannsson hefur orðið Íslandsmeistari í fjölþraut síðan 2003.

FRÉTTABLAÐIÐ/FIMLEIKAR.IS

hverju áhaldi í gær unnu sér inn, keppnisrétt í úrslitunum.

-gmi

ÚRSLIT GÆRDAGSINS

Enska úrvalsdeildin

MAN.UTD-BOLTON	4-1
1-0 Ji-Sung Park (14.), 2-0 Wayne Rooney (17.), 3-0 Park (25.), 4-0 Rooney (74.), 4-1 Gary Speed, víti (87.)	
WIGAN-FULHAM	0-0
Heiðar Helguson kom inn á sem varmaður á 67. mínútu	
MIDDLESBROUGH-MAN. CITY	0-2
0-1 Sylvain Distin (61.), 0-2 Emile Mpenza (74.)	
READING-PORTSMOUTH	0-0
Ivar Ingimarsson lék allan leikinn en Brynjar Björn Gunnarsson var allan tímann á bekknum.	
CHELSEA-SHEFF. UTD	3-0
1-0 Andriy Shevchenko (4.), 2-0 Salomon Kalou 3-0 (17.), Michael Ballack (58.)	
TOTTENHAM-WATFORD	3-1
1-0 Jermaine Jenas (41.), 2-0 Paul Robinson (63.), 3-0 Hossam Ghaly (85.), 3-1 Darius Henderson (89.)	
BLACKBURN-WEST HAM UNITED	1-2
1-0 Christopher Samba (47.), 1-1 Carlos Tevez víti (72.), 1-2 Bobby Zamora (75.)	

STADAN:

MAN. UTD	30	24	3	3	70-20	75
CHELSEA	30	21	6	3	54-19	69
ARSENAL	28	16	7	5	51-23	55
LIVERPOOL	29	16	5	8	44-20	53
BOLTON	30	14	5	11	35-38	47
TOTTENHAM	30	13	6	11	43-44	45
READING	30	13	5	12	43-38	44
EVERTON	29	11	10	8	37-26	43
PORTSM.	30	11	9	10	36-31	42
BLACKBURN	30	12	4	14	36-41	40
NEWCASTLE	29	10	7	12	34-37	37
MIDDLESBR.	30	9	9	12	32-36	36
FULHAM	30	7	13	10	31-44	34
ASTON VILLA	29	7	12	10	29-35	33
MAN. CITY	29	9	6	14	22-34	33
WIGAN	30	9	6	15	30-44	33
SHEFF. UTD	30	8	7	15	25-44	31
CHARLTON	29	6	6	17	26-49	24
WEST HAM	30	6	5	19	23-51	23
WATFORD	30	3	11	16	19-46	20

England - Championship

SOUTHEND-LEEDS	1-1
Gylfi Einarsson var ekki í leikmannahópi Leeds.	
PRESTON-BURNLEY	2-0
Jóhannes Karl Guðjónsson sat á varamannabekki allan leikinn.	

Þýski handboltinn

HAMBURG-FLENSBURG	33-31
GROSSWALLSTADT-NORDHORN	26-33
Alexander Petersson 7, Einar Hólmgeirsson 5.	
TUS N-LÜBBECKE-KRONAU	18-33
Þórir Ólafsson 1 -	
WILHELMSHAVENER-MINDEN	28-23
Gylfi Gylfason skoraði ekki - Snorri Steinn Guðjónsson 3, Einar Örn Jónsson 2.	



KOMINN AF STAÐ Einar Hólmgeirsson, NORDIC PHOTO/GETTY

Einar Hólmgeirsson með á ný:

Skoraði fimm mörk í ósigri

HANDBOLTI Einar Hólmgeirsson lék sinn fyrsta leik með Grosswallstadt í gær eftir meiðslin á þumalfingeri sem kostuðu hann sæti á HM. Grosswallstadt steinlái á heimavelli, 33-26, gegn Nordhorn. Einar skoraði 5 mörk og Alexander Pettersson 7.

-gmi

FRUMSÝND 16. MARS

9. HVER VINNUR!

SMS LEIKUR

SENDU SMS JA JA SMF Á NÚMERIÐ 1900 OG ÞÚ GÆTIR UNNIÐ MÍÐA FYRIR TÚ! VUNNINGAR ERU BIOMIDAR, DVD MYNDIR OG MARGT FLÉIRA

BIOMIDI

SAMBION zero

Vinningar verða afhendir hjá BT Spíralmið. Kópavogi. Með því að taka þátt ertu kominn í Vís klubb 99 Kí/skýtið.

BLEKKINGAMEISTARINN

FRUMSÝND 23. MARS

SÝND Í REGNBOGANUM



EDWARD NORTON

PAUL GIAMATTI

JESSICA BIEL

THE ILLUSIONIST

EKKI ER ALLT SEM SÝNIST

„SANNKALLAÐ LISTAVERK sem sker sig úr í hafsjó af eftirlíkingum. Virkilega töfrandi mynd sem minnir mann á af hverju maður varð ástfangin af kvikmyndum til að byrja með.“

- Lou Lumenick, New York Post

„HRÍFANDI! STÓRBROTIN SAGA um listina, ástina og pólitíkina! Edward Norton hefur aldrei verið betri og Paul Giamatti á Óskarinn skilið! Dularfull og dáleiddandi!“

- Peter Travers, Rolling Stone

„STÓRSKEMMTILEG! Fær þig til að trú á kraftaverk!“

- Stephen Holden, The New York Times

„JESSICA BIEL ER MESTI GALDURINN VIÐ ÞESSA MYND; hún umbreytist algjörlega í austurríska greifynju og stimplar sig þar með inn sem frábær leikkona sem ber að taka alvarlega.“

- Entertainment Weekly

✂ KLIPPIÐ HÉRI

Gullnu reglur Græna ljóssins

1

Ekkert hlé

Myndin sýnd í einum rykk

2

Minna af auglýsingum

Sýning myndarinnar byrjar fyrir

3

Engin truftun

Miðasölu lýkur þegar sýning myndar hefst

FRÉTTABLAÐIÐ

Lesendur Fréttablaðsins fá 2 fyrir 1 allar frumsýningarhelgar.

Framvísaðu þessari úrklippu í miðasölunni til að fá tilboðið. Tilboðið gildir föstudag, laugardag og sunnudag á allar sýningar.

græna
ljósið

- Ekkert hlé á góðum myndum



47. SÆTI Birgir Leifur hefur leikið vonum framar á Evrópumótaráð atvinnukylfinga í vor. NORDIC PHOTOS/GETTY

Púttin að stríða Birgi Leifi:

Birgir á parinu á þriðja degi

GOLF Birgir Leifur Hafþórsson atvinnukylfingur úr GKG lék á 72 höggum á þriðja keppnisdegi TCL Classic golfmótisins á Hainan eyju í Kína og er í 47.-55. sæti fyrir lokahringinn á sex höggum undir pari.

Púttin voru að stríða Birgi Leifi en hann fékk tíu þór, fjóra fugla og fjóra skolla á hringnum en hann missti nokkur stutt pútt fyrir pari og hefði því hæglega getað gert enn betur. -gmi

Lakers sigur eftir sjö töp í röð:

Kobe Bryant með 65 stig

KÖRFUBOLTI Kobe Bryant fór á kostum þegar Los Angeles Lakers vann loks eftir sjö ósigra í röð í fyrriðtt þegar liðið lagði Portland Trail Blazers, 116-111, í framlengdum leik.

Svo virðist sem Bryant hafi fengið sig fullsaddan á slökugengi liðsins og ákveðið að grípa til sinna ráða. Bryant skoraði 65 stig í leiknum en hann hefur einu sinni skorað meira, 81 stig gegn Toronto á síðasta tímabili. -gmi



ÍSLANDSMET Sigrún Brá Sverrisdóttir bætti 16 ára gamalt Íslandsmet í 200 metra flugsundi. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Góður árangur sundfólksins Kvennasveit Ægis með met

SUND Ágætur árangur náðist á Íslandsmeistaramótinu í 50 metra laug í gær. Kvennasveit Ægis setti Íslandsmet í 4x200m skriðsundi á tímanum 8:49,13 mín. Olga Sigurðardóttir, Kolbrún Ýr Kristjánsdóttir, Jóhanna Gerða Gústafsdóttir og Auður Sif Jónsdóttir syntu fyrir sveitina.

Erla Dögg Haraldsdóttir ÍBR var aðeins 32/100 sek. frá 15 ára gömlu Íslandsmeti Ragnheiðar Runólfssdóttur í 50 metra bringusundi kvenna. Í sömu grein karla var Jón Oddur Sigurðarson KR aðeins 10/100 sek. frá Íslandsmeti Jakobs Jóhanns Sveinssonar.

Kolbrún Ýr Kristjánsdóttir virðist vera að nálgast sitt gamla form en hún var aðeins hálfri sekúndu frá eigin Íslandsmeti í 50m flugsundi. -gmi

Purfum toppleiki gegn ÍR

KR-ingar tryggðu sér oddaleik með sannfærandi 78-87 útisigri á ÍR-ingum í Seljaskóla í gær. Sjö leikmenn KR skoruðu átta stig eða fleiri í leiknum.

KÖRFUBOLTI KR-ingar eru ekki á leiðinni í sumarfrí, það sýndu þeir með sannfærandi 87-78 sigri á ÍR-ingum í Seljaskólanum í gær. KR-liðið kom einbeitt og ákveðið til leiks og fyrsti leikhlutinn var Breiðhýltingum afar erfiður. KR vann hann 22-9 og ÍR-ingar voru með 8 tapaða bolta og aðeins tvær körfur fyrstu 10 mínútur leiksins. KR-ingar náðu mest 23 stiga forskoti í öðrum leikhluta og voru í bílstjórastætinu út leikinn þótt ÍR-ingar hafi fundið baráttuandann í leikhléi.

Það er erfitt að taka einhvern út úr KR-liðinu í gær, allir leikmenn liðsins lögðu sitt af mörkum og sjö leikmenn skoruðu á bilinu 8 til 16 stig. Pálmi Freyr Sigurgeirsson var stigahæstur og hélt auk þess Eiríki Önnundarsyni í 4 stigum, Tyson Patterson stjórnaði spili liðsins af skynsemi og öryggi, Jeremiah Sola skilaði sínu og ungu strákarnir, Brynjar Þór Björnsson og Darri Hilmarsson, áttu frábæra innkomu af bekknum, skoruðu saman 23 stig og nýttu 9 af 12 skotum sínum.

Benedikt Guðmundsson, þjálfari KR var líka sáttur í leikslok. „Það reyndi virkilega á karakterinn í liðinu og að liðið þurfti að koma sterkara andlega til leiks. Við vorum í þannig stöðu að annaðhvort komum við svona og tókum þetta eða við vorum hættir í vetur. Ég var alltaf bjartsýnn á að við kæmum til baka,“ sagði Benedikt.

„Við komum öllum inn í leikinn, vorum að ógna allstaðar og fundum þetta jafnvægi í sókninni sem við höfum verið að leita að upp á síðkastið. Það vita allir að við erum að keppa við frábært lið sem getur unnið öll liðin í deildinni. Við þurfum að eiga okkar bestu leiki til þess að vinna ÍR. Staða þeirra í deildinni segir ekkert til um styrk liðsins og þetta er búið að vera eitt besta liðið síðustu tvo mánuði. Lykillinn hjá okkur er að eiga toppleiki annars fornum við ekkert framhjá svona góðu liði,“ sagði Benedikt.

ÍR-ingar virtust yfirspenntir og hræddir í upphafi leiks og létu ákveðna KR-inga valta yfir sig í



Í STÓRUM HLOTVERKUM KR-ingurinn Tyson Patterson skorar hér án þess að ÍR-ingurinn Keith Vassell komi vörnum við. FRÉTTABLAÐIÐ/DANIEL

upphafi leiks. Þeir jöfnuðu sig en þá var það orðið of seint.

„Við gáfum frá okkur leikinn í 1. leikhluta. Þeir komu ákveðnir og spiluðu góða vörn á okkur og við bökkuðum. Þeir unnu þennan leik á góðri vörn. Við vorum að berjast í seinni hálfleik en það er erfitt að koma til baka þegar þú ert kominn 24 stig undir,“ sagði Keith Vassell sem var í algjörum sérflokki í liði ÍR með 22 stig og 9 fráköst. „Við erum enn fullir sjálfs-

trausts og það hefur ekkert breyst. Þetta kemur til með að ráðast af því hvort liðið er tilbúið að berjast meira og einbeita sér að því að vinna leikinn. Bæði lið eru nú með bakið upp við vegginn; þeir þurfa að vinna af því að þeir eru að spila gegn liðinu í 7. sæti og við þurfum að vinna af því að við ætlum okkur að verða Íslandsmeistarar,“ sagði Keith eftir leikinn í gær.

ooj@frettabladid.is

ÚRSLIT GÆRDAGSINS

Iceland Express deild karla

ÍR-KR 78-87
Stig ÍR: Keith Vassell 22 (9 fráköst, hitti úr 13 af 16 vítum), Nate Brown 18 (10 stoðs.), Steinar Arason 13 (öll í seinni), Ómar Sævarsson 8 (7 fráköst), Hreggviður Magnússon 8, Sveinbjörn Claessen 4, Eiríkur Önnundarson 4, Fannar Freyr Helgason 1.
Stig KR: Pálmi Freyr Sigurgeirsson 16, Jeremiah Sola 15 (10 frák.), Tyson Patterson 14 (10 stoðs.), Darri Hilmarsson 13 (hitti úr 5 af 5 skotum), Brynjar Þór Björnsson 10, Edmund Azemi 9, Fannar Ólafsson 8 (15 mín, 5 villur), Skarphéðinn Ingason 2.

Staðan í einvíginu er 1-1.

KEFLAVÍK-SNÆFELL 89-103
Stig Keflavíkur: Sverrir Þór Sverrisson 24, Sebastian Hermanier 18, Gunnar Einarsson 14, Magnús Þór Gunnarsson 13, Þróstur Jóhannsson 10, Sigurður Sigurðsson 6, Halldór Halldórsson 2, Jón Norðdal Hafsteinsson 2.
Stig Snæfells: Sigurður Þorvaldsson 22, Justin Shouse 21, Hlynur Bæringsson 20, Jón Ólafur Jónsson 18, Magni Hafsteinsson 10, Helgi Reynir Guðmundsson 9, Martin Thuesen 3.
Snæfell vann einvígið 2-0.

DHL deild kvenna

GRÓTTA-ÍBV 24-16
Mörk Gróttu: Anna Úrsúla Guðmundsdóttir 9, Sandra Paegle 4, Eva Margrét Kristinsdóttir 4, Kristín Þórðardóttir 3, Natasa Damićanovic 2, Arníð María Erlingsdóttir 1, Tína Jökulsdóttir 1.
Mörk ÍBV: Renata Horvat 5, Pavla Plaminkova 4, Ingibjörg Jónsdóttir 4, Elísa Viðarsdóttir 2, Anna Halldórsdóttir 1.
AKUREYRI-FH 27-21
Mörk Akureyrar: Þórstína Sigurbjörnsdóttir 12, Guðrún Tryggvadóttir 5, Ester Óskarsdóttir 4, Auður Ómarsdóttir 3, Erla Tryggvadóttir 2, Lilja Þórisdóttir 1.
Mörk FH: Ragnheiður Guðmundsdóttir 8, Birna Helgadóttir 5, Andrea Olsen 3, Hildur Þorgeirsdóttir 2, Líney Guðmundsdóttir 1, Sigrún Gísladóttir 1, Anna Pálmadóttir 1.

STADAN:

STJARNAN	18	16	0	2	571-361	32
VALUR	19	13	2	4	508-443	28
GRÓTTA	19	13	2	4	485-420	28
HAUKAR	18	11	1	6	506-449	23
FRAM	18	7	3	8	407-445	17
HK	18	7	1	10	494-550	15
ÍBV	19	6	2	11	457-521	14
FH	19	2	2	15	429-538	6
AKUREYRI	18	1	1	16	358-488	3

Lengjubikar karla

KA-VÍKINGUR 0-3
 Jón Guðbrandsson 2 (1 viti), Grétar Sigfinnur Sigurðsson (viti).
BREIÐABLIK-ÍA 6-0
 Kristján Óli Sigurðsson 2, Nenad Zivanovic 2, Arnar Grétarsson (viti), Prince Rajcomar.
ÍBV-FRAM 2-0
 Bjarni Hólm Aðalsteinsson, Andri Ólafsson.
KEFLAVÍK-KR 1-4
 Hallgrímur Jónasson - Gunnlaugur Jónsson, Ingimundur Niels Óskarsson, Guðmundur Reynir Gunnarsson, Atli Jóhannsson.

Keflvíkingar eru komnir í sumarfrí í körfunni eftir 89-103 tap gegn Snæfelli í gær:

Snæfell fyrsta liðið inn í undanúrslitin

KÖRFUBOLTI Snæfellingar slógu Keflavík út úr átta liða úrslitum í úrslitakeppni Iceland Express deildar karla með 89-103 sigri í bráðskemmtilegum leik í Sláturhúsinu í Keflavík í gær. Snæfell vann því einvígið 2-0 og er fyrsta liðið sem kemst í undanúrslitin í ár.

Það varð strax ljóst í upphafi leiks að Snæfell ætlaði sér að selja sig dýrt og helst klára einvígið í Sláturhúsinu. Mikill hraði var í upphafi og skiptust liðin á að setja niður hverja þriggja stiga körfuna af fætur annarri. Keflvíkingar höfðu þó undirtökin í fyrsta leikhluta og leiddu 27-24, vel studdir af Joe Drummer og trommusveitinni. Áfram hélt sami hraði í öðrum leikhluta og ætluðu Keflvíkingar svo sannarlega að sanna sig fyrir sjálfum sér og öðrum að liðið væri ekki sprungið á limm-

inu. Snæfellingar jöfnuðu leikinn þegar leikhlutinn var hálfannur í 37-37 voru til alls líklegir. En heimamenn voru vel einbeittir og sýndu mikinn karakter á þessum kafla enda ekki ásætlanlegt að tapa á heimavelli svona snemma í úrslitakeppninni. Gestirnir áttu svo góðan sprett undir lok annars leikhluta og staðan því 46-50 í hálfleik.

Bæði lið voru vel meðvituð um mikilvægi leiksins í upphafi þriðja leikhluta og var baráttan allsráðandi hjá báðum liðum. Síðustu mínútur þriðja leikhluta voru eign Snæfellinga frá A-Ö. Liðið náði 14 stiga forskoti og leiddi 65-79 þegar síðasti leikhlutinn hófst. Það var ekki mínúta liðin af fjórða leikhluta þegar Keflavík var búið að minnka forskot gestanna í 9 stig og tók því Snæfell leikhlé hið snarasta. Þegar mínútur voru eftir af leiknum var



KOMNIR ÁFRAM Geof Kotila og lærisveinar hans í Snæfelli. VÍKURFRÉTTIR/JÓN BJÖRN

staðan 77-83 og spennan orðin allveruleg. Snæfell herti tókin á þessum kafla og náði 13 stiga forskoti, 80-93, þegar rúmar 3 mínútur voru eftir. Leikmenn Snæfells léku svo á alls oddi undir lokinn og tryggðu sér sigur gegn Keflavík 89-103.

Sigurður Þorvaldsson var sátt-

ur í leikslok. „Ég vissi vel að þetta yrði erfitt og sannkallað stríð. En ég hafði alveg eins á tilfinningunni að við myndum vinna 2-0 því Keflavík hafa verið í vandræðum með kana og meiðsli. Nú er bara að bíða og sjá hverja við fáum og við hlökkum bara til.“ -hp

SMS LEIKUR

SENDU SMS JA JA SMF Á NÚMERIÐ 1900 OG ÞÚ GÆTIR UNNIÐ MIÐA FYRIR TVO!

VIÐNINGAR ERU BÍÓMÍÐAR, DVD MIYNDIR OG MARGT FLEIRA

SAMBÍÐIN

Coca-Cola Zero

9. HVER VINNUR!

FRUMSÝND 16. MARS

300

Vinningar verða afhendir hjá BT Smáralind, Kópavogi. Með því að taka þáttu kemur þú SMS klubb 99 kr/skeytið.

EGILS PREMIUM OG MASTERCARD Í SAMVINNU VIÐ CONCERT KYNNA MEÐ STOLTI

STÓRTÓNLEIKAR Í HÖLLINNI MEÐ

JOSH GROBAN


ÁSAMT
SINFÓNÍUHLJÓMSVEIT
OG GOSPELKÓR
REYKJAVÍKUR

LAUGARDALSHÖLL
16. MAÍ 2007
MIÐASALA HEFST
29. MARS, KL. 10:00

MASTERCARD FORSALA
28. MARS, KL. 10:00



Go to www.joshgroban.com



KOMIN Í VERSLANIR



20% afsláttur af öllum viðburðum Concert ef greitt er með MasterCard á sérstökum MasterCard forsöludegi

Kynnið ykkur frekari tilboð og tónleikadagskrá Concert á vef tónlistarklúbbs MasterCard, www.kreditkort.is/ klubbar

**FORSALA AÐGÖNGUMÍÐA
Á WWW.MIDI.IS OG Í
VERSLUNUM SKÍFUNNAR**

Einnig í verslunum BT úti á landi og í Hafnarfirði





FIMM BIKARAR
Guðbjörg Sverrisdóttir með uppskeruna, fimm bikara.
FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Einstakt afrek 14 ára stúlku

Haukastúlkan Guðbjörg Sverrisdóttir er fyrsta alla íslenskra körfuboltamanna bikarmeistari í öllum fimm flokkunum sem keppt er í í bikarkeppni körfunnar.

KÖRFUBOLTI Kvinnastarfið í körfuboltanum í Haukum hefur verið frábært undanfarin ár og á dögnum urðu Haukar fyrstir til að vinna alla fimm bikartitlana sem keppt er um í kvennaflokki.

Ein stúlka úr Haukum skrifaði nafn sitt á spjöld sögunnar því hún spilaði með öllum fimm flokkum Hauka. Þetta er Guðbjörg Sverrisdóttir, 14 ára yngri systir Helenu Sverrisdóttur, fyrirlíða Íslands og bikarmeistaranna. Þetta einstaka afrek verður seint jafnað enda þarf margt að fara saman, sama félag verður að vinna alla bikara og að leikmaður í 9. flokki verður að vera það góður að hann komist í liðið í meistaraflokki félagsins.

„Þetta var þreytandi en ég hefði alveg geta spilað einn leik í viðbót,“ segir Guðbjörg sem þurfti að harka af sér seinni daginn eftir að hafa meidd illa á ökkla. „Það er mikil reynsla að fá að spila með þessum eldri stelpum. Ég reyni að gera mitt besta. Í eldri flokkunum er ég meira að spila á kantinum en í mínum flokki þá er ég leikstjórnandi,“ segir Guðbjörg. „Ég hef hæðina til að spila inni í teig

og boltatæknina til að spila leikstjórnanda þannig að ég ætla ekkert að stefna á að spila ákveðna stöðu. Ég finnst það langbest að fá að spila margar stöður og finnst best að vera ekki föst í ákveðnu hlutverki,“ segir Guðbjörg.

Guðbjörg jafnaði einnig árangur systur sinnar frá árinu 2002 þegar Helena Sverrisdóttir var einnig valin best í í bikarúrslitaleikjum 9. og 10. flokks. Guðbjörg var með 26 stig, 15 fráköst, og 7 stolna bolta á 22 mínútum í 55-23 sigri Hauka á Hamar/Selfoss í úrslitaleik 9. flokks og 36 stig, 12 fráköst, 11 stolna bolta og 4 varin skot í 62-57 sigri í framlengdum úrslitaleik 10. flokks gegn Hrunamönnum. Guðbjörg komst ekki á blað í leikjum stúlknaflokks og unglingsaflokks en var með 13 stig og 12 fráköst í sigri stúlknaflokksins í undanúrslitunum. Guðbjörg spilaði síðan í 4 mínútur í bikarúrslitaleik meistaraflokks.

Guðbjörg kemur úr mikilli körfuboltafjölskyldu og foreldrar hennar eru mjög virk í starfinu í Haukum. Þau mæta á alla leiki og styðja vel við bakið á krökkun-

um sínum. „Það er erfitt að æfa svona mikið en ég fæ alltaf mikla hjálp frá foreldrunum og nánustu vinum,“ segir Guðbjörg og hún segist enn fremur hafa verið mjög spennat að fá að spila með eldri systur sinni áður en hún færi út í háskólanám. „Ég var að reyna að komast í meistaraflokkinn í vetur þannig að ég gæti spilað með henni áður en hún færi út. Mér langar líka að fara út í skóla í Bandaríkjunum,“ segir Guðbjörg.

„Mig langar mest að bæta mig í vörninni og verða jafngóð og Pálína. Vörnin er aðalmálið,“ segir Guðbjörg sem hefur verið sett til höfuðs bestu leikmönnum andstæðinganna á þeim mínútum sem hún hefur fengið að spreya sig í meistaraflokknum í vetur.

Guðbjörg er ekkert hætt því framundan eru lokaúrslit Íslandsmótsins. Guðbjörg gæti þar bætt við nokkrum titlum en þó ekki nema fjórum af því að ekki er keppt á Íslandsmóti unglingsaflokks kvenna þar sem ekkert félag lagði í Haukana í vetur sem voru þeir einu sem skráuðu sig í mótið. ooj@frettabladid.is



Ágúst Björgvinsson: Fjölhæf og góð í vörninni

KÖRFUBOLTI Ágúst Björgvinsson þjálfar Guðbjörgu í þremur flokkanna, meistaraflokki, unglingsaflokki og stúlknaflokki. Ágúst hefur mikla trú á Guðbjörgu og hefur tekið hana inn í meistaraflokkinn í vetur.

„Hún er rosalega fjölhæf og hefur verið mjög dugleg undanfarin sumur,“ segir Ágúst. En hverjir eru helstu kostir hennar? „Hún er allhliða leikmaður og mjög góður varnarmaður. Hún skilur leikinn mjög vel bæði varnar- og sóknarlega. Á seinni árum hefur hún síðan verið að taka ennþá meiri ábyrgð á sig. Hún sýndi það þessa bikarhelgi að hún getur tekið virkilega af skarið,“ segir Ágúst sem hefur unnið mikið með systur hennar, Helenu Sverrisdóttur.

„Það er margt líkt og jafnframt margt ólíkt með þeim. Ég kynnist Helenu á mjög svipuðum aldri og hef ágætis samanburð. Þær voru báðar rosalega metnaðargjarnar á þessum aldri. Guðbjörg á eftir að verða stærri og á ekki eftir að verða alveg jafnmikill leikstjórnandi og Helena. Hún á eftir að verða mikill skorari og sterkur varnarmaður,“ segir Ágúst.

En það er ekki alltaf auðvelt að skara fram úr svona ung. „Helena hefur fengið mikla gagnrýni og fær mikla gagnrýni enn í dag. Hún fékk mikla gagnrýni á þessum aldri sem Guðbjörg er á núna. Gugga er þegar byrjuð að fá mikla gagnrýni og þar koma foreldrar þeirra tveggja inn því þau hafa hjálpað þeim mikið að vinna úr öllu álaginu sem er sett á þessar stelpur. Ég veit að það mun hjálpa Guðbjörg ótrúlega mikið að eiga skilningsríka og góða foreldra,“ segir Ágúst. - 66j

Störf hjá Norðuráli

Eftirfarandi störf eru laus til umsóknar hjá Norðuráli

Almenn störf á framleiðsluviði

Duglegir og samvirkusamir starfsmenn óskast á 12 og 8 tíma vaktir í kerskála, steypuskála og skautsmiðju. Störfin eru fjölbreytt og tækifæri gefast til að öðlast mikilvæga starfsþekkingu.

Jafnrétti

Við leggjum áherslu á jafna möguleika karla og kvenna til að starfa hjá Norðuráli.

Hvernig sækir þú um?

Umsóknir óskast fylltar út á www.hagvangur.is fyrir 26. mars næstkomandi.

Norðurál

Hjá okkur starfa nú um 400 manns að margvíslegum verkefnum. Norðurál framleiðir árlega 220.000 tonn af áli til útflutnings og unnið er að stækkun álversins sem felur í sér að framleiðslugetan verður aukin í 260.000 tonn á þessu ári.



Nánari upplýsingar

Nánari upplýsingar veita Ari Eyberg og Guðný Sævinsdóttir hjá Hagvangi í síma 520 4700.

Farið verður með umsókn þína og allar persónulegar upplýsingar sem trúnaðarmál.



pú sparar 1.056 kr/kg

**42%
afsláttur**



1.459 kr/kg. áður 2.515 kr/kg.
Íslandsfugl kjúklingabringur



2 fyrir 1
Freschetta Calzone

pú sparar 995 kr/kg

**50%
afsláttur**

995 kr/kg. áður 1.989 kr/kg.
Villikryddað lambalæri

**30%
afsláttur**

197 kr/stk. áður 281 kr/stk.
Emmess Lúxus Skafís

69 kr/stk.
Pepsi Max 2 ltr.

allt í matinn á einum stað

Birt með fyrirvara um prentvillur
Tilboðin gilda: 18. mars eða á meðan birgðir endast
www.netto.is

netto

Akureyri - Grindavík - Mjódd Reykjavík - Salahlverfi Kópavogi - Höfn

BENICIO DEL TORO

Benicio er fæddur og uppalinn í Puerto Rico en foreldrar hans störfuðu báðir sem lögfræðingar. Móðir hans dó þegar hann var níu ára og fjórum árum síðar flutti faðirinn með fjölskylduna til Pensylvaníu. Benicio fylgdi ráðum föður síns og fór í viðskiptanám en hætti því fljótlega og hóf nám í leiklist. Hann varð yngsti leikarinn til að leika vonða manninn í Bond-mynd, þá aðeins 21 eins árs. Leiklistarferill Benicio tók stórt stökk þegar hann lék í myndinni The Usual Suspect og árið 2000 hlaut hann Óskarinn fyrir leik í myndinni Traffic. Benicio leikur í myndinni 21 grams á Stöð 2 Bíó kl. 22.00.



VIÐ TÆKIÐ SÓLVEIG GÍSLADÓTTIR FYLGIST MEÐ DOCTOR 90210

Klíjúkenndur lýtalæknir

Sumir sjónvarpsþættir eru þannig að maður sogast inn í að horfa á þá þrátt fyrir megnumstúnd. Einn slíkur þáttur er Doctor 90210, raunveruleikaþáttur á sjónvarpsstöðinni E.

Þar er fylgst með lýtalækningum hins smjörkennda doktors Robert Rey og samstarfsfélögum í Hollywood sem lyfta, saga og sauma í ríka fólkið.

Doctor 90210 fjallar þó ekki aðeins um lífið á læknaströfnum heldur er einnig fylgst með fjölskylduhögum. Til dæmis fáum við að kynna eiginkonu doktors Rey, henni Hayley Rey, og börnum þeirra Sydney og Robby yngri. Hayley greyðir heima og gerir lítið annað en að horfa í spegil og bíða eftir að eiginmaðurinn sýni henni áhuga. Dóttirin sex ára þekkir allar merkjavörur og sonurinn er eins og snýttur út úr nösinni á pabba sínum.

Doktor Rey finnst hann sjálfur afar mikill sjarmör og

veltir sér upp úr útliti sínu og annarra. Það lýsir sér kannski best í fátíðlegu klíjúkenndum læknaþvingi hans sem er ermalaus, líklega til að sýna vel formaða upphandleggina sem hann þjálfar daglega bæði í vel útbúinni æfingaaðstöðu í villunni sinni og í tæ kvon do tímum, en Rey læknir er einarður aðdáandi allra bardagaþrótta.

Eitthvað dáleiðandi er við það að fylgjast með lýtalæknum þáttanna taka á móti misvitrum „ljóskum“ sem vilja annað hvort stærri brjóst, minni maga eða stinnari rass. Hvað er málið með fyrir/eftir myndir? Þær gripa mann í hvert sinn.

Þetta þýðir þó ekki að ég sé samþykkt slíku efni í sjónvarpi. Nokkuð viss um að þetta sé enn einn þátturinn sem yfir undir útlitsdýrkun og kenni fólki að ef þeim líki ekki nefið á sér sé ekkert mál að brjóta, breyta og bæta. Upp úr óskunni stendur svo fríðleiks prinsessa sem hefur læknað bæði á sál og líkama... Þangað til hún finnur eitthvað annað að sér.



dagskrá

EKKI MISSA AF



► 20.00 The Final Cut STÖÐ 2 BÍÓ



► 20.25 Cold Case STÖÐ 2



► 22.00 Doctor Dolittle 2 SIRKUS



► 22.30 Dexter SKJÁREINN



► 22.50 Sinnaskipti SJÓNVARPIÐ

SJÓNVARPIÐ

- 08.00 Morgunstunden okkar
- 08.01 Matti morgunn (5:26)
- 08.13 Hopp og hí Sessamí (44:52)
- 08.37 Friðþjófur forvitni (2:30)
- 09.00 Disneystundin
- 09.01 Suðandi stuð (6:21)
- 09.23 Sígildar teiknimyndir (27:42)
- 09.30 Herkúles (25:28)
- 09.54 Tobbi tvisvar (48:52)
- 10.20 Jón Ólafs
- 11.00 Spaugstofan
- 11.30 Formúla 1
- 14.00 Bikarkeppnin í blaki
- 15.30 Bikarkeppnin í blaki
- 17.00 Jörðin (6:6)
- 17.50 Táknálsfréttir
- 18.00 Stundin okkar (24:30)
- 18.30 Leirkarlinn með galdrahattinn
- 18.38 Óli Alexander filibomm bomm
- 19.00 Fréttir
- 19.30 Veður
- 19.35 Kastljós
- 20.10 Tónlist er lífið
- 20.40 Speer og hann (1:3) (Speer und er) Leikin þýsk heimildamynd í þremur þáttum frá 2005 um Albert Speer og hlutverk hans innan Þriðja ríkisins.
- 22.25 Helgarsportíð
- 22.50 Sinnaskipti
- 00.30 Kastljós
- 01.00 Útvarpsfréttir í dagskrárlök

BÍÓ STÖÐ 2 BÍÓ

- 06:00 The Final Cut
- 08:00 2001: A Space Travesty
- 10:00 First Daughter
- 12:00 The Haunted Mansion
- 14:00 2001: A Space Travesty
- 16:00 First Daughter
- 18:00 The Haunted Mansion
- 20:00 The Final Cut Vísindaskáldsaga sem gerist í framtíðinni, þegar yfirvöld hafa náð völdum yfir minni fólks. Aðalhlutverk: Robin Williams, Mira Sorvino.
- 22:00 21 Grams
- 00:00 Speed
- 02:00 The Last Minute
- 04:00 21 Grams



SIRKUS TV

- 16.00 Da Ali G Show (e)
- 16.30 Dirty Dancing
- 17.15 Trading Spouses (e)
- 18.00 Fashion Television (e)
- 18.30 Fréttir
- 19.10 KF Nörd Þættirnir um knattspyrnufélagið Nörd hafa slegið í gegn hér á landi sem annars staðar á Norðurlöndunum. Hversu mikilli færni geta Nördarnir náð upp í knattspyrnunni á örfáum mánuðum?
- 20.00 My Name Is Earl 2 - NÝTT (e) Earl snýr aftur. Önnur serían af einum vinsælustu gamanþáttum heims og er þessi myndin en þeir fyrri!
- 20.30 The Nine (e) Níu manns, allt ókunnugt fólk, eru teknir í gíslingu í banka einum. Þar er þeim haldið í 52 klukkustundir við erfiðar aðstæður. Þegar fólkíð losnar úr bankanum og fer að lífa lífi sínu finna þau að ekkert verður eins aftur. Á milli þessara níu persóna hafa nú myndast sterk bönd sem engin nema þær sem haldið var í bankanum skilja.
- 21.15 Smith (e) Bobby virðist á yfirborðinu vera venjulegur maður. Hann er með góða vinnu, kvæntur og býr í fallegu húsi í rólegu úthverfi. En það sem færir vita er að Bobby er einnig þjófur. Með aðalhlutverk fara Ray Liotta (Goodfellas), Virginia Madsen (Sideways) og Amy Smart (Starky and Hutch).
- 22.00 Doctor Dolittle 2 Sjálfstætt framhald um Daginn dýralækni og ævintýri hans. Aðalhlutverk: Eddie Murphy, Kristen Wilson, Raven-Symone. Leikstjóri: Steve Carr.
- 23.30 Janice Dickinson Modeling Age (e)
- 00.00 Dr. Vegas (e)
- 00.45 Sirkus Rvk (e)
- 01.45 Tónlistarmyndbönd frá Popp TV

SJÓNVARP NORÐURLANDS

12.15 Magasínþáttur – mannlíf og menning á Norðurlandi. Samantekt um umfjallanir vikunnar. Endursýnt á klukkutíma fresti til 10.15 á mánudag.

OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.

SKJÁREINN

- 11.30 Vörutorg
- 12.30 MotoGP - Hápunktar
- 13.30 Snocross (e)
- 14.00 Love, Inc. (e)
- 14.20 High School Reunion (e)
- 15.10 Skólahreysti (e)
- 16.10 Britain's Next Top Model (e)
- 17.00 Innlit / útlit (e)
- 18.00 The O.C. (e)
- 19.00 Rachael Ray (e)
- 19.45 Top Gear (5:9) Vinsælasti bílabáttur Bretlands, enda með vandaða og óháða gagnrýni um allt tengt bílum og öðrum öku-tækjum, skemmtilega dagskrárlíði og áhuga-verðar umfjallanir.
- 20.40 Psych (6:15) Bandarískir gamanþættir um mann með einstaka athyglisgáfu sem þykist vera skyggn og aðstoðar lögregluna við að leysa flókin sakamál.
- 21.30 Boston Legal (11:22) Bráðfyrndið lögræðidrama um skrautlega lögræðinga í Boston. Alan og Denny halda til New Orleans til að verja lækni sem er sakaður um líknardráp. Denise eignast nýjan aðdáanda og Clarence berst fyrir rétti sínum.
- 22.30 Dexter (5:12) Bandarísk þáttaröð sem slegið hefur í gegn vestan hafs. Dexter vinnur fyrir lögregluna í Miami við að rannsaka blóðslettur á daginn en á kvöldin er hann kaldrifaður morðingi. Hann drepur bara þá sem eiga það skilið. Mögnuð þáttaröð sem er byggð á metsölubókinni Dagfarsprúði morðinginn Dexter eftir Jeff Lyndsay.
- 23.20 C.S.I. (e)
- 00.10 Heroes (e)
- 01.10 Jericho (e)
- 02.00 Vörutorg

SKJÁR SPORT

- 11.30 Að leikslokum (e)
- 12.30 Líðið mitt
- 13.25 Aston Villa - Liverpool (beint)
- 15.50 Everton - Arsenal (beint)
- 18.00 Ítölsku mörkin (e)
- 19.25 Fiorentina - Roma (beint)
- 21.30 Everton - Arsenal (frá 18. mars)
- 23.30 Reading - Portsmouth (frá 17. mars)
- 01.30 Dagskrárlök

TILBOÐ Á TRÉSMÍÐAVÉLUM *MiniMax*

S 45 Bandsög

Verð áður: 231.900
Verð nú: 194.593



Rennibekkur T 124

Verð áður: 225.345
Verð nú: 159.360
Með copy unit: 225.345



C26sambyggð trésmíðavél

Basic útgáfa Verð áður: 404.625 Verð nú: 343.620
Deluxe útgáfa Verð áður: 466.875 Verð nú: 397.155

Sög fræsari og hefill
Hallanlegt sagarblað
3 x 2hp mótórar
Eins fasa/þriggja fasa

Öll verð eru með vsk

10% afsláttur af
öllum öðrum
Minimax vélum.

Eigum mikið úrval
af nýjum og
notuðum vélum
á lager

IDN VÉLAR

-Hvaleyrarbraut 20 - S: 414 2700- www.idnvelar.is

Í KVÖLD

STÖÐ 2 KL. 19.50

Sjálfstætt fólk

Viðmælandi Jóns Ársæls Þórðarsonar í Sjálfstæðu fólki er tónskáldið og andófsmaðurinn Elías Davíðsson. Elías á sér merkilega sögu. Foreldrar hans flúðu undan nasistum í Þýskalandi til Palestínu þar sem þau tóku þátt í uppbyggingu hins nýja ríkis. Elías var undrabarn og farinn að semja fyrir helstu tónskáld samtímans þegar hann var fimm ára gamall. Hann flosnaði upp úr skóla og eftir mikinn þvæling kom hann við á Íslandi en þá var hann á leið að hitta föður sinn í New York. Hann féll fyrir landi og þjóð og fékk hér vinnu og settist að. Hann varð einn fyrsti maðurinn hér á landi sem vann við tölvur en í dag semur hann aðallega tónlist fyrir börn og þá sem eru að hefja tónlistarnám. Þrátt fyrir að vera gyðingur er hann mjög gagnrýnninn á yfirvöld í Ísrael og hefur einnig verið gagnrýnninn á Íslensk stjórnvöld og meðal annars kært Davíð Oddsson og Halldór Ásgrímsson fyrir stríðsglæpi. Elías ræðir við Jón Ársæl um margbrotna fortíð sína og sterkar skoðanir sínar á vandanum í Mið-Austurlöndum.



VIÐ MÆLUM MED TÓNLIST ER LÍFIÐ SJÓNVARPIÐ KL. 20.10

Þáttaröð um íslenskt tónlistarlíf. Í þessum þætti er Eivöru Pálsdóttur söngkonu fylgt eftir hér heima og í Færeyjum og Bjarni Thor Kristinsson bassasöngvari segir frá sjálfum sér og vinnunni í bland við djúpan söng. Framleiðandi er Lífsmynd ehf. undir stjórn Valdimars Leifssonar en umsjón hefur Ari Trausti Guðmundsson. Þátturinn er textaður á síðu 888 í Textavarpinu.



RÁS 1 FM 92,4/93,5

08.00 Fréttir	08.05 Morgunandakt	08.15 Tónlist á sunnudagsmorgni	09.00 Fréttir	17.00 Síðdegi skógarþúkanna
09.03 Lóðrétt eða lárétt	10.00 Fréttir	10.05 Veðurfregnir	10.15 Háfa skáldin áhrif?	18.00 Kvöldfréttir
11.00 Guðsþjónusta í Áskirkju	12.00 Hádegisútlarp	12.20 Hádegisfréttir	12.45 Veðurfregnir	18.25 Auglýsingar
13.00 Útvarpsleikhúsið	13.40 Sunnudagskonsert	14.10 Söngvamá	15.00 Sögumenn	18.26 Seiður og héglog
16.00 Fréttir	16.08 Veðurfregnir	16.10 Vísindamaður á tali		18.52 Dánarfregnir og auglýsingar
				19.00 Afsprengi
				19.50 Óskastundin
				20.35 Sagnaslóð
				21.15 Laufskálinn
				21.55 Orð kvöldsins
				22.00 Fréttir
				22.10 Veðurfregnir
				22.15 Til allra átta
				23.00 Andrarímu
				00.00 Fréttir
				00.10 Útvarpað á samtengdum rásum til morguns

FM 90,9 Talstöðin FM 99,4 Útlarp Saga FM 98,9 Bylgjan FM 95,7 FM957 / Topp tónlistarstöðin FM 102,2 Útlarp Latibær / Fjölskyldu útlarp FM 102,9 Lindin / Kristilegt efni FM 96,7 Létt Bylgjan / Tónlist og afþreying FM 105,5 Útlarp Boðun / Kristilegt efni FM 88,5 XA-Radíó / 12 spora efni FM 97,7 X-ið / Enginn viðbjóður

SYN

08.00 Sporðaköst II (Viðidalsá) Skemmtilegir veiðipættir þar sem rennt er fyrir fisk víða um land. Umsjónarmaður er Eggert Skúlason en dagskrárgerð annaðist Börkur Bragi Baldvinsson.

08.30 Spænski boltinn (Recreativo - Barcelona)

10.10 Barrera vs Juan Marquez

11.20 Coca Cola deildin (W.B.A. - Birmingham)

13.20 PGA Tour 2007 Bein útsending (Arnold Palmer Invitational)

15.20 Meistaradeild Evrópu - fréttaþáttur

15.50 Spænski boltinn (Real Zaragoza - Atl. Madrid) Bein útsending.

17.50 Spænski boltinn (Real Madrid - Gimnastic) Bein útsending.

19.50 PGA Tour 2007 Bein útsending

22.00 Coca Cola deildin (W.B.A. - Birmingham)

23.40 Spænski boltinn (Real Madrid - Gimnastic)

FASTEIGNASJÓNVARPIÐ

20.00 Nýjar eignir - nýjustu eignir á markaðnum sýndar

21.00 Einbýlishús - Ertu að leita að einbýlishúsi - þú finnur það hér!

22.00 Fjölbýli og hæðir - Litlar og meðalstórar eignir sýndar

23.00 Nýjar eignir e.

0.00 SMS eignir - veldu þá eign sem þú vilt skoða með því að senda SMS-skilaboð

DR 1

6.30 Mickeys klubbhúsið 6.55 Den lille røde traktor 7.05 Fandango 7.30 Lille Nerd 8.00 SportsNörd 8.30 Øreflip 9.00 Danni 9.30 Hannah Montana 9.55 Bernard 10.00 Mission integration 10.30 Arbejdsliv - find et job! 11.00 TV Avisen 11.10 Boxen 11.25 OBS 11.30 SKUM TV 11.45 Flemmings Helte 12.00 SPAM 12.15 Boogie Listen Countdown 12.30 Hjerteflimmer 13.00 Gudstjeneste i DR Kirken 13.45 Verdens sejeste dansker 14.15 Dig og mig 14.45 Håndbold Champion League: Slagelse - Krim 16.30 Sigurds Bjørnetime 17.00 Familien Knurhår 17.30 TV Avisen med Sport og Vejret 18.10 Landsbyhospitalet 19.00 Forestillingen 20.00 21 Søndag 20.40 Søndagssporten med SAS liga 21.05 Dejans rejse - i krigens spor 21.40 OBS 21.45 Young Adam 23.20 Møde med

NK1

6.30 Stá opp! 6.40 Teddy og Annie 6.55 Kalle og Molo 7.15 Bravo Bibbi! 7.35 Disneytímen 8.30 NRKs sportssending 8.40 V-cup alþing 9.20 V-cup kombinert 10.20 V-cup skiskýting 10.40 V-cup kombinert 11.15 V-cup alþing 11.40 V-cup skiskýting 12.45 Sport í dag 13.50 V-cup hopp 14.30 Ungdomsstaftett í Holmenkollen 15.15 Sport í dag 16.30 Apen himmel 17.00 Pippi Langstrømpe 17.30 Newton 18.00 Söndagsrevyen 18.45 Sportsrevyen 19.15 Der ingen skulle tru at nokon kunne bu 19.45 Et iskaldt kapplöp 20.35 Charlie's Angels 22.10 Kveldsnytt 22.25 Dok1: Menn grátr ikke 23.15 Nytt på nytt 23.45 Ingen grunn til begeistring

SVT 1

7.00 BoliBompa 7.01 Smá Einsteins 7.25 Pingi 7.35 The boy 8.00 Manáid-tv 8.15 24 Direkt. Socialdemokratens ekstrakongress 9.25 Skidskytte: Världscupen 10.25 Alþing: Världscupen i Lenzerheide 11.15 Alþing: Världscupen i Lenzerheide 11.30 Alþing: Världscupen i Lenzerheide 12.25 Hur man fejkar ett dansband 12.55 Stína! 13.55 Keith on the road 14.25 Extra 14.50 Born Wild 14.55 Världen 15.55 När gräsrotterna tar över 16.25 Skolfront 16.55 Anslagstavlán 17.00 Pippi Langstrump 17.30 Wild Kids 18.30 Rapport 19.00 Playa del Sol 19.30 Sportspegeln 20.15 Agenda 21.10 Veterantv 21.40 Vetenskap - människan 2.0 22.10 Rapport 22.20 Utiset valextra 22.35 Höök 23.35 Brottskod: Försvunnen

ego dekor BÆJARLIND 12 - S: 544 4420

Nýjar vörur frá



Vegghengdur skenkur Stærð: 183x42xH:62 Háglans hvítt - tekk Verð: 98.000,-

Stækkanlegt borð Stærð: 160(208)x90 Tekk Verð: 76.000,-

Vegghengdur skenkur

Stærð: 183x42xH:62 Sprautað svart gler - eik Einnig fánlegur í stærð: 123x42xH: 62 243x42xH: 62 Verð: 98.000,-



Skápasamstæða

Stærð: 305x57xH:202 Háglans hvítt - tekk Einnig fánleg: Sprautað svart gler - vengi Sprautað svart gler - eik Verð: 244.000,-



Madrid leðtungusófi

Stærð: 305x210 Einnig fánlegur í svörtu leðri Verð: 238.000,-



Romeo leðtungusófi

Stærð: 320x165 Einnig fánlegur í svörtu leðri Verð: 222.000,-



Skápasamstæða

Stærð: 305x57xH:190 Sprautað svart gler - eik Verð: 255.000,-

Hvítuð eikarlína



Stækkanlegt borð stærð: 160(248)x100 Einnig fánleg í stærð: 200(288)x110 140(230)x140 Verð frá: 116.000,-

Leðurstóll Paris Verð: 17.500,-

Borðstofuborð og 6 stólar saman Verð: 198.900,-

Borðstofuborð og 6 leðurstólar saman stærð: 180x100 Verð áður: 183.800,- Tilboðsverð: 137.850,-

-25%



Borðstofuskenkur 180x45xH:125 Verð: 118.000,-



Skenkur 150x40xH:90 Verð: 79.000,-

Opið: mán-fös 10:00-18:00 - lau 10:00-16:00 - sun 13:00-16:00



„Ég lærði að maður þarf ekkert að taka neitt ef maður tilheyrir yfirstétt á Íslandi, þarf ekki að sinna kvaðningu um að mæta sem vitni í sakamáli. Hvað þá að gefin sé út handtökuskipan á viðkomandi lögum samkvæmt. Nú ætla ég að gerast yfirstétt.“

Ambrúður Karlsdóttir útvarpsstjóri

HIN HLIÐIN HUGI GARDARSSON SÖNGVARI WULFGANG

Reitti andlegan leiðbeinanda til reiði

Hvað er að fréttu?

Að ég skora á ríkið, banka og menningarsjóði að styrkja tónleikaferð Wulfgang til Kína í maí.

Augnlitur:

Grænn, grár og brúnn. Hálf-gert drullumall.

Starf:

Markaðsráðgjafi.

Fjölskylduhagur:

„Single & I want to Mingle“

Hvaðan ertu?

Reykjavík.

Ertu hjátrúarfullur?

Nei, aldrei... 7,9,13.

Upphaldssjónvarpsþátturinn:

Dexter, syngur mína sálma.

Upphaldsmatur:

Haggis.

Fallegasti staður:

Breiðholtið.

iPod eða geislaspilari:

Geislaspilari.

Hvað er skemmtilegast?

Að sjá hugmyndir verða að veruleika.

Hvað er leiðinlegast?

Uppvask, biðraðir og kartöfluskral.

Helsti veikleiki:

Afneitun.

Helsti kostur:

Tungulipurð

Helsta afrek:

Að hafa reitt andlegan leiðbeinanda á sjálfstjórnarnámskeiði til reiði á innan við 5 mínútum.

Mestu vonbrigðin:

Að hafa hætt á námskeiðinu.

Hver er draumurinn?

Hef ekki hitt hann.

Hver er fyndnastur/fyndnust?

Böðvar Bergsson & Ingi Fróði Helgason.

Hvað fer mest í taugarnar á þér?

Ákveðin pólitík-usar.

Hvað er mikilvægast?

Þegar rokkið kallar, verður maður að svara.



FRÉTTIR AF FÓLKI

Sigríður Arnardóttir er farin frá míkrafóninum á Bylgjunni. Eftir að Ísland í bitíð fluttist frá sjónvarpi yfir í útvarp þótti mönnum alltaf ljóst að skjárin heillaði Sírýr meir en gluggalaust upptökuver í Skaftahlíðinni. Nú er örlagastundin runnin upp því Sírýr hefur sagt skilið við **Heimi Karlsson** sem þarf þó ekki að örvaenta því sjálf **Kolbrún Björnsdóttir**, oftast kennd við Djúpu laugina, hefur verið ráðin í staðinn.



Útkoma sjónvarpsstöðvarinnar Sírkus í síðustu könnun Capacent olli stjórnendum 365 miklu hugarangri enda fór áhorfið á stöðin lóðrétt niður. Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins hyggjast forráðarmenn fjölmiðlafyrirtæksins nú grípa til þess ráðs að rugla dagskrá stöðvarinnar. Jafnframt er talið að fljótlega verði hefðbundinni dagskrá kippt út og að stöðin verði notuð sem varadeik fyrir dagskrá Stöðvar 2, verði hálfgerð Stöð 2 ++. Ekki er langt síðan að **Freyr Einarsson**, fyrrverandi ritstjóri DV, var ráðinn dagskrárstjóri en ekki liggur fyrir hvert hans hlutverk verður þegar Sírkus hættir að vera til sem sjálfstæð stöð.

-fgg



VILHJÁLMUR Þ. VILHJÁLMSSON: SYNGUR MEÐ RAGGA BJARNA

Mun aldrei skorast undan

„Það er alltaf góð tilfinning að vera við hliðina á Ragga Bjarna. Hann er svo hress og kátur og bjartsýnn og það er svo mikil gleði og birta yfir karlinum,“ segir Vilhjálmur Þ. Vilhjálmsson borgarstjóri um vin sinn til tuttugu ára og núverandi söngfélaga.

Þeir félagar hafa vakið mikla athygli síðan þeir byrjuðu að troða upp saman á hjúkrunarheimilum og félagsmiðstöðvum í Reykjavík. Þeir hafa sungið á styrktartónleikum í Grafarvogskirkju fyrir framán átta hundruð manns, auk þess sem þeir vöktu mikla lukku á stórtónleikum í Háskólabíói á dögnum. Sat Vilhjálmur þá á fremsta bekk þegar Raggi skoraði á hann að stíga á svið og taka lagið með sér og hinni berfættu Eivöru Pálsdóttur. Sungu þau í tvígang slagarann „Vertu ekki að horfa svona alltaf á mig“ og fóru meðal annars út í sal til áheyrenda. Áttu þau ekki í vandræðum með að bæta stemninguna, sem var þó mikil fyrir.

„Ég varð við áskorun Ragga. Við höfum tekið þetta lag saman nokkuð oft þannig að ég hafði ekkert fyrir því að syngja það,“ segir Vilhjálmur. Undirleikari var útvarpsmaðurinn geðþekki Þorgeir Ástvaldsson.

Raggi Bjarna ber Vilhjálmur jafnframt vel söguna og minnst þess sérstaklega er þeir sungu saman í sextugsafmæli Vilhjálmis. Hann segir að

RAGGI BJARNA Skoraði á Vilhjálmur á tónleikum á dögnum.



VILHJÁLMUR Þ. VILHJÁLMSSON Borgarstjórinn hefur alltaf haft mjög gaman af söng.

borgarstjórinn sé þrælógður söngvari. „Hann er ekki vanur að syngja mikið en hann yrði ágætis söngvari ef hann gefði sér tíma í það því hann er lagviss maður,“ segir Raggi.

Auk „Vertu ekki að horfa svona alltaf á mig“ hafa verið á efnisskrá þeirra lög á borð við Játning, Komdu í kvöld og Suður um höfin. Má því segja að Vilhjálmur sé kominn með töluverða reynslu úr skemmtanabransanum. „Ég söng í gamla daga í Verslunarskólakórnum og hef alltaf haft mjög gaman af söng. Mér finnst mjög

viðeigandi þegar ég er í kirkju að syngja með. Ég hlusta líka töluvert á nútímatónlist og sumum finnst það sérkennilegt að sextugur maður þekki þessi lög. Ég hef gaman af fallettri og svona þægilegri og lýfískri tónlist með góðum melóðium. Eins og lagið sem Eiríkur brúni, eða rauði, ég veit ekki alveg hvort það er, syngur,“ segir hann í léttum dúr og vísar þar í breyttan háralit Eiríks Haukssonar í nýju myndbandi við Eurovision-lagið „Ég les í lófa þínum.“ Hefur Vilhjálmur fulla trú á að lagið nái langt í Helsingi í vor. „Ég held að það venjist mjög vel. Það er góður taktur í því. Það var svolítið „irriterandi“ fyrst en þegar maður heyrir það oftast er það miklu aðgengilegra. Það er finn stígangi í laginu.“

Vilhjálmur ætlar sér ekki að skorast undan ef Raggi óskar aftur eftir kröftum hans á tónleikum svipuðum þeim í Háskólabíói: „Ég mun aldrei bregðast Ragga ef hann kallar á mig.“

freyr@frettabladid.is

FRÉTTIR AF FÓLKI

Ívar Örn Kolbeinsson, þekktur undir nafninu Dr. Mister, hefur gengið í endurnýjun lífdaga í kóngsins Kaupmannahöfn. Kappinn hefur opnað nýja My Space síðu þar sem netverjar geta fengið að hlusta á brot úr nýjum tónsmíðum kappans. Ívar nýtur líðsinnis nokkurra þungavigtarkappa úr íslensku tónlistarlífi og nægir þar að nefna bræðurna **Kristín og Gunnlaug Júníussyni** úr Vinyl og **Egil Tómasson**. Erfiðlega gengur hins vegar að ná í Ívar og eru hljómsveitarmeðlimirnir búnir að slá skjaldborg um kappann og verjast allra fréttu.

Og útvarpsstöðin Bylgjan hefur orðið fyrir miklu mannfalli því **Gunnlaugur Helgason** hefur sagt upp störfum. Gulli Helga hefur um árabil verið

ein af stöðum útvarpsstöðvarinnar en hyggst reyna fyrir sér á nýjum vettvangi. Góður vinur og fyrrverandi samstarfsfélagi útvarpsmannsins, **Jón Axel Ólafsson**, sparaði ekki stóru orðin þegar hann greindi frá þessu á vefsíðu sinni og sagði að þarna væri horfinn á braut sá besti í bransanum. Þetta er ekki í fyrsta skipti sem Jón Axel hællir fyrrum samstarfsmönnum sínum því honum hefur verið tíðrætt um ágæti og kynþokka **Steingrims Sævarrs Ólafssonar** að ógleymdum lofræðunum um **Sigurð G. Guðjónsson**, fyrrverandi forstjóra Norður-ljósa.

-fgg

Jude Law kemur í næstu viku

Jude Law kemur til landsins um næstu helgi. Þetta hefur Fréttablaðið eftir áreiðanlegum heimildum. Hann hefur þegar pantað sér herbergi á 101 hótél þar sem hann dvaldi síðast og hyggst skoða næturlífið aðeins betur en þá og jafnvel einnig fara út á land. Samkvæmt upplýsingum Fréttablaðsins mun leikarinn dveljast hér í nokkra daga enda hefur hann gjörsamlega fallið fyrir landi og þjóð.

Eins og Fréttablaðið greindi frá hefur þessi ferð Law staðið til um þó nokkurn tíma og ætlar breski sjármörinn að skilja börn-

JUDE LAW Hefur þegar pantað sér herbergi á 101 hótél þar sem hann hyggst dveljast í nokkra daga.

in sín þrjú eftir heima en tekur þess í stað nokkra góðvini með sér. Ekki hefur fengið uppgefið hvort þá séu einhverjir þungavigtarmenn úr bresku skemmtanálífi en samkvæmt upplýsingum Fréttablaðsins er ekki loku skotið fyrir að leikarar á borð við Ewan McGregor og Johnny Lee Miller slæðist með.

Ef marka má fréttir erlendu slúðurpressunnar þá gæti allt eins verið að Law fetaði í fótspor Leonardos DiCaprio og tæki með sér nýju kærustuna sem er samkvæmt nýjustu fréttum glamúrgellan Lindsay Lohan. Ástamál Law hafa lengi verið á milli tannanna hjá gulu pressunni og er

skemmst að minnast stormasams sambands leikarans og Sienna Miller.

Law var hér á landi fyrir tæpum mánuði og var það í þriðja sinn sem hann heimsækir Ísland. Honum tókst að láta lítið fyrir sér fara en skelli sér meðal annars í sund og á skauta í Laugadalnum og reið út með Íshestum í Hafnarfirði ásamt krökkunum sínum. Þá fór fjölskyldan í skoðunarferð um Latabæ.-fgg

LINDSAY LOHAN Ef marka má fréttir bandarískra fjölmiðla eru Jude Law og Lohan nýjasta parið í Hollywood.

KVIKMYNDAKLUBBURINN

FJALA KÖTTURINN

SUNNUDAGUR 18. MARS

TJARNARBIÓI SKRÁNING

FILMFEST.IS STENDURYFIR



LOKADAGUR

LAGERSÖLUNNAR HOLTAGÖRÐUM (SJÁ KORT)

ALLT Á 50-90% AFSLÆTTI
NÚ ER HÆGT AÐ PRÚTTA...

ÚTLITSGALLAÐAR VÖRUR OG SÝNISHORN ÚR VERSLUN
EINNIG MIKIÐ ÚRVAL AF VÖRUM SEM ERU AÐ HÆTTA Í SÖLU

ÓPIÐ: SUNNUDAG KL. 12-16

TEKK
COMPANY

Sími 564 4400 | Fax 564 4435 | TEKK@TEKK.IS



BAKÞANKAR

DAVÍÐS ÞÓRS JÓNSSONAR

Fagri Hafnarfjörður?

Senn taka Hafnfirðingar afdrifa-Sríkustu ákvörðunina sem tekin hefur verið um framtíð bæjarins síðan Hansakaupmenn réðu þar ríkjum. Spurt er hvort bæjarbúar vilji að stærsta álbræðsla Evrópu rísi í hjarta Hafnarfjarðar.

Í raun er undarlegt að spyrja þurfi að að þessu. Ef af fyrirhugaðri stækkun verður mun álverið í Straumsvík nefnilega ausa um 70 tonnum af svifryki á ári yfir íbúabyggð í bænum. Losun gróðurhúsalofttegunda mun rúmlega tvöfaldast og fyrirhuguðu útivistarsvæði verður fórnað undir stærstu línumannvirki á Íslandi með 36 metra háum möstrum. Dettur einhverjum virkilega í hug að það sé hagur Hafnarfjarðar?

ÞAÐ hefur verið dapurlegt að sjá hvernig útlenskir auðkífingar með fulla vasa fjár og íslenskt leigubý þeirra hafa dembt bláköldum lygum og hræðsluáróðri yfir Hafnfirðinga til að fá þá til að makka rétt og lúta hagsmunum fyrirtækisins. Sýndar eru fallegar myndir af ímynduðu álveri þar sem „óvart“ vantar allar raflínur, skorsteina jafnháa Hallgrímskirkju og ýmislegt annað sem þarf til að álbræðslan yrði starfhæf. Jafnvel eru sýndar myndir af litlu álveri í Noregi sem er jafnlíkt fyrirhugaðri stóriðju í Straumsvík og lambasparð er fjóshaugi. Af hverju ætti sá sem hefur sannleikann sín megin að ljúga?

SAGT er að verði stækkunin ekki samþykkt verði álverinu lokað því núverandi stærð sé svo óhagkvæm í rekstri. Hún er þó ekki óhagkvæmari en svo að aðeins þrjú þeirra 22 álvera sem ALCAN starfrækir nú eru stærri. Af hverju ætti álverið í Straumsvík að vera lagt niður? Af því að það er svo þreytandi að græða bara fjóra milljarða á því á hverju ári? Enginn hefur nefnt að loka eigi einhverju hinna álveranna.

OG þótt lokað yrði, bættur sé skaðinn. Nýlega misstu um 600 manns vinnuna við brotthvarf Bandaríkjahears. Samt lagðist byggð á Suðurnesjum ekki af eins og hótad hafði verið. Íslenskt atvinnulíf þyrstir í vinnuafli. Vinnufær Íslendingur er ekki vandamál, hann er tækifæri. Það er ALCAN sem þarf Hafnarfjörð, ekki öfugt – sama hve mörg hundruð milljónum fyrirtækið ver til þeirrar blekkingar.

LÁTUM ekki ljúga vitið úr hausnum á okkur. Látum ekki stjórnast af innihaldslausum hótunum og hræða okkur til undirgefni.

SELJUM ekki erlendum auðhring Hafnarfjörð barna okkar.

www.icelandexpress.is

Við erum himinlifandi!



Takk fyrir okkur!

» Iceland Express hlaut hvatningarverðlaun þegar Bylgjan og Neytenda-samtökin veittu Neytendaverðlaunin 2007 í tilefni af alþjóðadegi neytendaréttar þann 15. mars.

Um 7.000 neytendur tóku þátt í netkosningu og völdu Iceland Express umfram önnur fyrirtæki í flugsamgöngum með afgerandi hætti.

Við erum afar þakklát fyrir þessa viðurkenningu og lítum á hana sem hvatningu til að gera ferðalög farþega okkar enn ánægjulegri.



FLORA/SIA

Iceland Express, Grímsbæ, Efstalandi 26, sími 5 500 600

» www.icelandexpress.is



SHARP XL-MP2H

Geislaspillari, útlarp og kassettutækni - Spilar MP3/WMA, CD-R/RW - Fyrirferðalítil og smekklega hönnuð stæða - Magnari: 2 x 5W RMS - AM/FM útlarp með RDS - Vekjaraklukka - Tónjafnari - Einföld og þægileg fjarstýring



Kr. 12.900

SHARP XL-UH220H

5 diska geislaspillari - Spilar MP3, CD-R/RW - Magnari: 2 x 50W RMS - USB tengi - spilar tónlist beint af minnskubbum, MP3 spilarum o.fl. - AM/FM útlarp með RDS og 40 stöðva minni - Vekjaraklukka - 6 tónjafnarastillingar og X-BASS kerfi - Fullkomin fjarstýring



Kr. 35.900

Jamo S250 HCS 21

Hágæða hljómtækjastæða og DVD spilara með 2 hátöflum og bassaboxi - FM/AM útlarp með RDS - Stýbur PAL/NTSC - Progressive Scan - Stýbur Dolby Digital, DTS, ProLogic o.fl. - USB tengi og Aux-ingangur f. MP3 og ljósmýndir - Magnari: 2 x 65W rated - Kraftmikil bassabox með innb. 200W magnara

Kr. 54.900

Fermingargjöf frá Ormsson hljómar vel.

ORMSSON

ELLEFU VERSLANIR OG UMBODSMENN UM LAND ALLT
WWW.ORMSSON.IS